GÓÐHJARTAÐUR GRALLARI

Ilmur Kristjánsdóttir hefur unnið hvern leiksigurinn á fætur öðrum frá því hún útskrifaðist úr leiklistarskóla. Samt hefur Ilmur alltaf eitthvað í bakhöndinni.

22

JÓLAGLEÐI Í STRESSINU

Gríðarlegt álag er á starfsfólki í þjónustu og verslun í desembermánuði. Fréttablaðið ræddi við nokkra starfsmenn sem staðið hafa vaktina í desember.

24

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. desember 2007 — 349. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Heiðursorður í Rússlandi

Myndlistarmaðurinn Jón Óskar var í hópi sex Íslendinga sem voru sæmdir orðum í Rússlandi á dögunum.

FÓLK 42

Fjölskyldur fá orðabækur

Rotary Reykjavík International gaf tíu kólumbískum fjölskyldum spænskenskar orðabækur.

TÍMAMÓT 18

Ívar á skotskónum

Ívar Ingimarsson skoraði fyrra mark Reading sem sigraði Sunderland í gær, 2-1. Arsenal lagði Tottenham og hefur fjögurra stiga forskot á toppnum.

ÍÞRÓTTIR 36

SPORT

Boltinn yfir hátíðarnar

Íslenskir atvinnumenn á Bretlandseyjum upplifa öðruvísi jól en flestir aðrir.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR sunnan og suðaustanlands í fyrstu en lægir um mest allt land síðdegis, þó áfram stormur suðaustanlands. Hiti við frostmark og él.

VEÐUR 4



Enginn starfsmaður hefur fengið greitt

Starfsmenn Jarðvéla hafa enn ekki fengið laun sem þeim voru lofuð um miðjan mánuð. Jarðvélar hafa sagt sig frá verki við tvöföldun Reykjanesbrautar vegna fjárhagserfiðleika. Trúnaðarmaður býst ekki við greiðslum fyrr en við þrotaskipti.

VINNUMARKAÐUR Fjöldi núverandi og fyrrverandi starfsmanna Jarðvéla fær engin laun fyrir jól, þrátt fyrir loforð þess efnis frá forsvarsmönnum fyrirtækisins. Óvissa ríkir meðal þeirra fáu sem enn starfa hjá fyrirtækinu eftir að félagið sagði sig í gær frá verki við tvöföldun Reykjanesbrautar. Þeir vita ekki hvort þeir hafa misst vinnuna eða ekki.

Að sögn Ágústs Þorlákssonar hjá verkalýðsfélaginu Eflingu hefur Efling nú með höndum mál rúmlega tuttugu starfsmanna sem ekki hafa fengið laun sem þeim ber. Hann segir sérstakt að einungis þrír erlendir starfsmenn Jarðvéla hafa leitað til félagsins vegna málsins. „Þeir eru bara smeykir," segir Sigurjón Ingi Gíslason, trúnaðarmaður starfsmanna, sem segir útlendingunum hafa verið hótað uppsögnum yrðu þeir með múður.

> Ég trúði heldur aldrei þessum yfirlýsingum
>
> **SIGURJÓN INGI GÍSLASON**
> TRÚNAÐARMAÐUR STARFSMANNA

Afar tæpt stóð að pólskur starfsmaður kæmist til fjölskyldu sinnar í Póllandi fyrir jól vegna þess að hann átti ekki fyrir flugmiðanum. Það tókst þó að lokum, og er von á honum aftur til landsins í janúar. Hann hyggst þá leita sér að annarri vinnu.

Í Fréttablaðinu 12. desember sagði Vilhjálmur Vilhjálmsson, verkefnisstjóri hjá Jarðvélum, að vangoldin laun yrðu greidd út „á næstu dögum". Enginn yrði svangur um jólin. Síðan þá hefur ekkert gerst, að sögn Sigurjóns. „Ég trúði heldur aldrei þessum yfirlýsingum," segir hann. Sigurjón er einn fárra sem enn starfa hjá fyrirtækinu, þótt hann sé raunar hættur að mæta til vinnu.

Sigurjón segir menn ekki reikna með neinum greiðslum fyrr en fyrirtækið verði tekið til gjaldþrotaskipta, sem allt stefni í. Ekki náðist í Vilhjálm í gær.

Í tilkynningu sem Jarðvélar sendu frá sér í gær segir að vegna fjárhagsörðugleika hefðu kaupleigufyrirtæki innkallað mikið af tækjum fyrirtækisins að undanförnu og það sjái sér því ekki fært að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar. Verkið verður líklega boðið út að nýju eftir áramót. - sh

SKÖTUÞEFUR KOMINN TIL BYGGÐA Hann Ingimar Waage fýlar ekki grön við skötunni hjá Arnari Þór Elíssyni í Fiskisögu. Á Þorláksmessunni má um allar jarðir búast við að fyllist vit af þessum þjóðlega þef, en hann þykir óbærilegur viðkvæmum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auðugir Íslendingar versla jafnmikið og innfæddir við Bang & Olufsen í Boston:

Íslendingar spreða í raftæki í Boston

VERSLUN Íslendingar eru einir helstu viðskiptavinir verslunar Bang & Olufsen við aðalverslunargötu Boston-borgar í Bandaríkjunum. Þetta segir starfsmaður verslunarinnar í samtali við fréttavefinn Boston Business Journal í fyrradag.

Í fréttinni, sem birtist undir fyrirsögninni „Ríkir kaupendur hressa upp á Newbury Street", er fjallað um að góðæri ríki í jólavertíðinni hjá þeim kaupmönnum við götuna Newbury Street sem selja ríku fólki lúxusvörur, á meðan harðara hefur verið í ári hjá þeim sem selja ódýrari vörur.

„Íslendingar, ásamt Bandaríkjamönnum og Þjóðverjum, eru meðal þeirra sem kaupa mest," er haft eftir Thomas Watkiss, starfsmanni Bang & Olufsen, sem hefur frá árinu 1925 verið þekkt fyrir hágæðaraftæki og tilheyrandi hátt verð.

Óskar Tómasson, framkvæmdastjóri Bang & Olufsen á Íslandi, segist ekki trúa því að þarna sé um að ræða Íslendinga búsetta hérlendis í verslunarferðum, heldur frekar Íslendinga búsetta í Boston. Litlu muni á verði tækjanna í verslunum Bang & Olufsen milli landa, sjónvarps- og rafmagnskerfin séu ólík og tækin flókin í uppsetningu. „Við höfum að minnsta kosti ekki séð að þeir hafi haft af okkur nokkur viðskipti," segir hann. - sh

Annir í sjúkraflutningum:

Flytja sjúklinga heim í jólamat

HEILBRIGÐISMÁL „Við erum að skutla fólki af legudeildum og elliheimilum heim til sín yfir jólin, stundum bara í jólamatinn og til baka," segir Brynjar Friðriksson hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Sjúkraflutningum fjölgar mikið um jólin og er þessi þjónusta helsta ástæðan.

„Stundum skutlum við fólki heim síðdegis á jóladag og svo bara aftur heim um kvöldið. Við erum í raun eins og leigubílaþjónusta," segir Brynjar. - sgj

Slys á Breiðholtsbraut:

Pallbíll og fólksbíll skullu saman

LÖGREGLUMÁL Pallbíll og lítill fólksbíll skullu saman á Breiðholtsbraut við Seljaskóga á níunda tímanum í gærkvöldi. Þrír voru fluttir á slysadeild og þurfti klippur tækjabíls slökkviliðsins til þess að losa einn úr bíl.

Ekki lítur út fyrir að nokkur hafi slasast alvarlega í árekstrinum og að sögn læknis á slysadeild var allt útlit fyrir að hinir slösuðu gætu farið heim í nótt. - sgj

Friðargöngur í dag:

Jólastemning í friðargöngum

FÓLK Friðarhreyfingar Íslands standa fyrir friðargöngum á þremur stöðum á landinu á Þorláksmessu. Í Reykjavík verður lagt af stað klukkan 18 frá Hlemmi.

Gangan í Reykjavík er sú tuttugasta og áttunda í röðinni og verða seldir kyndlar á Hlemmi áður en lagt verður í hann. Gengið verður niður á Ingólfstorg þar sem Halla Gunnarsdóttir blaðamaður flytur ávarp og söngfólk úr Hamrahlíðarkórunum syngur.

Á Akureyri verður gengið frá samkomuhúsinu í Hafnarstræti klukkan 20 og á Ísafirði frá Ísafjarðarkirkju klukkan 20. - sgj

SPURNING DAGSINS

Stefán, fer tískulöggum fjölgandi?

„Já, það þarf tískulöggur til að koma í veg fyrir tískuslys.“

Lögreglan hefur fengið nýja einkennisbúninga, sem hafa fallið misvel í kramið á lögreglumönnum. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Tíu herflugvélar flugu frá Tyrklandi og inn í Norður-Írak í gær:

Tyrkir gera loftárásir á Kúrda

TYRKLAND Tyrkneski herinn flaug inn í Írak í gær og gerði þar loftárásir á svæði Kúrda, í annað skipti á sex dögum.

Skotmark flugvélanna er sagt hafa verið bækistöð Verkamannaflokks Kúrdistans, sem tyrkneski herinn kallar hryðjuverkasamtök. Frá bækistöðvunum sé lagt á ráðin um árásir á Tyrkja.

Herinn segist munu halda árásum sínum á Kúrda áfram í vetur.

Einn talsmaður Kúrda vildi ekki leggja mat á hugsanlegt tjón, en sprengjurnar hafa sprungið á svæðum sem flestir hefðu yfirgefið vegna Tyrkjaógninnar.

Kúrdar hafa barist fyrir sjálfstæði sínu í áratugi og Verkamannaflokkurinn hefur háð vopnaða baráttu frá árinu 1984.

Bandaríkin hafa lýst yfir áhyggjum af því að árásirnar verði til þess að ófriður brjótist út í Norður-Írak, en þar hefur verið fremur friðsælt. Tyrkir halda því hins vegar fram að Bandaríkjamenn hafi lagt hönd á plóg við árásirnar.

Forseti Kúrda neitaði í mótmælaskyni að hitta Condoleezzu Rice utanríkisráðherra Bandaríkjanna að máli á þriðjudaginn. - kóþ

TYRKNESKAR FLUGVÉLAR Á LOFTI Herinn hefur lýst því yfir að hann muni halda árásum áfram. NORDICPHOTOS/AP

Gagnaveita Reykjavíkur:

Verður áfram í eigu Orkuveitu

REYKJAVÍK Stjórn Orkuveitunnar samþykkti á föstudaginn að Gagnaveitan verði áfram í eigu fyrirtækisins.

Meðan síðasti borgarstjórnarmeirihluti var við völd stóð til að leita eftir tilboðum í hlutafé Gagnaveitunnar enda telja sjálfstæðismenn fyrirtækið, sem áður hét Lína.net, í óeðlilegri samkeppni við einkafyrirtæki.

Nýr meirihluti telur starfsemi fyrirtækisins hins vegar flokkast undir grunnþjónustu, er falli vel að annarri starfsemi OR. Rekstrarhorfur séu góðar og verðmat líklegt til að hækka mikið, eins og það hafi gert upp á síðkastið. - kóþ

Tólf prósent hækkun:

Matsverð fasteigna hækkar

HÚSNÆÐISMÁL Fasteignamat hækkar almennt um tólf prósent frá og með áramótum. Þetta tilkynnti yfirfasteignamatsnefnd á föstudag.

Hækkunin er mismunandi eftir landsvæðum. Á tveimur stöðum á landinu hækkar matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða um tuttugu prósent, á Siglufirði og á Búðum í Fáskrúðsfirði. Á öðrum stöðum á landinu hækkar það um sextán prósent og annars staðar sex prósent.

Matsverð atvinnuhúsnæðis hækkar víða um land um tuttugu prósent frá og með áramótum. - sgj

EKKI VIÐ HÆFI Formaður ÖBÍ hefur ásamt formanni hússjóðs ÖBÍ bent á að ekki þyki við hæfi að öryrkjar búi í sérstökum blokkum heldur verði að finna önnur úrræði. FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI

Íbúasamtök í Hátúni 10:

Segja íbúum misboðið

FÉLAGSMÁL Útleiga íbúða í Hátúni á almennum markaði stríðir gegn skipulagsskrá hússjóðs Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ) og er aðför að hagsmunum öryrkja. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýlegri ályktun sem samþykkt var á félagsfundi Væntumþykju, félags íbúa í Hátúni 10.

Fréttablaðið greindi frá því um miðjan nóvember að stjórn ÖBÍ hefði ákveðið að leigja hluta af þeim 240 íbúðum sem hússjóðurinn á í fjölbýlishúsinu Hátúni til ófatlaðs fólks, með það að markmiði að blanda byggðina í Hátúni.

Við þessar útskýringar sætta íbúasamtökin sig ekki, einkum þar sem þegar bíði fjöldi öryrkja eftir húsnæði, og eru þeir Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ, og Helgi Hjörvar, formaður hússjóðsins ÖBÍ, hvattir til að hætta við breytingarnar. - kdk

ÖLFUS

Sakaruppgjöf á bókasafninu

Um þessar mundir og fram til áramóta eru sektarlausir dagar á Bæjarbókasafni Ölfuss. Þeir sem eru komnir fram yfir á tíma og í skuld við safnið geta skilað bókum án þess að greiða sekt. Þess utan er nú bókamarkaður á safninu þar sem hægt er að kaupa þrjár kiljur fyrir aðeins 100 krónur.

STEFÁN OG SKÓFLAN GÓÐA „Það er greinilegt að það er gott að vera vopnaður skóflu þarna,“ segir Stefán. Hann segist stálheppinn að hafa tekist að víkja sér undan bylmingshöggi ræningjans með hafnabolakylfuna, annars væri hann vart til frásagnar. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Varðist ræningjum með skóflu að vopni

Síbrotamenn á fíkniefnum rændu Litlu kaffistofuna vopnaðir hníf og hafnaboltakylfu. Eigandinn varðist þeim með stunguskóflu. Ræningjarnir festu bíl sinn á flótta og fundust þar sem þeir reyndu að húkka sér far við Suðulandsveg.

LÖGREGLUMÁL „Þetta byrjaði bara eins og venjulegur morgunn rólegt yfir og fallegt veður úti,“ segir Stefán Þormar Guðmundsson, eigandi Litlu kaffistofunnar við Suðurlandsveg. Friðnum var hins vegar raskað um klukkan hálf átta þegar par, kona á þrítugsaldri og karl á fimmtugsaldri, kom inn á kaffistofuna, vopnað hníf og hafnaboltakylfu, og krafði Stefán um peninga.

„Stúlkan var með hettu og klút fyrir andlitinu. Mér datt fyrst í hug að hún hefði kannski lent í slysi,“ segir Stefán. „Síðan gengur hún að mér og segir: Þetta er vopnað rán!“ Konan dró síðan upp hníf og krafði hann um peninga. Að sögn lögreglunnar á Selfossi var fólkið undir áhrifum fíkniefna.

„Ég hörfaði, hljóp inn í eldhús og sótti stunguskóflu til að verja mig,“ segir Stefán. „Ég ætlaði ekki að láta þau komast í kassann. Svo þegar ég kom fram aftur þá stökk maðurinn út á mitt gólf með hafnaboltakylfu og reyndi að slá mig í höfuðið.“ Höggið geigaði og mölvaði peningakassa Kaffistofunnar. Konan hirti fé, nokkur þúsund krónur, upp af gólfinu.

Í millitíðinni höfðu kona og dóttir Stefáns, sem staddar voru baka til í húsinu, hringt á lögreglu og þrýst á neyðarhnapp. Þegar fólkið heyrði hávaðann í neyðarbjöllunni hljóp það á dyr. Eini gesturinn á Litlu kaffistofunni elti ræningjana út og náði númerinu á bíl þeirra.

Stefán segist aldrei hafa lent í öðru eins. „Ég hef lent í stimpingum við drukkið fólk á planinu hérna fyrir utan en ekkert í þessum dúr. Ég vona að ég lendi aldrei í þessu aftur.“ Hann segist vorkenna fólki sem hefur komið sér í þessar aðstæður. „Þetta er auðvitað bara mannlegur harmleikur.“

Ræningjarnir flúðu á bíl sínum en komust ekki langt þar sem þeir festu hann utan vegar skömmu síðar. Lögregla handtók fólkið síðan þar sem það gekk eftir Suðurlandsvegi og reyndi að húkka sér far í bæinn. Fólkið hefur margoft komist í kast við lögin.

Ræningjarnir höfðu hluta ránsfengsins á sér þegar þeir voru handteknir, en afgangurinn er ófundinn, sem og vopnin.

stigur@frettabladid.is

Áramótaskaupssamningi verður ekki rift vegna orða menntamálaráðherra:

Auglýsandi þyrfti að hætta við

MENNING „Við efnum þá samninga sem við höfum gert og þessi samningur stendur óhaggaður, nema viðskiptavinur okkar leggi fram ósk um að breyta honum,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Menntamálaráðherra hefur hvatt til þess hér í Fréttablaðinu að yfirstjórn RÚV fari varlega með helstu stólpa Ríkisútvarpsins. Auglýsingahlé í miðju áramótaskaupi sé „afar óheppilegt, svo vægt sé til orða tekið“.

Páll telur að ráðherra hafi einungis verið að lýsa skoðun sinni á málinu, en ætlist ekki til að samningum verði rift. Enda hafi hún ekki boðvald. „Við tökum mikið mark á því sem almenningur segir og auðvitað á því sem menntamálaráðherra segir líka, hún er fulltrúi eigenda Ríkisútvarpsins gagnvart okkur,“ segir Páll.

PÁLL MAGNÚSSON

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Hins vegar hafi einungis tveir aðrir séð ástæðu til að kvarta við RÚV. Páll bjóst við meiri viðbrögðum frá almenningi.

„Umræðan er fyrst og fremst í öðrum fjölmiðlum“ segir hann.

Útvarpsstjóri vill ekki staðfesta að alþjóðleg fasteignasala hafi keypt umrætt auglýsingahlé. Viðskiptavinurinn vilji halda því leyndu.

Páll leggur áherslu á að auglýsingasalan sé tilraun sem verði metin í ljósi reynslunnar. Hann telur ekki að hún kunni að vera skaðleg viðskiptavini sínum eða Ríkisútvarpinu. - kóþ



FRIÐARSÚLAN Það lýsti af súlunni á skemmsta degi ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Friðarsúlan lýsir glatt:

Logar á vetrarsólstöðum

REYKJAVÍK Þó að slökkt hafi verið á Friðarsúlu Yoko Ono við hátíðlega athöfn 8. desember síðastliðinn, þá skein súlan glatt í gær og fyrradag. Að sögn Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa Orkuveitunnar, verður kveikt á súlunni á nokkrum dögum yfir árið og nú logaði hún í tilefni af vetrarsólstöðunum.

Ljós Friðarsúlunnar logar að jafnaði frá afmælisdegi Johns Lennon, 9. október, til dagsins sem hann var myrtur, 8. desember. Mega borgarbúar þó eiga von á að sjá hana skína við sérstök tilefni héðan í frá. - sgj

EIN JÓLAÓSKA FEMÍNISTAFÉLAGSINS

Félag um foreldrajafnrétti:

Femínistar viðurkenni mistök

SAMFÉLAG Jólaósk Femínistafélagsins, þar sem Askasleikir óskar sér að karlar hætti að nauðga, er óábyrg og smekklaus, að mati Félags um foreldrajafnrétti. Félagið skorar á Femínistafélagið að viðurkenna að óskin hafi verið mistök.

„Helsta umkvörtunarefni okkar er að þetta sé gert með barnshönd en í öðru lagi er þessi alhæfing; að allir karlar nauðgi,“ segir formaður félagsins, Lúðvík Börkur Jónsson.

Lúðvík telur til samanburðar að auglýsingaherferðin Blátt áfram, þar sem börn töluðu um kynferðislegt áreiti, hafa verið gerð með hagsmuni barna að leiðarljósi. Svo sé ekki um þessa. - kóþ

SJÁVARÚTVEGUR

Bátur til Ólafsvíkur

Nýr bátur, Grindavíkin GK 606 kom til heimahafnar í Ólafsvík fyrr í vikunni. Kaupandi bátsins er Breiðavík ehf. sem er í eigu þeirra feðga Þorsteins og Bárðar Guðmundssona. Grindavíkin GK, sem mun fá nafnið Kristinn SH, er smíðuð í Kína árið 2001 og er 94,5 brúttólesta, yfirbyggður stálbátur.

Tónlist í símann

vodafone

Þú getur eignast nýjustu lögin með einum vinsælasta tónlistarmanni landsins, Páli Óskari.

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskri tónlist.

Tónlistarklúbburinn

- Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
- Íslensk tónlist **innifalin** (almennt verð 149 kr.)
- Kauptu **erlenda tónlist** á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – **99 kr**. lagið (almennt verð 149 kr.)
- 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsímum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)

Sony Ericsson V640i

Lipur og nettur Walkman tónlistarspilari. 3G, EDGE, 256 Mb minniskort. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í "Havana Gold" og svörtu. Fæst eingöngu hjá Vodafone.

19.900 kr.

Komdu við í næstu Vodafone verslun.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Filon/SÍA F10242115

GENGIÐ 21.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,64	63,94
Sterlingspund	126,32	126,94
Evra	91,4	91,92
Dönsk króna	12,248	12,32
Norsk króna	11,386	11,454
Sænsk króna	9,683	9,739
Japanskt jen	0,5615	0,5647
SDR	99,39	99,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 121,4348

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úttekt menntamálaráðuneytisins á fimm framhaldsskólum langt komin:

Gæti endað með áminningu

MENNTAMÁL Skólameistarar fimm framhaldsskóla hafa fengið frest til áramóta til að skila greinargerðum vegna úttektar menntamálaráðuneytisins á fjölda nemenda sem luku prófi frá skólunum.

Mögulegt er að málið endi með því að einhverjir skólameistaranna fái áminningu frá ráðuneytinu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ráðuneytið telur að skólameistararnir fimm hafi oftalið nemendur skólanna sem luku prófi.

Ríkið greiðir framhaldsskólunum fyrir hvern nemanda. Ef niðurstaðan verður sú að skólameistararnir hafi oftalið hafa skólarnir fimm fengið meira fé frá ríkinu en þeir áttu rétt á.

BALDUR GÍSLASON Ekki í fyrsta skipti sem ágreiningur kemur upp um þetta mál, segir skólameistari Iðnskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir skólar sem um ræðir eru Iðnskólinn í Reykjavík, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Flensborgarskólinn, Menntaskólinn í Kópavogi ogFjölbrautaskólinn við Ármúla.

Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, segir að málið líti síður en svo illa út fyrir skólameistarana fimm. Þetta sé ekki í fyrsta skipti sem ágreiningur um talningu eininga komi upp, og verði væntanlega ekki í það síðasta.

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir að mál skólameistaranna fimm sé í vinnslu hjá ráðuneytinu. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið. - bj

Heldur dregur úr fólksfjölgun:

Landsmenn um 313 þúsund

MANNFJÖLDI Landsmenn voru 312.872 talsins þann 1. desember síðastliðinn, og hafði fjölgað um rösklega 5.600 frá sama tíma í fyrra, að því er fram kemur í tölum frá Hagstofu Íslands.

Raunar má álykta að í dag séu landsmenn orðnir 313 þúsund, hafi fjölgunin haldið óbreytt áfram frá 1. desember til dagsins í dag.

Árleg fólksfjölgun á síðasta ári var 1,8 prósent, sem er nokkru minni aukning en árin á undan. Milli 1. desember 2005 og sama tíma í fyrra var aukningin 2,6 prósent, en árið á undan 2,1 prósent. - bj

KOSATSJEV OG VAN DER LINDEN Fulltrúar Rússlands og Evrópuráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneskur þingmaður:

Sanngirni ekki skilyrði lýðræðis

RÚSSLAND, AP Rússneski þingmaðurinn Konstantin Kosatsjev segir gagnrýni Vesturlanda á framkvæmd þingkosninganna í Rússlandi í byrjun desember ekki eiga rétt á sér vegna þess að kosningar þurfi alls ekki að vera „sanngjarnar“.

Á blaðamannafundi með René Van Der Linden, forseta Evrópuráðsþingsins, í Moskvu í fyrradag dró Kosatsjev upp kosningahandbók Evrópuráðsins og sagði þar ekki minnst á sanngirni, heldur nægi að kosningar séu „almennar, jafnar, frjálsar, leynilegar og beinar“. - gb

BRETLAND

Verkföll á flugvöllum

Starfsfólk á sjö af helstu flugvöllum Bretlands, þar á meðal bæði Heathrow og Gatwick, hafa samþykkt að efna til þriggja verkfalla í byrjun næsta árs. Með því vilja þeir mótmæla fyrirhuguðum breytingum á lífeyrisréttindum þeirra.

Nýr prins

Nýjasta viðbótin við bresku konungsfjölskylduna, sonur Játvarðs prins og konu hans Sophie sem fæddist 16. desember, verður skírður James Alexander Philip Theo að því er hirðin upplýsti. Prinsinn ungi er áttunda barnabarn Elísabetar II drottningar og fyrsti karlkyns afkomandi hennar síðan Harry prins, sonur Karl ríkisarfa, fæddist fyrir 23 árum.

Alvarlegt mál ef rök reynast ekki nægileg

Þingflokksformaður Samfylkingar segir Árna Mathiesen verða að rökstyðja af hverju hann skipaði Þorstein Davíðsson héraðsdómara. Óánægja er innan Samfylkingarinnar vegna málsins og verður það líklegast rætt innan ríkisstjórnar.

STJÓRNSÝSLA Þingflokksformaður Samfylkingarinnar segir Árna Mathiesen, settan dómsmálaráðherra, verða að rökstyðja af hverju hann tók Þorstein Davíðsson héraðsdómara fram yfir þrjá umsækjendur sem matsnefnd taldi hæfari. Þorsteinn er fyrrverandi aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra og sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra.

„Á þessu stigi trúum við ekki öðru en að Árni hafi rök fyrir sinni ákvörðun,“ segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. „Ef hann hefur ekki rök fyrir sinni ákvörðun þá er það alvarlegt mál. Mér finnst ekki sanngjarnt að fella dóma um það fyrirfram.“

Lúðvík segir ríka kröfu verða að gera ef gengið er framhjá fagnefnd. „Það skiptir líka miklu máli í þessu að dómsvaldið er einn af hornsteinum ríkisvaldsins og framkvæmdavaldið má ekki varpa rýrð á trúverðugleika þess,“ segir Lúðvík. „Þegar sá rökstuðningur liggur fyrir þá er hægt að vega það og meta hvort þarna hafi verið um pólitíska ráðningu að ræða. Sá rökstuðningur sem hefur komið fram er ekki nægjanlegur.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Samfylkingarfólk óánægt vegna málsins. Hvorki formaður flokksins né aðrir ráðherrar vissu að skipan Þorsteins stæði til. Heimildarmenn segja að þetta hafi komið flokksmönnum í opna skjöldu og að skipanin geðjist þeim ekki.

Málið verður að öllum líkindum rætt innan ríkisstjórnarinnar við næsta tækifæri eða milli formanna flokkanna. Segir Samfylkingarfólk að tryggja verði að svona gerist ekki aftur.

steindor@frettabladid.is

HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS EYSTRA Þorsteinn mun starfa í 75 prósenta starfi við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 25 prósenta starfi í Héraðsdómi Austurlands.

VILL ENDURSKOÐA SKIPANAFERLIÐ

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

„Þetta mál undirstrikar nauðsyn þess að endurskoða skipanaferlið,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. „Við höfum stungið upp á að val ráðherra á hæstaréttardómurum fari fyrir þingið.“ Björgvin segir mikilvægt að endurskoða almennt skipan dómara, bæði í Hæstarétt og héraðsdóm.

„Það má endurskoða samsetningu valnefndarinnar og hvaða stöðu niðurstaða hennar hefur,“ segir Björgvin. „Núna hefur hún bara umsagnarrétt, en ráðherra skipar dómarann. Umsækjendur og aðrir eiga ekki að þurfa að sæta þessari efasemdarumræðu um hæfi og því þarf að skýra hlutverk valnefndarinnar og skerpa á ferlinu öllu.“

NÝJU LEIGUBÍLASTÆÐIN VIÐ ARNARHÓL Stæðin flytjast yfir Hafnarstrætið.

Ný leigubílastæði í Reykjavík:

Mæta brýnni þörf í miðborg

REYKJAVÍK Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur lokið gerð tveggja nýrra leigubílastæða. Eru stæðin neðst á Hverfisgötunni, á móts við Arnarhól og því staðsett í hjarta miðborgarinnar. Eldri leigubílastæði í Lækjargötunni verða þar áfram.

Bæta framkvæmdirnar úr brýnni þörf fyrir leigubílastæði á svæðinu en vegna framkvæmda hefur eldri aðstöðu leigubíla við enda Hafnarstrætis verið lokað.

Stæðið er merkt með skilti við vegbrún en nánari merkingar verða gerðar þegar veður leyfir. - ovd

Fuglalíf á Hornströndum:

Refir sagðir umhverfisslys

UMHVERFISMÁL Tryggvi Guðmundsson á Ísafirði vill að Ísafjarðarbær eða Umhverfisstofnun sendi „einhvern fulltrúa sinn sem treystir sér til“ með honum í Hornbjarg næsta vor þegar eggjavertíð hefst. Segist Tryggvi ætla að sýna óvéfengjanlega fram á réttmæti fullyrðinga sinna um fuglalíf og umhverfisslys af völdum refa. - gar

GIRNILEG JÓL
Þorláksmessuskata
Stór humar
Humarsúpa prinsinns
OPIÐ ALLA HELGINA 8-19
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

STORMUR Lægð kom upp að suðurströndinni í nótt, og veldur stormi á Suður- og Suðausturlandi fram eftir degi. Dregur úr vindi um vestan- og sunnanvert landið og snýst í norðanátt suðaustanlands, en áfram verður hvasst þar. Með lægðinni verður éljagangur eða snjókoma um mest allt land og hiti við frost- mark. Á morgun, aðfangadag, snýst aftur í sunnanátt, hvassa um vestanvert landið.

REYKJAVÍK Í DAG: Hvass norðanvindur, hiti um frostmark og éljagangur.

um hádegi »



» á morgun



*S-strekkingur v-lands, annars 4-8.

» þriðjudagur



Suðaustan 10-15 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	3°C skýjað	London	8°C skýjað	Eindhoven	4°C skýjað
Billund	3°C skýjað	París	6°C bjart	Basel	8°C bjart
Osló	-1°C él	Frankfurt	6°C bjart	Alicante	16° rigning
Stokkhólmur	2°C él	Friedrichshafen	6°C bjart	Róm	15°C skýjað
Gautaborg	3°C bjart	Berlín	1°C bjart	Las Palmas	21°C bjart

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

OPIÐ TIL 23:00 í kvöld

Ódýrast
í Hagkaupum

samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 6. desember

NETVERSLUN hagkaup.is

4.490kr VERÐ ÁÐUR 5.795,-

1.999kr VERÐ ÁÐUR 2.999,-

4.580kr GOTT VERÐ

Úr Fréttablaðinu 6. desember

Ódýrast að kaupa spilin í verslunum Hagkaupa

Hagkaup var allsnæmt á lægst verð á borðspilum samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Hæst var verðið í verslunum Kynnubúsin og Máls og menningar. Meira en fjórðungur jólanna kemur mánuði á Trivial Pursuit þar sem mánaðarins var mestur.

VERÐKÖNNUN Á BORÐSPILUM

499kr VERÐ ÁÐUR 676,-

999kr GOTT VERÐ

999kr GOTT VERÐ

1.299kr GOTT VERÐ

679kr GOTT VERÐ

2.299kr GOTT VERÐ

4.199kr GOTT VERÐ

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Telur þú þörf á íslenskri öryggisþjónustu?

Já	55,4 %
Nei	44,6 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Borðar þú skötu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Ólafur Eggertsson, stjórnarformaður Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols:

Málið er í góðum höndum

HEILBRIGÐISMÁL Ólafur Eggertsson, stjórnarformaður hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols á Hvolsvelli, segir að stjórn heimilisins taki á ágreiningi sem hefur komið upp milli sjúkraliða og hjúkrunarforstjóra heimilisins í samstarfi við ráðgjafa. Rætt hafi verið við alla sem hlut eiga að máli og málið sé í ágætum farvegi.

„Ferlinu er ekki lokið. Málið er í góðum höndum og stjórnin fylgist með þessu frá degi til dags. Hún hefur ekki misstigið sig. Við erum að vinna með fólk og öllum ber að hafa aðgát í nærveru sálar," segir hann. „Starfsfólkið á Kirkjuhvoli er að vinna frábært starf. Álagið er mikið og fólk hefur tekið á sig mikla aukavinnu. Það hefur ekki talið það eftir sér því það veit að við erum í erfiðum málum og það tekur á málinu með okkur," segir hann.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, sagði í Fréttablaðinu á föstudag að Ólafur hefði sagt af sér stjórnarformennsku í Kirkjuhvoli og Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri tekið við. Ólafur segir það rangt að hann hafi sagt af sér. Stjórn dvalarheimilisins hafi falið Unni Brá að vinna náið í málinu með ráðgjafa.

„Það er algjörlega úr lausu lofti gripið að ég sé hættur sem stjórnarformaður dvalarheimilisins. Ég er ekki sá maður sem bregst á þessari stundu. Það er gjörsamlega út í hött," segir hann.

Unnur átti von á að ljúka viðtölum við starfsfólks Kirkjuhvols á föstudag. - ghs

KIRKJUHVOLL Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri hefur rætt við starfsfólk hjúkrunar- og dvalarheimilisins.

Rússnesk flotadeild á ferð:

Æfingar sagðar ógna flugöryggi

BRUSSEL, AP Heræfingar þotna af rússneska flugmóðurskipinu Kúsnetsov aðmírál, sem er á leið frá Múrmansk til Miðjarðarhafs til að taka þar þátt í æfingum með skipum úr Svartahafsflota Rússa, eru hugsanleg ógn við farþegaflug um svæðið þar sem skipin fara um. Við þessu vara alþjóðleg samtök flugmanna í farþegaflugi.

Þegar rússneska flotadeildin sigldi um Norðursjó í liðinni viku voru haldnar æfingar í grennd við norska olíuvinnslusvæðið Gullfaks „án þess að samband hefði verið haft við flugumferðarstjórnaryfirvöld," segir í tilkynningu flugmannasamtakanna IFALPA. - aa

Góður námsárangur:

Fangar sækja í húsasmíði

SUÐURLAND „Langmesta aðsóknin hefur verið í húsasmíðanám en áður fyrr var mjög mikil aðsókn í að taka verslunarpróf," segir Ingi Ingason, kennslustjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands á Litla-Hrauni.

Alls skráðu 25 fangar sig í skólann og af þeim tóku sextán próf. Er það svipaður fjöldi og undanfarin ár.

„Þeir nemendur sem á annað borð eru við nám af einhverri alvöru ná mjög góðum árangri."

Ekki er hægt að ljúka verknámsbrautum á Litla-Hrauni en hægt er að taka þar verulegan hluta af almenna bóknáminu.

Í undantekningartilfellum hafa vistmenn fengið að sækja skóla á Selfossi. - ovd

Alcoa Fjarðaál:

Nýtt starfsmannahús

REYÐARFJÖRÐUR Nýtt starfsmannahús Alcoa Fjarðaáls hefur verið tekið í notkun. Á fimmtudaginn var boðið upp á hefðbundinn íslenskan jólamat og tónleika í nýja matsalnum en opnunar hans hefur verið beðið með eftirvæntingu.

Starfsmannahúsið er tæplega fjögur þúsund fermetrar að stærð, þar af er veitingaaðstaðan rúmir 800 fermetrar. - ghs

LÖGREGLUMÁL

Í varðhaldi í yfir 50 daga

Alls féllu 130 gæsluvarðhaldsúrskurðir á síðasta ári, í máli 115 einstaklinga. Alls sátu sakaðir menn í 6.712 daga í gæsluvarðhaldi. Meðallengd gæsluvarðhalds á síðasta ári var því 51,6 dagar. Þetta kemur fram í ársskýrslu Ríkissaksóknara fyrir árið 2006.

Met sett í netverslun í V-Evrópu fyrir jólin

Netnotendur í Vestur-Evrópu munu eyða 4.647 milljörðum króna í jólainnkaupin í ár að því er talið er. Jólaverslun hefur verið með minnsta móti í Bandaríkjunum. Verslunareigendur vona að kaupendur taki við sér síðustu helgi fyrir jól.

BANDARÍKIN, AP Verslunareigendur í Bandaríkjunum binda vonir sínar við að jólaverslun verði með mesta móti þessa síðustu helgi fyrir jól þar sem sala hefur verið undir væntingum síðustu daga og helgar. Sumar verslanir hafa opið frá sjö á morgnana til miðnættis síðustu dagana fyrir jól.

Netverslun hefur verið mikil í Vestur-Evrópu í aðdraganda jólanna og er áætluð samanlögð eyðsla um 4.647 milljarðar króna. Eru Bretar þar umsvifamestir. Sama er ekki uppi á teningnum í Bandaríkjunum þar sem útlit er fyrir að netverslun hafi á tímabilinu 1. nóvember til 14. desember aðeins aukist um átján prósent og nemi því 1.446 milljörðum króna. Á sama tímabili í fyrra var aukningin 26 prósent og var spáð að minnsta kosti 20 prósenta aukningu í ár.

Vetrarveður sem geisað hefur í norðausturhluta Bandaríkjanna undanfarið og almennar áhyggjur fólks vegna efnahagsástands eru meðal þess sem talið er hafa dregið úr kaupgleði fólks fyrir þessi jól.

„Jólatímabilið í ár hefur það sem af er valdið vonbrigðum, hvort sem er hjá hefðbundnum verslunum, vörulistum eða netverslunum" sagði C. Britt Beemer, stjórnarformaður fyrirtækisins America´s Research Group sem sérhæfir sig í rannsóknum á kauphegðun. „Kaupendur eru sparsamari og velta kaupunum meira fyrir sér af því að þeir hafa minna af peningum milli handanna."

sdg@frettabladid.is

JÓLAVERSLUN Á NETINU

Netnotendur í Vestur-Evrópu munu slá met í jólainnkaupum í ár og eyða 4.647 milljörðum króna. Bretar tróna á toppnum og eyða mest allra í netverslun. Næstum 40 prósent af árlegri netverslun eiga sér stað á fjórða ársfjórðungi, frá október til desember.

Netverslun fyrir jólin (áætlað fyrir 2007) og vöxtur (2000-2007)

Landsvirkjun skoðar lög um fyrirtækið í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins:

Ekkert sem bannar útrásararm

ORKUMÁL Ekki verður séð að lög Landsvirkjunar takmarki heimildir stjórnar fyrirtækisins til stofnunar dótturfélaga á borð við Landsvirkjun Power. Þetta er niðurstaða lögfræðiálits sem Landsvirkjun lét gera í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um lagaheimildir fyrirtækisins.

Landsvirkjun Power er einkahlutafélag sem meðal annars er ætlað að sinna útrásarverkefnum. Eigið fé þess verður átta milljarðar króna, sem koma frá Landsvirkjun. Það tekur til starfa um næstu áramót.

Í lögfræðiáliti Landsvirkjunar er farið yfir lög Landsvirkjunar frá 1983 ásamt ákvæðum sameignarfélagssamnings fyrirtækisins. „Ekkert í lögum Landsvirkjunar eða sameignarfélagssamnings fyrirtækisins leggur bann við stofnun dótturfélaga í hlutafélagsformi eða þátttöku Landsvirkjunar í hlutafélögum eða annars konar félögum. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun taki þátt í viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni," segir meðal annars í bréfinu.

Lögfræðiálitið vann Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sem starfar hjá Landsvirkjun. - sþs

VIÐ KÁRAHNJÚKAVIRKJUN Meðal verkefna Landsvirkjun Power verður að ljúka við gerð Kárahnjúkavirkjunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ertu í húsgagnaleit?
Opið í dag
frá kl.11-20
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Nýjar sendingar - Mikið úrval!

NOKIA 6267 - 3G

Léttkaupsútborgun:

900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 24.900 kr.

Tónlist, myndsímtal og háhraða-nettenging í símanum þínum.

SONY ERICSSON Z310i

Léttkaupsútborgun:

1.900 kr.

750 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 10.900 kr.

Léttur og lipur samlokusími
með myndavél.

SONY ERICSSON K810i - 3G

Léttkaupsútborgun:

5.900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 29.900 kr.

Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og
háhraðanettenging í símanum þínum.

Harðir pakkar

Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember. Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp

JÓLAHVALIR Hvítir mjaldrar eru með jólasveinahúfur á kollinum á sýningu í sædýrasafninu í Kanagawa í Japan. Fólk hefur þyrpst að safninu undanfarið á sérstaka jólasýningu. NORDICPHOTOS/AFP

Niðurlagningu eftirlits á nýjum innri landamærum Schengen-svæðisins fagnað:

Leiðtogar lofa sögulega stund við Zittau

ZITTAU, AP Leiðtogar Póllands, Þýskalands og Evrópusambandsins tóku í fyrradag þátt í hátíðlegri athöfn við landamærastöð við austur-þýska bæinn Zittau til að fagna niðurlagningu hefðbundins landamæraeftirlits á landamærum Þýskalands að Póllandi og Tékklandi – og reyndar á landamærum sem ná allt frá Eystrasalti til Adríahafs og áður skildu að lönd sem voru á sínum tíma hvert sínum megin járntjaldsins.

Aðild Póllands og átta annarra af nýjustu aðildarríkjum Evrópusambandsins að Schengen-ferðafrelsissvæðinu gekk í gildi í fyrradag og var þeim tímamótum fagnað með margvíslegum hætti, enda þykir mörgum sem þar með hafi fallið síðustu leifar járntjaldsins. Þýski kanslarinn Angela Merkel, pólski forsætisráðherrann Donald Tusk og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fylgdust með er þýskir og pólskir landamæraverðir hjálpuðust að við að opna landamærabómuna á sama tíma og hópur barna sleppti fjölda blaðra í Evrópulitunum.

„Við erum öll himinsæl að geta fagnað þessari sannarlega sögulegu stund," sagði Merkel er viðstaddir blístruðu og klöppuðu.

- aa

BÓMAN BURT Leiðtogar Póllands, Þýskalands og ESB fylgjast með landarmæravörðum lyfta bómunni við Zittau í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Opið í dag til kl. 23

BIRNA

Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

Fundur yfirmanna herafla Rússlands og Noregs:

Spurt hvort Norðmenn telji Rússa ógn

NOREGUR Júrí Balújevskí, yfirmaður rússneska heraflans, hefur krafið norskan starfsbróður sinn, Sverre Diesen, um staðfestingu á því að Norðmenn líti ekki á Rússland sem hernaðarlega ógn.

JÚRÍ BALÚJEVSKÍ

Herforingjarnir tveir áttu fund á Gardemoen-flugvelli við Ósló í byrjun desember, að því er norska blaðið Fiskaren upplýsir. Eftir þann fund sagði Balújevskí að Rússar áformuðu ekki að auka neitt við þann litla viðbúnað sem þeir hafa við landamærin að Noregi. Ríkin deila tæplega 200 km löngum landamærum norður í Finnmörku og enn lengri lögsögumörkum í Barentshafi. Birgitte Frisch, talsmaður yfirstjórnar norska hersins, tjáði Aftenposten að til fundarins hefði verið efnt þar sem „rússneski yfirhershöfðinginn vildi fá staðfestingu á að Norðmenn litu ekki á Rússland sem ógn í norðri". Að sögn Frisch tjáði Diesen Balújevskí að Norðmenn teldu ástandið þar norður frá vera stöðugt.

Ákvörðun Rússa um að segja sig frá sáttmálanum um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu (CFE) og aukin hernaðarumsvif þeirra í norðri að undanförnu – bæði með flugi sprengjuflugvéla út á Atlantshaf og flotaæfingum – hafa vakið vangaveltur um það hvernig Noregur og NATO í heild ættu að bregðast við.

- aa

ENNEMM / SÍA / NM30937

Afgreiðslutímar í vínbúðunum

á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík um jól og áramót 2007

Sunnudagur 23. desember

ÞORLÁKSMESSA

LOKAÐ*

Mánudagur 24. desember
Opið kl.
09.00 - 13.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Fimmtudagur 27. desember
ALMENNUR AFGREIÐSLUTÍMI

Föstudagur 28. desember
Opið kl.
11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Laugardagur 29. desember
Opið kl.
11.00 - 20.00
2008 nálgast!

Sunnudagur 30. desember
LOKAÐ*

Mánudagur 31. desember
Opið kl.
09.00 - 14.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Afgreiðslutíma vínbúða um allt land má sjá á www.vinbud.is

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

* Skv. áfengislögum er óheimilt að hafa opið á sunnudögum.

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

Besta land í heimi

Innflytjendur hafa verið mikið í fréttum á árinu og oftar fjallað um þá á neikvæðan hátt en jákvæðan. *Tatjana Latinovic* segir fjölgun innflytjenda vissulega breyta miklu og leggur áherslu á upplýsta umræðu um málefni nýrra Íslendinga.

Hverjum þykir sinn fugl fagur. Mörgum þykir fugl annars fagur. Sumum þykir fleiri en einn fugl fagur.

Hverjum þykir sitt land best í heimi. Flestum sem flytja milli landa þykir önnur lönd betri. Sumum þykir jafnvænt um heimalandið sitt og nýnumda landið. Það er kannski besta viðhorfið. Einskis er saknað, lífið er hér og nú.

Ísland er eyja, nafli alheimsins í huga flestra okkar sem búum hér. Hingað er erfitt að koma og það þarf sterk bein til að lifa hér af. Hér býr þjóð sem hefur rifið sig upp úr sárri fátækt í þá ríkustu í heimi á dugnaðinum einum.

Á LEIÐ Í VINNUNA Á KÁRAHNJÚKUM Erlendum verkamönnum hefur fjölgað verulega á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fyrir hnattvæðinguna

Þegar ég nam land hér í Reykjavík fyrir einum þrettán árum var Ísland ekki ríkasta land í heimi. Fólk lagði sig allt fram um að segja mér frá menningu, hefðum, sýna mér náttúruna og kenna mér tunguna. Ekki það að menn áttu von á að ég mundi ná tökum á henni, hún er jú erfið og flókin og enginn útlendingur hefur nokkurn tíma getað gert henni þann sóma að tala hana jafnvel og afkomendur Ingólfs Arnarsonar. Flestir Íslendingar sem ég umgekkst deildu ekki fullkomnunaráráttu minni þegar kom að tungumálum. Almenna viðhorfið var að fólk var velkomið hingað ef það vildi búa hér og því hefði tekist að fá landvistarleyfi.

Á árinu sem senn er að líða hef ég oft velt fyrir mér hversu lánsöm ég var að hafa flutt hingað og náð að aðlagast á þeim tíma þegar fjölmiðlar voru ekki í hundraðatali að berjast við að finna eitthvað fréttnæmt, áður en orðið hnattvæðing kom til tals og fjölmenning varð skammaryrði. Enginn var hræddur við mig og mína líka á götum Reykjavíkur, ég varð ekki vör við að nokkrum hefði fundist ég ræna hann öryggi eða lífsviðurværi. Fólki kom skemmtilega á óvart að ég var að rembast við að setja saman einfalda setningu á íslensku, það fussaði ekki mín vegna eins og það gerir í dag vegna afgreiðslufólksins á kassa í verslunum.

Tatjana Latinovic er frá Króatíu og hefur verið búsett á Íslandi í þrettán ár. Hún er sviðsstjóri hugverkaréttinda í þróunardeild Össurar, auk þess sem hún vinnur sem túlkur og þýðandi. Hún er formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, í stjórn Alþjóðahússins og Kvennaathvarfsins og á sæti í innflytjendaráði í félagsmálaráðuneytinu. Tatjana hefur skrifað í fjölmiðla greinar og pistla sem tengjast málefnum innflytjenda og þátttöku þeirra í íslensku samfélagi.

Innlendir vendipunktar 2007
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir landskunna Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist, eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.

Orðin fá á sig neikvæðan blæ

Reyndar verð ég að viðurkenna það að fyrir þrettán árum þekktust allir sem fluttust til landsins á sama árinu, svona vorum við fámenn. Í ár hafa þúsundir manna komið til Íslands á þessum mestu uppgripatímum í sögu landsins. Ekki er hægt að spyrja þúsundir hverra manna þeir eru eða um þeirra fjölskylduhagi. Auk þess er nýfluttur útlendingur einn og sér ekki lengur saga til næsta bæjar, nú er talað um þá í þúsundum og prósentutölum. Menn eru fluttir hingað sem hjálp gegn þenslunni, til að byggja vegi, virkjanir, hús og hallir, hugsa um aldaðra og börn. Sumir koma af öðrum ástæðum. Og sama hvaða orð við notum yfir þá, alltaf fær það á sig neikvæðan blæ, hversu sakleysislegt sem það er til að byrja með: nýbúi, innflytjandi, útlendingur, erlent vinnuafl, farandverkamenn, þetta fólk. Við veigrum okkur við að nota orðin, viljum ekki móðga, særa.

Innflytjendur verða vandamál

Innflytjendamál hafa verið í deiglunni í mörg ár í Evrópu. Fréttir sem hafa borist til okkar snerust aðallega um vandamál sem fylgdu útlendingum sem fluttu frá ólíkum menningarheimum til vestrænna landa, um atvinnuleysi meðal þeirra o.s.frv. Í flestum þessum löndum hafa brotist á svið stjórnmálanna þjóðernisflokkar sem vildu taka innflytjendamálin hörðum tökum.

Ísland varð engin undantekning. Það er svo sem ekki skrítið að nokkrir stjórnmálamenn í leit að málstað, og fylgjendur þeirra, hafa séð sér leik á borði og ákveðið að nota varðveislu þjóðarhagsmuna gagnvart innflytjendum sem sinn málstað.

Vendipunktur ársins í viðhorfi til innflytjendamála var kosningabaráttan fyrir alþingiskosningar í vor. Á þessum efnahagslega bestu tímum sögunar var auðveldast að taka upp innflytjendur og gera þá að vandamáli. Skrattinn var málaður á vegginn, stjórnvöld voru kölluð óábyrg. Umfjöllun gekk aðallega út á það hversu óundirbúið landið var fyrir komu fólksins – „Fljótum við sofandi að feigðarósi?“ var vinsæl spurning. Uppbyggileg og skynsamleg umfjöllun um málefni sem virkilega var mikil þörf á að ræða og skoða var kæfð af populistum í leit að atkvæðum og bloggurum með einkennilegar tjáningarþarfir. Viljaleysi til að leggja til lausnir við vandamálum sem óneitanlega koma upp þegar samfélagið tekur svona hröðum breytingum eins og það gerðist í ár einkenndi þá sem höfðu hrópað hæst.

> En útlendingar eru ekki örsök ójafnaðarins. Með því að beina kastljósinu að þeim, hefur sú óæskilega tilhneiging orðið að öll athyglin beindist að þeim sjálfum og umræðan stöðvaðist þar.

Talnaleikfimi í fréttaflutningi

Útlendingasjónarhorn var í öllum fréttum, einkum um neikvæða þróun í samfélaginu. Listinn er ekki tæmandi en þar ber að nefna ólöglegt húsnæði, undirboð á vinnumarkaði, kynferðisbrot, heilsufarsmál. Jafnvel þegar greint var frá niðurstöðum Pisakönnunarinnar var sérstaklega greint frá slæmum árangri nýbúabarna, sem mér skilst hafi reynst vera krakkar nýfluttir til landsins. Tölfræðileikfimi var sérstaklega vinsæl grein í fjölmiðlaflutningi, en þó hefur oftar en ekki mistekist að tengja prósentutölur við sanngjarna umfjöllun. Það verður að segjast eins og er að á mörgum sviðum hafa útlendingar orðið undir, ójöfnuðurinn hefur skapast í samfélaginu og er það áhyggjuefni. En útlendingar eru ekki örsök ójafnaðarins. Með því að beina kastljósinu að þeim, hefur sú óæskilega tilhneiging orðið að öll athyglin beindist að þeim sjálfum og umræðan stöðvaðist þar. Þannig firrum við okkur frá rót vandamálanna sem þarf að leysa.

PAUL NIKOLOV Fyrsti íslenski þingmaðurinn sem hefur ekki íslensku að móðurmáli.

Viðbrögð almennings og tortryggni gagnvart hinu ókunnuga eru eðlileg. Það þarf að ræða um málin, hversu óþægileg sem þau eru, en það þarf að ræða þau af sanngirni, kunnáttu og með opnum huga.

Umræða er nauðsynleg

Það er miklu betra að búa í landi þar sem fólk vill vera, heldur en í landi sem margir vilja flýja frá. Vonandi mun Ísland verða áfram land sem fólk sækist eftir að koma til. Það er einlæg von mín að við munum halda áfram að ræða saman, afkomendur eldri landnemanna og þeir sem eru nýbúnir að nema land. Tala um það sem okkur finnst gott, slæmt eða það sem betur má fara í þessu samfélagi okkar, sem er samkvæmt nýjustu könnunum besta land í heimi. Besta land í heimi fyrir alla sem vilja leggja sitt af mörkum til að það verði áfram besta landið.

ÍSLENSKA/SÍA.IS/ICE 40463 12/07

Evrópa	26.900 kr.*
Bandaríkin	36.900 kr.*
Saga Class Evrópa	52.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin	62.900 kr.*

*Skattar eru innifaldir í verði.

Einungis fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair.

Evrópa	32.900 punktar**
Bandaríkin	47.900 punktar**

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.205 kr., USA 13.065 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

JÓLAGJÖF SEM FLÝGUR ÚT

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

Safnaðu Vildarpunktum

VISA

Sölutímabil er til 24. des. 2007 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 25. jan. 2008. Ferðatímabil er frá 12. janúar til og með 31. maí 2008. Til Bergen, Halifax og Toronto er ferðatímabilið til og með 15. júní 2008. Jólapakkatilboð gildir til allra áfangastaða sem Icelandair flýgur til í beinu áætlunarflugi frá Íslandi. Undantekningar eru: Orlando, Salzburg, München, Madrid, Milanó og Barcelona. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 500 til 12.800 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100 gegn þjónustugjaldi.

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

Byggjum brýr, ekki múra

Ríki sem eitt sinn tóku vel móti nýju fólki hafa á undanförnum árum tekið upp eða íhugað strangari innflytjendastefnu. *Vicente Fox,* fyrrverandi forseti Mexíkó, veltir fyrir sér hvort ríkari þjóðir heims geri sér grein fyrir að þær eru að reisa sýndarmúra verndarstefnu, raunverulega múra einangrunar og tilfinningalega múra einfeldninnar. Hann segir það ekki aðeins siðlegt að iðnríkin slaki aftur á í innflytjendamálum, heldur hafi þau líka beinan hag af því.

Árið 2000 hratt þjóð mín oki flokks sem hafði setið einn að völdum í meira en 70 ár. Til að bola burt alræðiskerfi sem hafði verið lengur við lýði en Kommúnistaflokkurinn í Sovétríkjunum, beitti hún lýðræði. Vonin um frjálsa verslun hafði aldrei verið bjartari.

Hinn 7. september árið 2001 vorum við Bush Bandaríkjaforseti komnir á fremsta hlunn með að undirrita sögulegt samkomulag um innflytjendur sem hefði fært Ameríkuálfurnar nær saman. Fjórum dögum síðar féllu þúsundir saklausra borgara í valinn þegar erindrekar hatursins flugu á stórhýsi í Bandaríkjunum. Frá Bandaríkjunum til Evrópu og Japan var dyrunum skellt aftur og læst. Í þróunarlöndum á borð við heimaland mitt stóð bylting vonarinnar augliti til auglitis við múra óttans.

Á liðnu ári hafa þessir múrar risið hærra og ekki aðeins í Bandaríkjunum, þar sem áætlanir um að reisa 1.100 kílómetra langan múr á landamærunum við Rómönsku-Ameríku verða að alvöru í árslok 2008. Frakkar hafa sett nýja innflytjendakvóta og heita að reka 25 þúsund ólöglega innflytjendur úr landi árið 2007. Og í Ástralíu, þar sem fjórði hver íbúi fæddist utan landsteinanna, hafa yfirvöld skorið upp herör gegn ólöglegum innflytjendum á sama tíma og þau reyna að laða faglært vinnuafl til landsins.

LANDAMÆRI BANDARÍKJANNA OG MEXÍKÓ Það þarf ekki að fara langt til að sjá muninn milli Bandaríkjanna og Mexíkó. Áætlanir eru um að reisa 1.100 kílómetra langan múr á milli Bandaríkjanna og Rómönsku-Ameríku fyrir árslok 2008. MYND MONICA ALMEIDA

Haftalaus krafa um meiri höft

Ekkert bendir til þess að þessir múrar hrynji árið 2008. Í október voru kunngjörðar niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var í 46 löndum. Aðeins í Suður-Kóreu og Palestínu var meirihlutinn andvígur strangari innflytjendastefnu. Annars staðar var yfirgnæfandi stuðningur við aukin höft; mestur í Afríku og Suður-Asíu – þaðan sem innflytjendur flestra iðnríkja koma.

Ég velti fyrir mér hvort hin auðugu ríki á Vesturlöndum – en hinir velmegandi íbúar þeirra hafa hagnast mest á frjálsri verslun og innflytjendum – geri sér grein fyrir að þau eru að reisa sýndarmúra verndarstefnu, raunverulega múra einangrunar, og tilfinningalega múra einfeldninnar.

Frá Austurríki til Arizona fordæma stjórnmálamenn og spjallþáttastjórnendur, sem hafa andúð á innflytjendum, það sem þeir kalla „innrásina frá Þriðja heiminum“. Á hinn bóginn fordæma lýðskrumarar sem eru á móti hnattvæðingu úthýsingu starfa og grædgi alþjóðlegra viðskiptasamsteypna.

> Þegar hátekjulönd útiloka „útlendinga“ frá velmeguninni eru þau ekki að reisa múra heldur fangelsi.

Bandarískir hermenn vakta nú landamærin frá Rio Grande til Efratsfljóts. Andófsmenn gegn hnattvæðingu kasta grjóti í átt að þjóðarleiðtogum, sem leita logandi ljósi leiða til að binda enda á fátækt og ófrið. Frá Frakklandi til Texas hefur reiður múgur látið skammirnar dynja yfir þetta vinnusama, guðhrædda og ættrækna fólk – innflytjendurna – sem trúir enn á Frelsisstyttuna.

Þegar hátekjulönd útiloka „útlendinga“ frá velmeguninni eru þau ekki að reisa múra heldur fangelsi. Bak við rimla hinnar víggirtu hallar, sem einangrunarsinnar sjá fyrir sér, væri draumurinn um hnattvæðingu í eilífri prísund ótta, haturs, græðgi og afskiptaleysis.

Verslunarbandalag Ameríku

Bandaríkin, Evrópa og Japan mega ekki snúa baki við hnattvæðingunni nú þegar hún er rétt byrjuð að uppfylla fyrirheit sín; þegar lönd á borð heimaland mitt eru rétt farin að ná tökum á henni.

Í Rómönsku-Ameríku eru tekjur á mann einna hæstar í Mexíkó, þökk sé verslun og efnahagslegum stöðugleika alþjóðlegs samruna. Við getum ekki kastað fyrir róða hugsjónum lýðræðis og athafnafrelsis sem tengjast félagslegum framförum órofa böndum – ekki núna þegar þeir sem þarfnast slíkra hugsjóna mest eru nýbúnir að uppgötva þær.

Þegar við, í báðum álfum Ameríku, horfum fram til ársins 2008 og lengra, ættum við að veita árangri Evrópusambandsins athygli. Ameríkuríkin ættu að stofna eitt stórt verslunarbandalag til að skipta við Evrópusambandið og efnahagstígrana í Asíu. Fyrst þá mun hnattvæðingin lyfta fólki upp úr rökkri fátæktar í birtu fyrirheitanna.

Siðlegt og hagkvæmt

Fyrir utan siðferðislegar ástæður þess að brúa bilið milli ríkra og fátækra á alþjóðlega vísu, hafa ríku löndin beinan hag af því að ljúka dyrum sínum aftur upp. Það var jú það sem gerði þau rík til að byrja með. Að sögn New York Times eru í Bandaríkjunum einum saman um 23 milljónir verkafólks – það er einn af hverjum sjö verkamönnum – fæddar erlendis. Og atvinnumálaráðuneytið telur að það þurfi 400 þúsund innflytjendur á ári í viðbót til að mæta yfirvofandi manneklu.

Í hinni hnattrænu samkeppni hafa Vesturlönd hreinlega ekki efni á að einangra sig frá heiminum – líkt og Mexíkó gerði lengst framan af 20. öldinni. Það væri efnahagslegt sjálfsmorð.

Íhugið þetta: Bandaríkin hafa úthýst alls um 400 þúsund störfum undanfarin sex ár. En á liðnum áratug hefur framleiðnin í Bandaríkjunum gert kleift að skapa 3,5 milljón störf á hverju ári. Ef Bandaríkin og Evrópa vísuðu öllum innflytjendum úr landi myndi efnahagur þeirra hrynja. Ef iðnríkin misstu forgjöfina sem erlenda vinnuaflið um allan heim færir þeim myndi skella á kreppa í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Aðeins ríki sem búa yfir nægu vinnuafli, til dæmis Kína og Indland, kæmust af.

Opnum fyrir frjálsa verslun

Hugleiðið hvað hnattvæðingin hefur gert fyrir hina fátæku í Kína og Indlandi. Á aðeins nokkrum árum hefur þeim sem kalla má neytendur í Kína fjölgað um margar milljónir. Um 35 milljónir kínverskra ferðamanna fara utan ár hvert; áður en langt um líður verða það hundrað milljónir.

Um gjörvallan heim klóra forsetar og forsætisráðherrar sér í hausnum og spyrja: „Hvernig sláum við Kína við?“ Í Mexíkó litum við til Kína og sögðum: „Við getum það ekki.“

Af sambúð okkar við efnahagslegan risa lærðum við eftirfarandi lexíu: Lausnin felst ekki í því að keppa við risann, heldur í að ganga til liðs við nágrannann og vinna að sameiginlegum hagmunum.

Í stað þess að loka dyrunum fyrir hnattvæðingu verðum við að taka frjálsri verslun opnum örmum; þar sem við finnum nú of marga lokaða hugi verðum við að kappkosta að opna hjörtu. Og eina leiðin til að taka frjálsri verslun opnum örmum er að opna hliðin fyrir verkafólki utan landamæra ríkustu landanna. Já, það sækist vissulega eftir því að bæta lífskjör sín en í leiðinni leggur það sitt af mörkum við að auka árangur sinna nýju heimkynna.

Senn gengur árið 2008 í garð. Áður en öldin verður árinu eldri ættum við að snúa til þess gleðianda sem ríkti í heimalandi mínu um aldamótin; þegar lýðræðið ruddi sér til rúms, ekki með byssuvaldi heldur í krafti þeirra milljóna manna sem tóku þátt í byltingu vonarinnar. Nú þegar raunverulegt lýðræði er komið á í ríkjum á borð við föðurland mitt ættum við að hætta að reisa múra á milli okkar – en byggja þess í stað upp sameiginlega velmegun á heimsvísu.

Vicente Fox var forseti Mexíkó frá 2000 til 2006, og er nú einn formanna Alþjóðlegu lýðræðismiðstöðvarinnar (International Democratic Center). Rob Allyn er rithöfundur, álitsgjafi í sjónvarpi og pólitískur ráðgjafi, sem hefur verið innan handar þjóðarleiðtogum, flokkum og málstöðum um víða veröld. Þeir Fox hafa unnið náið saman í áratug.Saman skrifuðu þeir: „Revolution of Hope: The Life, Faith & Dreams of a Mexican President.“

Erlendir vendipunktar 2007
Líkt og fyrri ár birtir Fréttablaðið greinar eftir erlenda höfunda, í samstarfi við New York Times Syndicate, um markverða atburði þessa árs. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið

Gleðileg jól & farsælt komandi ár.

Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Ásbjörn

Ásbjörn Ólafsson ehf.

Knorr · iSi · Den ægte · Läkerol · Amefa · Cobra · Hellmann's · Prince Polo · Rosti · Burger · Malaco · Maizena · Sonax · Luminarc · iittala

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

VINSÆLASTA LEIKJATÖLVAN Í DAG

VERÐTRYGGING!!

Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

SANGEAN eru hágæða útvarpstæki.
Frábær hljómgæði, skemmtileg hönnun
og vandaður útvarpsmóttakari.

SANGEAN-WR-1
- FM/AM útvarp
- Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
- Aux inngangur
- Tengi fyrir heyrnartól
- Fáanlegt í viðarlit, silfur eða svart

Verð kr. 13.900,-

NIKON S-510

- 8,1 milljón pixlar - 3x aðráttarlinsa
- VR hristivörn
- Hús úr ryðfríu stáli
- D-lighting - hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni

TILBOÐSVERÐ kr. 28.900,-

Klassamyndavél fyrir kröfuharða

SAMSUNG

Glæsilegt nýtt LCD sjónvarp frá SAMSUNG

40" LCD sjónvarp
SAMSUNG LE40N87_BDX

- **Full HD**
- Upplausn: 1920x1080
- DVB-T stafrænn móttakari
- Contrast: 10.000x1
- Birta: 550 cd/m2
- Tengi: 6x HD

Verð kr. 249.900,-

NÝ OLYMPUS

VATNSHELD HÖGGÞÉTT

Taktu myndir í kafi

Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld

- 7.1 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
- Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
- Videoupptaka með hljóði

***OLYMPUS** mju790*
Verð : 29.900,-

OPIÐ TIL KL. 23:00 Í KVÖLD Í SÍÐUMÚLA 9

OLYMPUS

OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
- Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
- 18 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- 3 ára ábyrgð

EISA AWARD Best Product 2007-2008 CONSUMER CAMERA Olympus E-510

TVÆR LINSUR:
14-42mm & 40-150mm

Verð: 89.900,- kr.

Myndavél sem fengið hefur afburða dóma.

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800	ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800	ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900	ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BAE

SOLIS Hrísgrjónapottur og gufusuðupottur.
Öflugur 400w, burstað stál, heldur heitu.
Verð kr. 7.990,-

SOLIS Töfrasproti.
600W, úr stáli - með aukahlutum.
Verð kr. 9.490,-

SKEMMTILEG BJÓRDÆLA
TILBOÐSVERÐ kr. 14.900,-

TEFAL

JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI

EÐAL POTTA- OG PÖNNUSETT
HANNAÐ AF JAMIE OLIVER OG TEFAL

OPIÐ TIL KL. 23:00 Í KVÖLD Í LÁGMÚLA 8

AEG

Sterkur blandari.
Ómissandi í
matargerðina.
Verð kr. 6.900,-

Hágæða
Espresso kaffivél.
Fyrir fullorðna.
Verð kr. 29.900,-

REMINGTON

Carmen rúllur- Vandað sett
Verð kr. 6.990,-

REMINGTON

Hárblásari – „SÁ BESTI"
Verð kr. 5.490,-

home art

Í ORMSSON SMÁRALIND
Dásamlega fjölbreytt og falleg vara!

REMINGTON

Rakvél – Lúxus-gripur
í annríki dagsins
Verð kr. 6.990,-

REMINGTON

Líkamshársnyrtir fyri
vandaða snyrtipinna
Verð kr. 3.995,-

Gleðileg jól!

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar aka hægar í ár en þeir gerðu í fyrra.

Árangur með samstilltu átaki

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Íslendingar aka nú að meðaltali nærri þremur kílómetrum hægar á klukkustund en þeir gerðu í fyrra. Meðalhraðinn samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar á tíu stöðum á hringveginum var í fyrra 97 km á klukkustund en er í ár 94,1.

Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, benti á í frétt blaðsins í gær að þessi árangur væri meiri en kann að virðast í fyrstu og til að ná honum þurfi þúsundir bílstjóra að aka á 90 kílómetra hraða í stað 100. „Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem meðalhraðinn er lægri fækkar banaslysum," segir Ágúst og nú þegar rúm vika er til áramóta eru banaslys í umferðinni tæpur helmingur miðað við árið í fyrra eða 15 á móti 31 árið 2006. Banaslys hafa ekki verið færri síðan árið 1997. Víst má telja að þarna sé samhengi á milli.

Dæmin sýna því að þjóðin getur staðið saman um að sporna við óheillaþróun.

Þó full ástæða sé til að fagna fækkun banaslysa má ekki gleyma því að bak við hvert slíkt slys er þungur harmur margs fólks. Hvert einasta banaslys í umferðinni er því í raun óásættanlegt. Einnig verður að hafa í huga allan þann fjölda fólks sem slasast og örkumlast í umferðarslysum. Þetta er stór hópur en lítið sýnilegur. Enn er því langt í land í baráttunni gegn umferðarslysum.

En bílstjórar aka að jafnaði hægar en þeir gerðu áður og því ber að fagna. Þann árangur má þakka samverkandi þáttum; aukinni löggæslu, hærri sektum og einnig forvörnum og umræðu sem gert hafa almenning meðvitaðri en áður um alvarleika þess að aka of hratt. Af þessu má læra.

Benda má á önnur dæmi um árangur sem hefur náðst með samstilltu átaki. Til dæmis hefur stórlega dregið úr reykingum síðustu áratugi sem þakka má forvörnum sem beinst hafa að börnum og ungmennum fyrst og fremst. Annað dæmi er unglingadrykkja sem fyrir fáum árum var samþykkt með aðgerðaleysi allra sem að komu en nú ríkir samkomulag um að líða ekki. Árangurinn mætti vissulega vera betri þar en hann er þó fyrir hendi.

Dæmin sýna því að þjóðin getur staðið saman um að sporna við óheillaþróun, ekki síst þegar saman fer hugarfarsbreyting meðal almennings og aðgerðir stjórnvalda.

Velta má fyrir sér hvort á sama hátt mætti stilla saman strengi og draga úr ofbeldi í samfélaginu; ofbeldi gegn börnum, sérstaklega kynferðislegt, kynbundið ofbeldi og líkamlegt ofbeldi eins og það birtist í barsmíðum einkum að næturlagi.

Þetta ætti að vera hægt með samstilltu átaki. Aðkoma yfirvalda yrði þá aukin löggæsla og skilvirkari meðferð á kærum, ekki síst þegar um er að ræða ofbeldi gegn börnum, heimilisofbeldi og nauðganir. Refsingar fyrir ofbeldisbrot verða einnig að harðna. Hver og einn tekur svo þátt með því að líta í eigin barm, eins og almenningur hefur einmitt gert til dæmis með því að aka hægar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Með jólalagi

Sjálfstæðisflokkurinn hélt jólaboð á fimmtudagskvöldið og eins og kemur fram á vef flokksins heppnaðist það með ágætum. Ekki er langt síðan sást til forsætisráðherra taka lagið í þættinum Laugardagslögin í Ríkissjónvarpinu með hljómsveitinni South River Band. Sú hljómsveit spilaði einmitt í jólaboðinu og fékkst Geir til að syngja gamla Cash-slagarann „Walk the Line" með hljómsveitinni í íslenskri þýðingu, eða Ég hlusta á hjartað. Þeir sem vilja hlusta á forsætisráðherrann syngja geta heyrt það á nýjum disk South River Band sem gefinn er út til styrktar MS-félaginu.

Undir merkjum sjálfstæðis

Sjálfstæðisflokkurinn sendi einnig félagsmönnum sínum rafræna jólakveðju með jóla- og nýársávarpi formannsins. Að minnsta kosti einn félagi svaraði jólakveðjunni og segist hættur að styðja flokkinn, en spillingin sé hvergi meiri en hjá þeim flokki sem þykist ekki þekkja spillingu. Í ávarpinu segir Geir að ríkisstjórnarflokkarnir tveir eigi það verkefni að leiða þjóðfélagið næstu fjögur árin, en þeir sameinist undir merkjum sjálfsstæðisstefnunnar. Ætli Samfylkingarfólk sé sátt við það merki?

Nýir jólasveinar

Ungir jafnaðarmenn óskuðu ráðherrum gleðilegra jóla með því nefna þá jólasveina og færa þeim ósk frá ungu Samfylkingarfólki til hvers ráðherra. Meðal þeirra sem fengu ný nöfn var Össur Skarphéðinsson sem nú er Rafmagnsstaur, með ósk um að iðnaðarráðherra leyfi Þjórsá að vera í friði. Geir H. Haarde er Sætigaur, með ósk um að sætasta stelpan á ballinu fái jafnhá laun og strákarnir. Þá fær Kristján Möller að vera Gangnasníkir, með ósk um að flugvöllurinn verði færður úr miðbæ Reykjavíkur.

svanborg@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Eru jólin fyrir alla?

ILLUGI GUNNARSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Jólin voru öllum gefin

Undirbúningur jóla stendur nú sem hæst. Snúningar og hlaup, þrif, gjafir og matur, jólaskraut, jólakökur og jólakort, skata og brennivín, hangikjöt og uppstúf, laufabrauð og allt það sem tilheyrir komu jólanna. Viðtöl við káta kaupmenn sem segja að jólaverslunin hafi verið ívið meiri í ár en á síðasta ári og margir hugsa til þess með ónotum hvernig í ósköpunum þeir eigi að greiða vísakortið þegar gerð verða reiknisskil vegna „áfallins kostnaðar" eins og heitir á máli endurskoðenda.

Sjálf jólin kosta auðvitað ekki neitt og krefjast ekki flókins undirbúnings. Þau búa hið innra með okkur og það eina sem við þurfum að gera til að fá notið þeirra er að staldra eilítið við og hugleiða hvað þau merkja. Fæðing frelsarans er upphaf vonar um betri heim, um heim fyrirgefningar og umburðarlyndis, um heim þar sem við hvert og eitt lítum á samferðafólk okkar sem bræður okkar og systur. Þessi von kostar ekkert og það þarf hvorki að skúra gólf né pússa silfur til þess að hægt sé að hleypa henni inn. Hún fer ekki í manngreinarálit og helst á hún erindi við þá sem byrðum og þunga eru hlaðnir.

Sálmaskáldið Valdimar Briem vissi sem var að efni manna og lífsgæfa skipta ekki sköpum þegar jólin nálgast.

Hvert fátækt hreysi höll nú er, höll nú er,
því Guð er sjálfur gestur hér.

Jólin eru eign okkar allra og við fáum best notið þeirra þegar okkur tekst að rífa okkur laus frá öllu atinu sem fylgja komu þeirra. Það er reyndar umhugsunarefni hvers vegna við keppumst svona mjög við jólaundirbúninginn, hvers vegna við þurfum að fara fyrst svo algerlega á haus til þess síðan að geta fundið frið. Í þessu eins og flestu öðru er meðalhófið best, jólin eru tilefni til þess að gera sér glaðan dag og sjálfsagt að tjalda hinu besta í tilefni hátíðarinnar en um leið eigum við að gæta þess að láta ekki hið ytra skyggja á hið innra. Tilgangurinn er jú ró og friður, ekki át og óhóf.

Margir geta ekki veitt sér það sem flestum finnst sjálfsagt og tilheyra á jólum, það er vissulega til fátækt í okkar ríka landi. Eftir því sem við leggjum meira upp úr gjöfum og tilstandi vegna jólanna, því þyngra verður hlutskipti þeirra sem minnst eiga í samfélaginu okkar. Ef jólin eru uppskeru- og neysluhátíð þá er hættara við því að fátækin verði sárari, að samanburðurinn við þá sem svo mikið eiga verði óþolandi. En ef við öll reynum að njóta jólanna í anda þeirra og slökum aðeins á í kaupæðinu, þá tökum við á móti hátíðinni eins og til var ætlast, því við jötuna í Betlehem eru allir jafnir, háir sem lágir.

Ég óska lesendum öllum gleðilegra jóla.

Gleðileg jól

Samkvæmt nýlegri lífskjarakönnun búa Íslendingar við bestu lífskjör allra þjóða – að meðaltali. Það eru mjög margir sem hafa það mjög gott, geta haldið sómasamleg jól og vel það. En á sama tíma eru stórir hópar fólks sem standa eftir. Þetta er ekkert náttúrulögmál, eins og sumir virðast halda, þar á meðal forsætisráðherra þjóðarinnar, sem ítrekað hefur lýst því yfir að „það verði alltaf einhverjir fátækir" hér á landi.

Réttlæti en ekki ölmusa

Jöfnuður snýst ekki um ölmusu sem þeir ríku reiða fram. Við eigum að sjá til þess að enginn líði skort vegna þess að það eiga allir jafn mikinn rétt á að góðu lífi og það leggja allir jafn mikilvægan skerf af mörkum. Skúringakonan með lægstu launin er til dæmis alveg jafn ómissandi og forstjórinn í sama fyrirtæki, því ef enginn er til að skúra gólfið fellur starfsemin niður. Þau miklu verðmæti sem útvaldir hópar hafa fengið í hendur undanfarin ár urðu ekki til úr engu, heldur eru þau afrakstur vinnu allra Íslendinga í sameiningu.

Stundum er talað um að fyrirtæki skapi störf. Það er alveg rétt, en starfsmennirnir skapa líka fyrirtækin og þau verðmæti sem þar verða til.

Fátækt á heimsvísu

Veraldlegum gæðum er víðar misskipt en á Íslandi. Á hverjum einasta degi láta um 50.000 manns lífið af völdum fátæktar, þar af 30.000 börn. 2,7 milljarðar manna lifa á því sem samsvarar innan við tveimur dollurum á dag (miðað við verðlag í viðkomandi landi) og þar af er einn milljarður sem býr við sárafátækt, lifir á minna en einum dollara á dag. Þetta er síður en svo óleysanlegt vandamál. Þróunaraðstoð vestrænna ríkja skilar sífellt meiri árangri: Samkvæmt Alþjóðabankanum næstum þrefaldaðist nýtingin á átta árum í lok síðustu aldar. Vandinn er bara sá að á sama tíma lækkuðu upphæðirnar sem við á Vesturlöndum höfum verið tilbúin að inna af hendi. Þróunaraðstoð hefur raunar aldrei verið minni frá því að hún hófst af einhverju viti eftir seinni heimsstyrjöld.

Ekki eru mörg ár síðan reiknað var út að í kringum 50 milljarðar dollara myndu nægja til að helminga fjölda þeirra sem búa við sárafátækt. Til samanburðar má nefna að nú þegar hefur Bandaríkjastjórn eytt 474 milljörðum í ólögmætt innrásarstríð í Írak.

Íslendingar eiga að láta sig skiptingu veraldarauðsins varða. Markaðshyggjan leysir ekki úrlausnarefni misskiptingarinnar. Það gera ábyrg samfélög sem vilja stuðla að jöfnuði með samstilltu átaki. Gleðileg jól fyrir alla eru á ábyrgð okkar allra.

Ný sending af Hornafjarðarhumri komin í Nettó

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 24. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SIA Umbrot: Vikurfréttir

EDDIE VEDDER TÓNLISTARMAÐUR ER 43 ÁRA

„Ástin sem við raunverulega þiggjum er sú sem verður bjargað.“

Vedder er söngvari og lagahöfundur í hinnu þekktu rokksveit Pearl Jam.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 23.DESEMBER 1193

Þorlákur helgi Þórhallsson andast

Þorláksmessa er haldin til minningar um Þorlák hinn helga Þórhallsson, biskup í Skálholti.
Hann lést 23. desember 1193 og var messa þennan dag honum til heiðurs lögleidd 1199.
Þorláksmessa á sumri er 20. júlí. Var hún lögleidd 1237 til að minnast þess að þann dag árið 1198 voru bein Þorláks tekin upp til að nýtast við áheit. Var þessi messa ein mesta hátíð ársins á Íslandi fyrir siðaskipti.
Jóhannes Páll páfi II útnefndi Þorlák verndardýrling Íslands með tilskipun 14. janúar 1985 og er hann einnig verndari Kristskirkju í Reykjavík samkvæmt kaþólsku kirkjunni. Þorlákur er eini íslenski dýrlingurinn í kaþólskri trú sem hefur hlotið opinbera viðurkenningu.
Á seinni tímum hefur Þorláksmessa orðið hluti af jólaundirbúningnum, þennan dag eru margir vanir að ljúka við að skreyta heimilin.
Af Vesturlandi er sá siður ættaður að borða kæsta skötu á Þorláksmessu en sá siður hefur orðið algengur um allt land á seinni árum.

MERKISATBURÐIR

- **1846** Borðeyri við Hrútafjörð á Ströndum varð löggiltur verslunarstaður.
- **1905** Páll Ólafsson skáld lést, 78 ára gamall. Eftir hann eru þekkt ljóð eins og Sólskríkjan, Sumarkveðja og mörg fleiri.
- **1956** Richard Nixon, sem þá var varaforseti Bandaríkjanna, kom til Íslands og heimsótti Ásgeir Ásgeirsson forseta á Bessastöðum.
- **1958** Ríkisstjórn Alþýðuflokksins tók við völdum og sat í ellefu mánuði undir forsæti Emils Jónssonar.
- **1968** Í Reykjavík urðu átök á milli lögreglu og fólks sem mótmælti stríðinu í Víetnam. Var þessi atburður nefndur Þorláksmessuslagurinn.

†

Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Péturs Magnússonar
Háaleitisbraut 16, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11-G Landspítala.

Ragnheiður Hallgrímsdóttir
Hallgrímur Pétursson
Björg Pétursdóttir
Magnús Pétursson **Júlíana H. Friðjónsdóttir**
Guðfinna Pétursdóttir **Guðmann Bjarnason**
börn, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

†

Við viljum þakka öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar okkar, bróður og barnabarns,

Kristins Veigars Sigurðssonar.

Anna Guðbjörg Kristinsdóttir **Sigurður Óskar Sólmundarson**
Vilborg Rós Eckard **Birgir Stefánsson**
systkini, afar, ömmur, langamma og langafi.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför systranna frá Oddsflöt í Grunnavík,

Steinunnar Maríu Guðmundsdóttur
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

f. 11. maí 1924, d. 26. nóvember 2007,
sem var jarðsungin frá Garðakirkju á Álftanesi 11. desember sl.

Kristbjörn H. Eydal
Friðþór Kr. Eydal **Elín Hrefna Kristjánsdóttir**
Guðmundur Kr. Eydal **Sigríður Hróðmarsdóttir**
Halldór Páll Kr. Eydal
ömmubörn og langömmubörn

†

Gunnar Guðmundsdóttur (Gógóar)
Túngötu 18, Ísafirði,

f. 15. mars 1934,, d. 8. desember 2007,
sem var jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju 15. desember sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 13G á Landspítalanum við Hringbraut og starfsfólki Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði.

Ingi Einar Jóhannesson
Jóhannes Bekk Ingason **Alda Svanhildur Gísladóttir**
Elvar Guðmundur Ingason **Dagný Selma Geirsdóttir**
Brynjar Ingason **Guðbjörg Ragnheiður Jónsdóttir**
og ömmubörn.

ROTARY REYKJAVIK INTERNATIONAL: GEFA FLÓTTAFÓLKI ORÐABÆKUR

Tungumálið opnar dyr

„Við vorum að leita okkur að verkefni fyrir jólin og í gegnum starf mitt í Alþjóðahúsinu heyrði ég af því að það vantaði spænsk-enskar orðabækur handa kólumbísku flóttafólki sem er nýkomið til landsins. Í kjölfarið ákváðum við að gefa þessa gjöf,“ segir Barbara Kristvinsson, stjórnarmaður í Rotary Reykjavík International, en hún vinnur sem ráðgjafi á Alþjóðahúsinu.

Fjölskyldurnar sem fengu bækurnar eru tíu talsins og börnin kunna hvorki ensku né íslensku. Bækurnar sem þau fengu að gjöf eru spænsk-íslenskra orðabækur frá Eddu og að sögn Barböru voru kennarar barnanna mjög ánægðir með framtakið.

Alþjóðahúsið sér um að kenna flóttafólki íslensku fyrsta árið hérlendis og og leggur þá aðaláherslu á talmál sem nýtist beint í daglegu lífi, til dæmis í skólanum og vinnunni. Auk þess sér Alþjóðahúsið um félagsleg atriði eins og starfsþjálfun og tómstundir og menningarfræðslu.

Barbara segir flestar spurningar snúast um hvar sé hægt að læra málið og þess vegna kærkomið að geta lagt kólumbíska flóttafólkinu lið á þennan hátt. „Auk spurninga um tungumálið fáum við margar fyrirspurnir um félagsleg réttindi og kerfið almennt, sem getur vafist verulega fyrir fólki sem talar ekki málið,“ útskýrir Barbara sem segir starfsmenn Alþjóðahússins tala fjöldann allan af tungumálum og bjóða upp á túlka- og þýðingaþjónustu. „Það má alltaf standa betur að málefnum innflytjenda en Ísland er á réttri leið finnst mér,“ segir Barbara.

Rotaryfélagið, sem gefur orðabækurnar, er alþjóðlegur félagsskapur um allan heim. Á íslandi eru mörg Rotaryfélög en Rotary Reykjavík International er það eina sem er enskumælandi og alþjóðlegt. „Við höfum tekið þátt með alþjóðlegu hreyfingunni, til dæmis með að búa til vatnsbrunna á Indlandi og í Afríku. Síðan er stefnan tekin á að styrkja útlendinga sem þurfa á íslenskunámi að halda og leggja þannig okkar af mörkum til að innflytjendur aðlagist sem best íslensku þjóðfélagi,“ segir Barbara.

heida@frettabladid.is

VELKOMIN TIL ÍSLANDS Barbara Kristvinsdóttir, stjórnarmaður Rotary Reykjavík International afhenti kólumbísku flóttafjölskyldunum spænsk-enskar orðabækur frá Rotary Reykjavik International.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útskrift Brautargengiskvenna – Humanus og Gallerí Ágúst fengu viðurkenningu

Tuttugu konur útskrifuðust af námskeiðinu Brautargengi við hátíðlega athöfn í desember. Brautargengi er nám fyrir athafnakonur sem hyggjast stofna eða reka nú þegar fyrirtæki. Það er Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem stendur fyrir námskeiðinu.

Við útskriftina fór Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra fögrum orðum um Brautargengi sem hann telur eitt best heppnaða stuðningsverkefni stjórnvalda við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Brautargengi er stutt af sveitarfélögum og SPRON, en Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands sér um framkvæmd þess. Tvö verkefni fengu viðurkenningar og veitti SPRON þeim einnig peningaverðlaun að upphæð 150 þúsund fyrir hvort verkefni.

Viðurkenningu fyrir bestu viðskiptahugmyndina hlutu Bára Benediktsdóttir og Lilja Hannesdóttir. Fyrirtæki þeirra Humanus verður ráðgjafafyrirtæki í mannauðs- og fræðslumálum, með áherslu á þjónustu við fyrirtæki innan heilbrigðiskerfisins, með það að meginmarkmiði að halda í og laða að hæft starfsfólk.

Hvatningarverðlaun að þessu sinni hlaut Sigrún Sandra Ólafsdóttir, sem opnaði Gallerí Ágúst í ágúst síðastliðnum. Gallerí Ágúst er myndlistargallerí sem leggur áherslu á hágæða samtímamyndlist og mun koma á framfæri hérlendis og erlendis vel völdum hópi úrvals myndlistarmanna.

ÚTSKRIFTARHÓPUR Tuttugu konur útskrifuðust af námskeiðinu Brautargengi.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag frá kl.10 til 22 í öllum verslunum Bónus.

Tökum daginn snemma.

Opnum kl.10

BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER: www.bonus.is

TEMPUR

Gravity Zero: Stillanleg heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Frá kr. 365.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. frá kr. 31.559

* Tilboð innifelur stillanlegt rúm og heilsudýnur.

Jólagjöfin þín

Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-

TEMPUR

Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-

TEMPUR

AUKAKRÓNUR Samstarfsaðili

www.betrabak.is

Vaxtalaus jólatilboð

Við í Betra Bak
trúum því að rúm
sé ekki bara staður
til að sofa á,
heldur eitthvað
miklu miklu meira.

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218

* Tilboð innifelur rúmbotn, lappir og heilsudýnu.

Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-

TempraKON®

Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



yes!

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-19 • Laugardag frá kl. 10-22
Þorláksmessu frá kl. 10-23 • Aðfangadag frá kl. 10-12

Er leikkona sem tek að mér gamanleik

Innan leikhússheimsins er hún þekkt fyrir litla prímadonnustæla og litlar tiktúrur út af búningum. Þrátt fyrir að **Ilmur Kristjánsdóttir** hafi síðan hún útskrifaðist unnið hvern leiksigurinn á fætur öðrum sagði hún *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* að hún væri alltaf með b-plan til staðar.

GOTT AÐ VERA MEÐ FÓLKI Ilmur Kristjánsdóttir segist hafa áhuga á fólki og heldur því fram að fólk sé alveg jafn týnt eftir að hafa verið eitt í fjallakofa í hálft ár eins og það væri hefði það sleppt því. Samskipti við fólk gefi meira en einvera. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er til siðs að reyna að fylgja einhverjum tímaás. Því staulumst við aftur til ársins 1978, og komum okkur fyrir innan um fyrstu minningar Ilmar. Hún ólst upp á Óðinsgötu, var Þingholtsbarn sem klifraði í görðum – grallari en góðhjörtuð þó. Hvaða sögur hefur hún heyrt af sér sem barni sem staðfesta það? „Ég var leynigestur í Borgarholtsskóla um daginn þar sem einn kennarinn hafði verið nágranni minn á Óðinsgötu. Hún mundi eftir mér þegar ég var um það bil þriggja ára og hún var að koma heim með innkaupapoka. Hún lagði hann frá sér á jörðina meðan hún opnaði útidyrnar hjá sér og þá var ég mætt, tók pokann og faldi bak við mig. „Ertu spæld?“ spurði ég hana. „Já, nú er ég spæld, því ég hef týnt innkaupapokanum mínum.“ „Ekki vera spæld,“ sagði ég og rétti henni aftur pokann. Ég var sem sagt grallari en hafði ekki hjarta í mér til að plata fólk lengi, vildi ekki að neinum liði illa.“

Systkinin í sama geira

Enda hefði nú verið örðugt að skilja ef Ilmur hefði getað níðst á einhverjum – komandi frá manneskjuelskandi heimili tveggja hippa sem lögðu áherslu á jöfnuð, manngæsku og allt það sem hipparnir lögðu upp úr. Hipparnir voru að sjálfsögðu ekki hallir undir peningahyggjuna en faðir Ilmar var þó einhvern tíma á staðráðinn í því að verða ríkur – á níunda áratugnum. „Hann er félagsfræðikennari og fékk þá hugmynd að fara út í einhvern fyrirtækjarekstur. En hann er bestur í að vera kennari og allir urðu mjög fegnir þegar hann tók upp fyrra starf aftur og lét viðskiptadraumana lönd og leið. Mamma var svo heima með okkur en vann alltaf hér og þar með. Og lauk svo prófi í ferðamálafræði ekki alls fyrir löngu. En ef ég á að lýsa uppeldinu var það frjálst og áhersla á að við systkinin þrjú fyndum okkur eitthvað skapandi að gera.“ Foreldrunum varð að ósk sinni því í dag eru þau öll viðriðin kvikmynda-, sjónvarps- og leikhúsgeirann, eldri systirin aðstoðarleikstjóri og yngri bróðirinn klippari. „Þau eru bæði meðal fremstu í sínu fagi hér á landi,“ segir Ilmur stolt. „Það átti auðvitað að brjóta gamlar leiðinlegar hefðir og við börnin vorum til að mynda ekki nefnd í höfuðið á neinum og alls ekki skírð. Heimilishaldið var ekki strangt og þess vegna elskaði ég að fara heim til vinkvenna minna þar sem maður varð að fara úr skónum í anddyrinu og í kaffitímanum, sem var alltaf klukkan þrjú, fékk maður ákveðið margar kexkökur.“

Engin magapína

Vitaskuld hafði uppeldið sín áhrif á persónuleika Ilmar – trúi maður á félagsfræðina að minnsta kosti – aðrir gætu kennt genum um – en Ilmur þykir afslöppuð þótt hún neiti að nefna það „kæruleysi“. Frekar megi kalla þetta að trúa fremur á „árangur án áreynslu“. „Ég er mjög metnaðarfull og legg metnað í það sem ég geri en ég vil ekki þurfa að þvinga það fram þannig að það má segja að allt mitt meitlist áfram á réttum forsendum.“ Sem sagt ekki áhyggjufulla manngerðin? „Nei, ég vil ekki eyða tíma mínum og orku í að hafa áhyggjur, það er ekki til neins og ég reyni frekar að lifa í núinu.“ Það eru fjögur ár síðan Ilmur útskrifaðist og áður en hún var í raun útskrifuð var hún ráðin til Leikfélags Reykjavíkur – og það í stórt hlutverk – sjálfa Línu langsokk. En hefur hún aldrei áhyggjur af velgengninni, eru leikarar ekki með stöðuga magapínu yfir því hvað taki við? „Nei, það er einmitt það sem þetta snýst allt um. Ef þú ætlar að vera í dauðateygjum af áhyggjum, hafandi áhyggjur af hvert næsta verkefni verði, hefurðu enga burði til að standa þig í verkefninu sem þú ert í þá stundina og þá færðu kannski heldur ekkert meira að gera. Þannig að ég verð að segja nei, ég hef ekki upplifað kvíðakast. Enda er ég líka og hef alltaf verið með b-plan í bakhöndinni.“

Maðurinn þarf ekki að vera einn

Að Ilmur hafi b-plan er efni í sérkafla. Til að mynda var hún búin að ákveða, þegar hún sótti um leiklistarskólann, að það væri fullt fyrir hana annað að gera kæmist hún ekki inn. Áhugi á líffræði og jarðfræði var til staðar og ýmislegt annað. „Svo kom smá bakslag í samningaviðræður hjá mér fyrir um ári síðan og þá var ég í startholunum með að skrá mig í guðfræði, var staðráðin í að hætta að leika í bili og skrá mig í háskólann. Það er þægileg tilhugsun að hafa b-plan, þá veit maður að maður á aldrei eftir að sitja aðgerðarlaus. Mest finnst mér gaman að vera í kringum fólk og njóta samvista og slíkt er hægt að gera í fleiri störfum, en ekki misskilja mig, ég elska leiklistina og verð áreiðanlega alltaf af viðriðin hana.“ Guðfræðin heill-

> Ég hugsaði með mér hvort ég ætti þá kannski að skammast mín, en komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki – ég meina þetta var hvort sem er satt. Ég fór að spá í hvort kæruleysið mitt væri þannig að mér væri hreinlega sama um prívasíið mitt en slúðurpressa er bara slúðurpressa og tæklar tilfinningalíf manns ekki lengra en það.

desember 2007
Sport
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍÞRÓTTIR]

» BARÁTTAN UM TITILINN HELDUR ÁFRAM

HVAÐA LIÐ STENDUR SIG BEST Í JÓLATÖRNINNI?

» ÓLÍK JÓL ÍSLENSKRA LEIKMANNA

» AFDRIFARÍK AFRÍKUKEPPNI

» HARPER ÁNÆGÐUR MEÐ „BRYN“

EL CLÁSICO

» LEIKUR ÁRSINS Á SPÁNI

SPÁÐ Í SPILIN FYRIR STÓRLEIK BARCELONA OG REAL MADRID Á NOU CAMP Í KVÖLD

Iceland Express
með ánægju

1011
...alltaf opið!

vörður

vodafone

SÝN FÓTBOLTAVEISLA Á YFIR HÁTÍÐARNAR

Enska knattspyrnan verður á sínum stað á Sýn um jólin og er óhætt að fullyrða að allir ættu að geta fundið eitthvað fyrir sinn snúð. Allir leikirnir yfir hátíðarnar verða sýndir í beinni útsendingu og eru nokkrir sannkallaðir stórleikir á dagskrá.

23. desember

Leikur ársins í spænska boltanum, El Clasico. Kl. ***17.50*** *á*

11.50 Man. Utd. - Everton
13.55 Newcastle - Derby
15.50 Atl. Madrid - Espanyol
16.00 Blackburn - Chelsea
17.50 Barcelona - Real Madrid
21.00 New England - Miami

26. desember

Hermann Hreiðarsson tekur á móti Fabregas og félögum. Kl. ***19.40*** *á*

12.50 West Ham - Reading
14.50 Sunderland - Man. Utd.
14.55 Derby - Liverpool
14.55 Chelsea - Aston Villa
14.55 Tottenham - Fulham
14.55 Everton - Bolton
19.10 RN Löwen - Gummersbach
19.40 Portsmouth - Arsenal

27. desember

19.35 Man. City - Blackburn

28. desember

19.35 Íþróttamaður ársins 2007
00.30 San Antonio - Toronto

29. desember

Íslendingaliðinu West Ham gekk vel með meistara Man. Utd. í fyrra. Skyldi það sama verða uppi á teningnum í ár? Kl. ***14.45*** *á*

12.35 Sheffield Utd. - Crystal Palace
14.45 West Ham - Man. Utd.
14.55 Chelsea - Newcastle
14.55 Tottenham - Reading
14.55 Sunderland - Bolton
14.55 Portsmouth - Middlesbrough
17.00 Everton - Arsenal
19.10 4 4 2

30. desember

13.20 Derby - Blackburn
15.50 Man. City - Liverpool

1. janúar

West Ham mætti Man. Utd. í síðasta leik. Nú er það Arsenal. Kl. ***14.45*** *á*

12.30 Fulham - Chelsea
14.45 Arsenal - West Ham
14.55 Man. Utd. - Birmingham
14.55 Reading - Portsmouth
14.55 Middlesbrough - Everton
17.10 Aston Villa - Tottenham

2. janúar

19.35 Newcastle - Man. City
19.50 Liverpool - Wigan
19.55 Bolton - Derby
19.55 Blackburn - Sunderland

NÆTURVAKTIN
KOMIN Á DVD



NÆTUR-VAKTIN
allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefni; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlestur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.

Eigum við að ræða það eitthvað?

„BRYN" ER VANMETINN

Landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson hefur fest sig í sessi sem byrjunarliðsmaður hjá Reading, í kjölfar þess að helsta stjarna liðsins undanfarin ár, Steve Sidwell, gekk í raðir Chelsea í sumar. James Harper, sem spilar við hlið Brynjars á miðjunni, er afar ánægður með hvernig samstarf þeirra hefur þróast í vetur.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON OG ANTHONY SMITH

James Harper og Brynjar Björn Gunnarsson eru fyrsti valkostur Steve Coppell, knattspyrnustjóra Reading, á miðju síns liðs. Harper segist ekki öfunda Brynjar af því hlutverki að leysa Steve Sidwell, lifandi goðsögn í augum stuðningsmanna Reading, af hólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Brynjar er mjög öflugur leikmaður og stórlega vanmetinn. Eina vandamálið er að hann hefur ekki spilað svona reglulega í næstum þrjú ár og það tekur alltaf tíma að ná stöðugleikanum aftur. En þetta er allt að koma hjá honum og fyrir mig er frábært að spila við hliðina á eins miklum vinnuhesti," sagði Harper í samtali við Sport, en hann kallar íslenska landsliðsinsmanninn „Bryn", enda er Brynjar heldur óþjált nafn fyrir Breta til að bera fram.

ERFITT AÐ MISSA SIDWELL

Harper er uppalinn hjá akademíu Arsenal í Englandi en hefur verið á mála hjá Reading frá árinu 2001. Hann þykir einstaklega léttur í lundu og mikill húmoristi og er fyrir vikið í miklu uppáhaldi meðal stuðningsmanna félagsins. Harper lék með Steve Sidwell á miðju Reading á síðustu leiktíð, þegar Reading kom liða mest á óvart, og einnig fyrir tveimur árum þegar liðið náði besta árangri sem náðst hefur í ensku 1. deildinni frá upphafi. Samvinna þeirra tveggja var annáluð og þóttu þeir ná einstaklega vel saman. Harper viðurkennir að það hafi tekið tíma að venjast því að spila við hlið Brynjars, eftir að Sidwell fór á frjálsri sölu til Chelsea í sumar.

„Ég og Steve vorum mjög nánir og náðum frábærlega saman á vellinum. Við spiluðum saman nánast samfleytt í fjögur ár og þekktum hvor annan út og inn. Ef ég var með boltann þá vissi ég nákvæmlega hvar ég gat fundið Steve. Það sama átti við um hann. Við vissum hvenær við áttum að halda djúpri stöðu og hvenær við gátum stungið okkur inn í teiginn. Þetta var orðið ósjálfrátt hjá okkur," útskýrir Harper og bætir við að það sé því fullkomlega eðlilegt að það hafi tekið tíma að aðlagast leikstíl Brynjars.

LÍÐUR VEL MEÐ BRYNJARI

„Okkar samstarf verður sífellt betra og í sannleika sagt er ekki svo mikill munur á Brynjari og Steve. Mér líður mjög vel að hafa hann við hlið mér á vellinum, hann er varnarsinnaðri en Steve og fyrir vikið fæ ég að taka enn meiri þátt í sókninni en áður. Það er ekki leiðinlegt," segir Harper og glottir, en hann hefur skorað þrjú mörk í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. „Við eigum eftir að verða enn betri eftir því sem líður á veturinn og Brynjar er stöðugt að bæta sig. Það er ekki auðvelt að feta í fótspor Steve en Brynjar hefur að mínu mati staðið sig frábærlega."

Brynjar er ennþá að jafna sig á meiðslum sem hann hlaut í leiknum gegn Sunderland um miðjan mánuðinn þegar sauma þurfti átta spor í hné hans. Hann verður þó líklega kominn á sinn stað við hlið Harpers á miðju Reading þegar liðið heimsækir West Ham á öðrum degi jóla.

» ÉG ER

JAMES HARPER
Aldur: 27 ára
Hæð: 178 cm
Leikir með Reading
253 (21 mark)

VISSIR ÞÚ?
Harper vakti mikla athygli fyrir nokkrum misserum þegar hann greindi frá því hvað hann borðaði í morgunmat á keppnisdag. Í stað pasta, hrísgrjóna eða kjúklings fær Harper sér ekta enskan morgunverð með öllu tilheyrandi – og helst extra skammt af beikoni. „Þetta er eini maturinn sem gefur mér orkuna sem ég þarf til að komast í gegnum 90 mínútur," segir Harper.

Steve Sidwell hefur fá tækifæri fengið hjá Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

DRAUMALIÐIÐ

» GUÐNI BERGSSON, fyrrverandi atvinnumaður í Englandi og umsjónarmaður 4-4-2 á sjónvarpsstöðinni Sýn, hefur eðlilega fylgst vel með ensku úrvalsdeildinni það sem af er leiktíð. Sport fékk Guðna til að stilla upp úrvalsliði deildarinnar, miðað við frammistöðu leikmanna á fyrri helmingi mótsins.

„Það eru lítil vísindi á bak við þetta val – Þetta er uppistaðan í þeim liðum sem hafa verið að standa sig best í deildinni. Anelka fær að vera þarna því hann er í hópi markahæstu manna þrátt fyrir að vera í liði í neðri hlutanum. Fabregas stendur upp úr – sem besti leikmaðurinn í besta liðinu. Hann hefur spilað frábærlega, skorar mikið og er einnig að leggja upp. Hann hefur skarað fram úr það sem af er," segir Guðni.

BOSS HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI collezione
bugatti

Herra tagemann outlet

Gleðilegt jól!

BELLINI collezione
Jakkaföt
19.980
VERÐ ÁÐUR 44.980
ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

eterna
Skyrtur
5.586
VERÐ ÁÐUR 7.980
ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

30% afsláttur nýjar skyrtur

50% afsláttur af öllum öðrum vörum

BELLINI collezione
Skyrtur
3.980
VERÐ ÁÐUR 7.980
ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

strellson
Frakkar
19.980
VERÐ ÁÐUR 39.980

Lengri opnunartími til jóla!

Opið lengur

Opið frá kl. 11 til 22 í dag.

Opið Þorláksmessu frá kl. 11 til 22.

Lokað aðfangadag.

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

SÉRFRÆÐINGARNIR SVARA

Hvaða staða hentar Eiði Smára best hjá Barcelona?

Ólafur Kristjánsson:

Sem fremsti miðjumaður. Þá snýr hann á móti markinu og getur þannig nýtt útsjónarsemi sína. Hann vantar aðeins upp á hraðann til að vera fremstur hjá liði eins og Barcelona.

Bjarni Jóhannsson:

Fremstur á miðjunni í 4-3-3. Það er besta staðan hans í því leikkerfi. Haldi hann áfram að sýna þann dugnað og einbeitingu sem hefur einkennt leik hans að undanförnu aukast líkurnar á byrjunarliðssæti.

Logi Ólafsson:



Það passar honum best að vera fremsti miðjumaður í lið Barcelona. Við sáum í leiknum gegn Rangers af hverju. Hann á að hafa pínulítið frjálsar hendur og er auk þess vinnusamur og duglegur.

Heimir Guðjónsson:

Hann stóð sig ágætlega í stöðu fremsta sóknarmanns í fyrra en mér finnst eiginleikar hans, eins og yfirsýnin og leikskilningurinn, nýtast miklu betur á miðjunni í þessu 4-3-3 leikkerfi Barcelona. Hann á að vera á miðjunni.

ÆTLA AÐ ÉTA EINS OG SVÍN

Óhætt er að segja að íslenskir atvinnumenn í knattspyrnu upplifi jólin með ólíkum hætti. Fulltrúar Íslands á Englandi fara í gegnum erfiðustu törn ársins í kringum hátíðarnar á meðan atvinnumenn á Spáni, Ítaliu og á Norðurlöndunum fá leyfi til að fara heim og halda upp á jólin í faðmi stórfjölskyldunnar.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

Flestir íslensku leikmannana fá sendan út til sín sérislenskan jólamat – og að sjálfsögðu er jólaölið á sínum stað.

Þetta er vissulega nokkuð frábrugðið því að halda jólin á Íslandi en við reynum þó eftir fremsta megni að halda í alla íslensku siðina. Ég tók hamborgarhrygginn, hangikjötið, jólaölið og meira að segja rauðkálið með mér frá Íslandi í vikunni," segir Hermann Hreiðarsson, leikmaður Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.

Hann, líkt og aðrir íslenskir leikmenn á Bretlandseyjum – Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson hjá Reading, Heiðar Helguson hjá Bolton, Jóhannes Karl Guðjónsson hjá Burnley og Eggert Gunnþór Jónsson hjá Hearts í Skotlandi, stendur í ströngu yfir hátíðarnar og gengur í gegnum álagsmesta tímabil hvers árs á Englandi. Hermann og félagar fá Arsenal í heimsókn á öðrum degi jóla og Middlesbrough þann 29. desember. Á nýársdag heimsækir Portsmouth síðan Íslendingaliðið Reading heim og verður það fjórði leikur liðsins á níu dögum. Hermann segir að knattspyrnustjórinn Harry Redknapp hafi gefið leikmönnum þau skilaboð að hvílast og nærast vel yfir hátíðarnar. „Það er fínt því ég hef haft það fyrir sið að éta eins og svín yfir hátíðarnar, til að hafa orku í þessa leiki. Það hefur virkað vel fyrir mig hingað til," segir Hermann hlæjandi en bætir þó við að hann muni láta sætindin vera.

Hermann borðar hamborgarhrygg á aðfangadag en segist aðspurður ekki fá að komast nálægt eldhúsinu. „Ég ætla ekki að vera að ljúga neinu. Ég tek lítinn þátt í jólamatnum. Í staðinn fæ ég að leika mér við krakkana og til að standa undir nafni sem heimilisfaðir legg ég kannski á borð, svona til að fá að vera með."

Hermann hefur spilað á Englandi síðasta áratuginn og er því fyrir löngu orðinn vanur þessum óhefðbundna jólahaldi. „Þetta er fyrir löngu orðið rútínerað hjá okkur og ég hef ekki yfir neinu að kvarta. Það er verst þegar maður lendir í því að spila útileik annan í jólum því þá fer liðið á hótel á jóladag. Núna eigum við útileik á nýársdag og þess vegna verð ég á hóteli í Reading á nýársnótt, sem er náttúrulega hundfúlt fyrir fjölskyldumann. En þetta er víst hluti af starfinu," segir Hermann.

FÆR FORELDRANA Í HEIMSÓKN

Fulltrúi Íslands í skosku úrvalsdeildinni, hinn 19 ára gamli Eggert Gunnþór Jónsson, er einhleypur en býr þó við þann munað að fá foreldra sína í heimsókn yfir jólin. „Og þau taka að sjálfsögðu hamborgarhrygginn, rjúpuna og jólaölið með sér," segir Eggert, sem býr í Edinborg ásamt félaga sínum Haraldi Björnssyni, leikmanni unglinga- og varaliðs Hearts. Haraldur fær að fara heim til Íslands yfir hátíðarnar en Eggert verður í eldlínunni með aðalliðinu og fær því ekkert frí.

„Þetta eru fyrstu jólin mín fjarri heimahögum og ég býst við að þetta verði svolítið skrítið jafnvel þó að mamma og pabbi verði hjá mér. Þetta verður líka í fyrsta sinn sem ég þarf að passa mig á því sem ég set ofan á mig á jólunum. Fimm leikir á tveimur vikum eru náttúrulega hálfgerð geðveiki og væru alveg nógu mikil áskorun án jólamatsins," segir Eggert og hlær.

FRÁBÆRT AÐ FÁ AÐ HITTA ALLA FJÖLSKYLDUNA

ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16

RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16

Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7

VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9

KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22

MÚSÍK OG SPORT
laugardaga kl. 16

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

JS Watch co.
REYKJAVIK
Gengur þú 8 km á hverjum klukkutíma?
Nei, líklega ekki, en það gera hins vegar úrin okkar. Þau verða nátengdari þér en þú heldur. Allar hreyfingar þínar halda úrinu gangandi! Hjarta úrsins eða óróaásinn nýtir orkuna, sem sjálfvindan framleiðir, og sveiflast fram og til baka og deilir þannig orkunni niður í sekúndur. Þetta gerist 28.800 sinnum á klukkustund sem jafngildir 8 kílómetrum eða 700.800 kílómetrum á 10 árum. Þrátt fyrir þetta er úrið enn að slíta barnsskónum.
- Gilbert úrsmiður
www.jswatch.com
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

AFDRIFARÍKT AFRÍKUMÓT

Í byrjun næsta árs safnast bestu leikmenn Afríku saman í Gana þar sem 26. Afríkumót landsliða fer fram. Fjölmargir leikmenn úr ensku úrvalsdeildinni munu leika á mótinu, sem hefur í för með sér mikinn missi fyrir félög þeirra.

EFTIR HJALTA ÞÓR HREINSSON

Líklegt er að um fjörutíu leikmenn úr ensku úrvalsdeildinni verði kallaðir í langt ferðalag til Gana til að spila fyrir þjóð sína á Afríkumótinu sem hefst hinn 20. janúar og lýkur með úrslitaleik 10. febrúar. Keppnin vekur upp meiri pirring meðal knattspyrnustjóra með hverju árinu og háværar óánægjuraddir hafa heyrst yfir tímasetningu mótsins, sem er á miðju tímabili flestra deilda í Evrópu. Leikmenn gætu verið frá félögum sínum í allt að sex vikur.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu slæmt það er fyrir félög í Evrópu að missa leikmenn á mótið, bæði á Englandi sem og á meginlandinu. Uppgangur í afrísku knattspyrnunni hefur færst í aukana með hverju árinu og fleiri leikmenn frá álfunni spila nú meðal þeirra bestu. Gremja félaganna er því skiljanleg.

„Auðvitað tel ég að það eigi að færa keppnina. Við þurfum að hugsa um þetta þar sem þetta er ekki gott fyrir leikmennina eða félögin. Það væri betra að spila mótið að sumri til," segir Avram Grant, stjóri Chelsea, um mótið en enska félagið missir alls fjóra leikmenn í allt að sex vikur yfir Afríkukeppnina.

Ibrahima Sonko, leikmaður Reading og Senegal, er á sama máli. „Tímasetningin er kolröng, kannski ættu þeir að halda mótið í lok maí eftir hvert tímabil. Ef þeir breyttu dagsetningunum yrðu ekki öll þessi vandamál," segir Sonko en félögin leggja hart að sínum leikmönnum að sleppa mótinu. Fæstir hlýða því kalli.

Chelsea, Everton, Newcastle og Portsmouth missa öll fjóra leikmenn á mótið, Arsenal þrjá en önnur félög færri. Margir þessara leikmanna eru lykilmenn í liðum sínum. Essien, Kalou og Drogba hafa allir átt fast sæti í byrjunarliði Chelsea og vörn Arsenal missir mikið með þeim Kolo Toure og Emmanuel Eboué. Það er lán fyrir Arsenal að Emmanuel Adebayor fer ekki þar sem Tógó komst ekki inn á mótið.

Momo Sissoko fer frá Liverpool en deila má um þann missi þar sem hann hefur ekki verið lykilmaður í liðinu, sem er vel mannað af miðjumönnum. Englandsmeistarar Manchester United missa engan leikmann en hversu mikil áhrif Afríkumótið hefur á toppbaráttuna þar sem Arsenal og Chelsea veikjast sérstaklega verður afar forvitnilegt.

Þrátt fyrir missinn úr úrvalsdeildinni er spennandi mót fram undan en margir af bestu leikmönnum heims munu koma saman og leika listir sínar í Gana. Verið er að byggja tvo nýja velli og gera tvo aðra upp fyrir mótið, sem verður það glæsilegasta í sögunni, að sögn mótshaldara.

STAÐREYNDIR UM AFRÍKUMÓTIÐ

Gestgjafi: Gana

Fyrsta mótið: 1957

Dagar: 20. janúar til 10. febrúar (Æfingabúðir fyrir mótið valda því að félagslið missa leikmenn mun fyrr en ella)

Lið: 16

Fjöldi keppnisstaða: Fjórir

Núverandi meistari: Egyptaland

Flestir titlar: Egyptaland (5), Gana og Kamerún (4).

Mótið hefur verið haldið annað hvert ár frá árinu 1967.

Sigurvegarinn spilar í Álfukeppninni árið 2009.

Riðill 1: Gana, Egyptaland, Nígería, Túnis

Riðill 2: Kamerún, Fílabeinsströndin, Marokkó, Senegal

Riðill 3: Gínea, Malí, Suður-Afríka, Sambía

Riðill 4: Angóla, Benín, Namibía, Súdan

HVAÐA FELAG MISSIR MEST?

4 LEIKMENN

CHELSEA
Michael Essien (Gana), Didier Drogba og Salomon Kalou (Fílabeinsströndin), John Obi Mikel (Nígería).

EVERTON
Joseph Yobo, Yakubu og Victor Anichebe (Nígería), Steven Pienaar (Suður-Afríka).

NEWCASTLE
Obafemi Martins (Nígería), Geremi (Kamerún), Habib Beye og Abdoulaye Faye (Senegal).

PORTSMOUTH
Sulley Muntari (Gana), Nwankwo Kanu og John Utaka (Nígería), Papa Bouba Diop (Senegal).

3 LEIKMENN

ARSENAL

Kolo Toure og Emmanuel Eboué (Fílabeinsströndin), Alexandre Song (Kamerún).

2 LEIKMENN

BIRMINGHAM
Richard Kingson (Gana), Mehdi Nafti (Túnis)

WEST HAM
John Pantsil (Gana), Henri Camara (Senegal)

TOTTENHAM
Didier Zokora (Fílabeinsströndin), Hossam Ghaly (Egyptaland)

BOLTON

Abdoulaye Méïté (Fílabeinsströndin), El-Hadji Diouf (Senegal)

READING
Emerse Faé (Fílabeinsströndin), Andre Bikey (Kamerún)

MIDDLESBROUGH
Mohamed Shawky, Mido (Egyptaland)

WIGAN
Julius Aghahowa (Nígería), Salomon Olembe (Kamerún)

1 LEIKMANN

SUNDERLAND
Dickson Etuhu (Nígería)

MANCHESTER CITY
Kelvin Etuhu (Nígería)

FULHAM
Diomansy Kamara (Senegal)

LIVERPOOL
Momo Sissoko (Malí)

BLACKBURN
Aaron Mokoena (Suður-Afríka)

HAWKEYE-TÆKNIN KOMIN TIL AÐ VERA

Nú er það ekki talið lengur spurning um hvort, heldur hvenær enska knattspyrnusambandið hefji notkun á hinni svokölluðu Hawkeye-marklínutækni í ensku úrvalsdeildinni.

Umræðan um Hawkeye hefur staðið yfir allt frá því að tæknin kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2001. Skiptar skoðanir eru um hvort rétt sé að notast við tæknina, en eins og sjá má á skýringarmyndinni hér til hliðar gengur hún út á að 10 myndavélum er komið fyrir á ákveðnum stöðum innan vallarins sem fylgjast með hverri hreyfingu boltans á gríðarlega nákvæman hátt. Stærsti kosturinn er sá að með Hawkeye er auðveldlega hægt að úrskurða um hvort boltinn fari inn fyrir marklínuna – komi sú staða upp.

Ekki er langt síðan Michel Platini, forseti UEFA, lýsti opinberlega yfir stuðningi við því að taka upp Hawkeye-tækni í Evrópu. Hann er þó alfarið á móti því að dómarar geti stuðst við endursýningar til að álykta um umdeild atvik. „Fótboltinn verður að halda sínu mannlega eðli, en við verðum um leið að lágmarka mistök," segir Platini.

Hawkeye-tæknin hefur verið notað með góðum árangri í krikket og tennis. Enska úrvalsdeildin hefur staðið fyrir ýmsum prófunum á tækninni síðustu misseri og munu niðurstöður þeirra rannsókna ráða því hvort tæknin verður tekin upp. „Ef í ljós kemur að tæknin er 100% örugg, þá munum við innleiða hana í enska knattspyrnu," segir Brian Barwick, formaður enska knattspyrnusambandsins.

Michel Platini, forseti UEFA, styður notkun Hawkeye.



SENDUM Í PÓSTKRÖFU UM LAND ALLT

MARKID

Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553 5320 • www.markid.is

Æfingastöð sem notar ekki lóð og því alveg hljóðlaus. Minna álag á liðamót.

BIO FORCE

109.000

HAMMER CHICAGO

Boxsett - púði, hanskar, sippuband og teljari.

10.800

SKÍÐI OG BRETTI

FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI NÚNA

KETTLER FITMASTER

69.000

Þú getur þjálfað allan líkamann í þessari stöð

SIPPUBÖND

FRÁ 690

Í miklu úrvali



FINNLO AB-DOMINOX

5.900

Frábært tæki til að þjálfa maga-vöðvana.

NORCO RIVET FREESTYLE

24.900

SCOTT VOLTAGE 26”

FRÁ 39.900

„Dirt Jump-street“ fjallahjól,

GIANT SEDONA DX

45.200

TILBOÐ 36.160

Borgarhjól fyrir karla og konur, 24 gírar, dempari að framan og í hnakk.

VIVI SWEETY 14”

12.900

Barnahjól fyrir 4-5 ára. Dúkkusæti og karfa fylgja með.

HARROWS

6.400

Official Competition

PÍLUR

FRÁ 990

NORCO ZX-50 16”

11.500

Barnahjól fyrir 5-6 ára.

KETTLER RUN ME!

99.000

Göngu- og hlaupa-band, auðvelt að leggja saman.

KETTLER HANDLÓÐ

3.700

10 kg handlóð

BORÐTENNISBORÐ

36.500

ÞRÍHJÓL - TRANSPORTER

6.900

Þríhjól fyrir börn á aldrinum 2-5 ára.

PIPAR • SÍA • 72287

LEIKIR TIL AÐ TAPPA AF JÓLASTRESSINU

Á messu heilags Þorláks í ár ber svo til að heitustu „derby“ leikir Spánar og Ítalíu eru leiknir. Einhverjum kann að finnast grátlegt að ná ekki fullri einbeitingu á þessa risaslagi í jólastressinu en þeir verða eflaust fleiri sem nýta sér tækifærið og afstressa sig aðeins með því að horfa á góðan fótbolta.

EFTIR EINAR LOGA VIGNISSON

Með tilkomu Meistaradeildarinnar hefur innbyrðis leikjum stórliða Evrópu fjölgað mjög en það dregur ekkert úr hitanum í kringum stærstu leikina í deildarkeppnunum. Þannig horfa fleiri sjónvarpsáhorfendur á leiki Manchester United og Liverpool en nokkurn annan leik utan úrslitaleiksins í Meistaradeildinni. Spánverjar eiga ræpumetið, um engan leik eru skrifaðir fleiri dálksentimetrar en árlegar viðureignir Barcelona og Real, sem fram fer á Nou Camp í kvöld.

Mílanóliðin setja engin met með sínum leikjum en um þá er haldin sérstök tölfræði og er ævinlega tekið vandlega fram í tölfræði helstu hetja úr sögu félaganna hvernig árangur þeirra hafi verið í Mílanóeinvíginu. En kannski eiga Ítalarnir met í monti með þennan leik. Eftir að liðin voru í tvígang dregin saman í Meistaradeildinni þótti „Derby di Milano“ ekki nógu gott og festist hið mikilfenglega nafn „Derby d‘Europa“ í sessi.

Bernd Schuster var einn allra besti leikmaður heims þegar hann var á hátindi ferils síns og er einn af fáum leikmönnum sem hafa leikið fyrir bæði Barcelona og Real Madrid. Hér sést hann í leik með Barcelona árið 1988. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SÉRSTAÐA EL CLÁSICO

Án þess að hallað sé á ítölsku og ensku leikina þá nýtur „El clásico“ nokkurrar sérstöðu. Skapast það einkum af þeirri flóknu sögulegu togstreitu sem er á milli Barcelona og Real Madrid. Inn í hana blandast sjálfstæðisbarátta Katalóna og minningar um harðstjórn Franco. Kryddið er svo sú staðreynd að liðin bera ægishjálm yfir önnur lið á Spáni og fátítt er að þessi leikur sé ekki ákaflega mikilvægur í baráttunni um meistaratitilinn.

Þrátt fyrir að rígurinn á milli Barca og Real sé slíkur að fáu verði við jafnað kemur það ekki í veg fyrir að liðin hafa alloft átt viðskipti með leikmenn sín í millum. Aðdáendur eru ekkert ánægðir með það og sjaldan ná leikmenn hylli hafi þeir leikið fyrir höfuðandstæðinginn og glata jafnframt ærunni á gamla staðnum. Luis Figo er sjálfsagt sá leikmaður sem best hefur leikið í báðum treyjum og Madrídingar virða hann mikið en í Barcelona er hann einn hataðasti leikmaðurinn í sögu félagsins. Michael Laudrup fékk sömuleiðis óblíðar móttökur og var þó Laudrup látinn fara frá Barca gegn vilja sínum. En hann hló best í lokin, leiddi Madrid til meistaratignar eftir langa þrautagöngu í skugga Barcelona og var valinn besti erlendi knattspyrnumaðurinn síðustu 25 ára í aldamótauppgjöri spænskra sparkfræðinga.

Þjálfari Madrid, Bernd Schuster, lék með báðum félögunum. Hann spilaði lungann úr ferlinum með Barca en fór svo til Real og þaðan reyndar til höfuðborgarfjendanna í Atleticó Madríd og náði þannig að bíta höfuðið af skömminni. Hann er talinn mesti kvislingurinn af öllum þeim málalíðum sem sparkað hafa á Spáni.

GEORG SAMEINAR OG SUNDRAR

Lengstum var ekki sami ofsinn í kringum leiki Internazionale og AC Milan og El clásico. Liðin úr sömu borg, fjölskyldur klofna í stuðningi sínum og venjulega allt með friði og spekt þótt rígurinn væri mikill. En síðustu ár hefur hallað heldur á ógæfuhliðina og í tvígang hafa leikirnir verið flautaðir af vegna óláta. Öryggisgæslan í kringum leikinn í dag verður gífurleg. Leikurinn hefur verið mikilvægari fyrir Inter hin síðari ár enda liðið staðið í skugga Milan í hálfan annan áratug. Nú virðast valdahlutföllin hafa snúist við, Inter að stinga af í deildinni annað árið í röð á meðan Milan misstígur sig heima fyrir þótt sigrar vinnist á alþjóðavettvangi.

HEIMIR METUR LIÐIN Í EL CLASSICO

Heimir Guðjónsson er þjálfari FH í Landsbankadeild karla og helsti sérfræðingur sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar um spænska boltann. Sport fékk Heimi til að bera saman lið Barcelona og Real og meta gæði einstakra leikmanna. Eins og einkunnir Heimis bera með sér telur hann liðin nánast hnífjöfn að styrkleika.

„Barcelona er að mínu mati með betur mannað lið en án Messi vantar mikið og því er lið Real hærra í þessari stigagjöf. En þar sem Barcelona er nánast ósigrandi á heimavelli ætla ég spá því sigri. Lokatölur verða 3-2 í frábærum fótboltaleik þar sem sóknarleikur verður í hávegum hafður hjá báðum liðum.“

Samtals 111 STIG

Samtals 112 STIG

FRANK RIJKAARD
Aldur: 45 ára
Þjóðerni: Holland
Hefur náð frábærum árangri með Barcelona og allir hljóta að vera sammála að undir stjórn hans hefur liðið spilað sóknarbolta af bestu gerð. **9**

BERND SCHUSTER
Aldur: 48 ára
Þjóðerni: Þýskaland
Hefur staðið við loforðin sem hann gaf fyrir tímablið um að spila meiri og betri sóknarleik en síðustu ár. Hann hefur skapað góða liðsheild og liðið hefur spilað vel. **9**

VICTOR VALDES
Aldur: 25 ára **Þjóðerni:** Spánn
Frábær milli stanganna en lendir í vandræðum þegar hann er pressaður. Skortir stöðugleika í sinn leik. **7**

ERIC ABIDAL
Aldur: 28 ára **Þjóðerni:** Frakkland
Frábær bakvörður, sterkur í vörn og sókn. Hefur átt stóran þátt í því að varnarleikur liðsins er betri en undanfarin ár. **9**

RAFAEL MARQUEZ
Aldur: 28 ára **Þjóðerni:** Mexíkó
Sterkur á boltanum og gefur frábærar sendingar en getur lent í vandræðum þegar hann er undir pressu. **7**

GABRIEL MILITO
Aldur: 27 ára **Þjóðerni:** Argentína
Mjög öflugur miðvörður sem hefur fáa veikleika. Hann er „skemmtilega“ grófur og staðsetur sig afar vel. **9**



CARLES PUYOL
Aldur: 29 ára **Þjóðerni**: Spánn
Hjartað í liði Barcelona. Öflugur leiðtogi og frábær varnarmaður sem gefur sig allan í leikinn. **10**

YAYA TOURE
Aldur: 24 ára **Þjóðerni:** Fílabeinsströndin
Stór og sterkur miðjumaður sem bindur saman vörn og miðju. Heldur stöðunni vel og gerir hlutina einfalt. **7**

XAVI
Aldur: 27 ára **Þjóðerni:** Spánn
Einn besti miðjumaður heims og spilar nánast undantekningarlaust vel fyrir Barca. Frábær sendingamaður og einn sá besti í að koma inn í teig að skora mörk. **10**

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN
Aldur: 29 ára **Þjóðerni:** Ísland
Mikill stígandi í leik hans. Heldur bolta vel og gefur góðar sendingar. Góður í að stinga sér inn í teig af miðjunni. **8**

ANDREAS INIESTA
Aldur: 23 ára Spánn
Frabær leikmaður sem býr yfir ótrúlegri boltameðferð og miklum leikskilningi. Mætti vera sterkari varnarlega. **9**



SAMUEL ETO´O
Aldur: 26 ára **Þjóðerni:** Kamerún
Barcelona er sem annað lið þegar Eto´o er með. Ótrúlega vinnusamur og fljótur. Frábær í að klára færin sín. Einn allra besti framherji heims í dag. **10**

RONALDINHO
Aldur: 27 ára Þjóðerni: Brasilía
Er aðeins of mikið á pöbbnum um þessar mundir en í formi er hann ótrúlegur skemmtikraftur. **8**

BEKKURINN

Jorquera
Deco
Giovanni
Bohan Krkic
Gianluca Zambrotta
Silvinho
Thierry Henry

Ekki alveg sami klassi og yfir bekknum hjá Real en engu að síður frábærir leikmenn, þar af nokkrir afar efnilegir. **8**

IKER CASILLAS
Aldur: 26 ára **Þjóðerni:** Spánn
Að mínu mati besti markvörður heims. Góður í öllu sem markvörður þarf að vera góður í. **10**

MARCELO
Aldur: 19 ára **Þjóðerni:** Brasilía
Nokkuð sterkur bakvörður, sérstaklega í sóknarleiknum. Á þó í nokkrum vandræðum með varnarleikinn. **7**



FABIO CANNAVARO
Aldur: 34 ára **Þjóðerni:** Ítalía
Frábær varnarmaður en hefur lent í vandræðum á Spáni því þar er ekki eins mikil hjálparvörn og á Ítalíu. **8**

PEPE
Aldur: 24 ára **Þjóðerni:** Portúgal
Mjög öflugur varnarmaður sem hefur staðið sig vel í ár. Sterkur í loftinu og góður að spila boltanum úr vörninni. **8**

SERGIO RAMOS
Aldur: 21 árs **Þjóðerni:** Spánn
Öflugur bakvörður sem tekur virkan þátt í sókninni. Hefur bætt sig mikið síðustu ár. **9**

WESLEY SNEIJDER
Aldur: 23 ára **Þjóðerni:** Holland
Arftaki Beckham og að mínu mati betri leikmaður. Frábærar sendingamaður og góður skotmaður. **8**

JULIO BAPTISTA
Aldur: 26 ára **Þjóðerni:** Brasilía
Virðist vera að finna sig hjá Real. Góður skotmaður, góður að halda bolta en á í vandræðum með skila honum vel frá sér. **8**

MAHAMADOU DIARRA
Aldur: 26 ára **Þjóðerni:** Malí
Lykilmaður hjá Real sem sinnir sínu hlutverki mjög vel. Hann vinnur marga bolta og spilar einfalt. Mjög vanmetinn. **8**

ROBINHO
Aldur: 23 ára **Þjóðerni:** Brasilía
Hefur sprungið út á þessu tímabili og spilað frábærlega. Ótrúlega öflugur maður gegn manni. Leikmaður sem getur unnið leiki upp á eigin spýtur. **9**

RAUL
Aldur: 30 ára
Þjóðerni: Spánn
Súrefnistjaldið er greinilega að virka. Hefur verið frábær á tímabilinu, vinnur vel fyrir liðið og skorar reglulega. **9**

RUUD VAN NISTELROOY
Aldur: 31 árs **Þjóðerni:** Holland
Einstakur framherji og að mínu mati hættulegasti „teigmaður“ í boltanum í dag. Alltaf líklegur til að skora. **10**

BEKKUR

Jerzy Dudek
Royston Drenthe
Fernando Gago
Guti
Gabriel Heinze
Gonzalo Higuain
Arjen Robben

Frábær bekkur, skipaður eintómum landsliðsmönnum sem veikja ekki byrjunarliðið. **9**

Office 1 Superstore

Allt fyrir jólapakkann
undir einu þaki

Jólaopnunartímar
verslana Office 1*

14. des.	Föstudagur	09:00-20:00
15. des.	Laugardagur	10:00-20:00
16. des.	Sunnudagur	12:00-20:00
17. des.	Mánudagur	09:00-20:00
18. des.	Þriðjudagur	09:00-20:00
19. des.	Miðvikudagur	09:00-20:00
20. des.	Fimmtudagur	09:00-22:00
21. des.	Föstudagur	09:00-22:00
22. des.	Laugardagur	10:00-22:00
23. des.	Sunnudagur	10:00-23:00
24. des.	Mánudagur	09:00-13:00

*nema í Smáralind - opið samkvæmt opnunartímum Smáralindar

Office 1 ...um land allt!

5%

Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

LÆRDÓMUR SEM CAPELLO MÁ DRAGA AF FYRRI ÞJÁLFURUM

Terry Venables 1994-1996
Sigurhlutfall: 46%
Lærdómur: Sem þjálfari enska landsliðsins áttu lítið einkalíf. Ef þú vilt losna við að óþægilegar staðreyndir verði gerðar opinberar skaltu skapa þér sambönd á meðal blaðamanna. Æfðu vítaspyrnur.

Glenn Hoddle 1996-1998
Sigurhlutfall: 61%
Lærdómur: Ekki skrifa æviminningar þínar á meðan þú ert ennþá þjálfari, það getur komið þér í koll. Ef þú hefur einhverjar skoðanir á fötluðum, haltu þeim fyrir sjálfan þig. Mundu að æfa vítaspyrnur.

Kevin Keegan 1999-2000
Sigurhlutfall: 39%
Lærdómur: Ekki láta hjartað stjórna heilanum, gerðu þér grein fyrir hvað þú ert að fara út í áður en þú tekur við landsliðsþjálfarastarfinu. Fyrri hetjudáðir gleymast fljótt ef úrslit leikja eru ekki hagstæð Englendingum.

Sven Göran Eriksson 2001-2006
Sigurhlutfall: 60%
Lærdómur: Ef þú daðrar við félagslið á meðan þú ert enn við stjórnvölinn máttu eiga von á ríflegri kauphækkun. Ef þú daðrar við konur og sjeika í dulargervi verðurðu rekinn. Ef þú notar gleraugu lítur þú út fyrir að vera eldklár, ef þú lætur Wayne Rooney spila einan í fremstu víglínu lítur þú út fyrir að vera nautheimskur. Æfðu vítaspyrnur!

Steve McLaren 2006-2007
Sigurhlutfall: 50%
Lærdómur: Hvítar og vel snyrtar tennur bæta ekki upp fyrir bitlausa frammistöðu liðs þíns úti á vellinum. Ekki segja að Beckham sé búinn að vera á þínum fyrsta blaðamannafundi. Það gæti látið þig líta illa út ef þú þarft á honum að halda síðar. Það er ekki töff að vera með regnhlíf á hliðarlínunni.

AF HVERJU HELD ÉG MEÐ

TOTTENHAM Ég byrjaði að fylgjast með enska boltanum um tíu ára aldur og hélt í fyrstu með Liverpool. En þar sem flestir vinir mínir héldu með því liði eða Manchester United fór ég að leita að einhverju frumlegra liði. Ég leitaði því að einhverju frumlegra liði og hallaðist um tíma að Norwich og Wolves, sem voru í svo flottum búningum. Það hefur verið síðan um 1979 sem ég fór að halda með Tottenham, þar sem leikmenn á borð við Ossie Ardiles, Glenn Hoddle, Garth Crooks og Steve Archibald voru aðalmennirnir. Síðan hef ég fylgt því í gegnum súrt og sætt – þó aðallega súrt. Ég veit þó að okkar tími mun koma. Liðið vantar tvo góða varnarmenn og einn duglegan miðjumann. Þá verðum við ósigrandi.

ÍA Ég byrjaði að halda með ÍA vegna þess að föðurbróðir minn, sem bjó á sama bæ, er einlægur stuðningsmaður Skagamanna. Ég fékk oft að fara með honum á leiki og ég man að stundum flýttum við mjöltum til að komast í tæka tíð. Skagamenn hafa aldrei farið langt frá toppnum lengi í einu þannig að þetta hefur verið nokkurn veginn samfelld sæla. Að vísu eru Skagamenn aldrei sáttir við að vera neðar en í fyrsta sæti en það er ekki langt í næsta Íslandsmeistaratitil, það er nokkuð ljóst. Ég mæti á flesta heimaleiki, gjarnan er ég reyndar að lýsa leikjunum í útvarpi og hef heyrt að ég þyki ekki alveg hlutlaus. Ég vísa því að sjálfsögðu á bug. Ég reyni allavega að halda mig á mottunni.

Gísli Einarsson, sjónvarpsmaður

ar því fólk og sáluhjálp heilla. „Ég hef alltaf átt auðvelt með að eiga samskipti við fólk og alltaf þegar eitthvað hefur bjátað á hjá mér hef ég fundið sterkt hvað ég á góða að og hvað það hefur gefið mér mikið að geta verið hvergi bangin. Það er kannski partur af því að hafa viljað fara í guðfræðina. Og áhugi á manneskjunni. Staðhæfingar um að „maðurinn þurfi að vera einn“ fara til að mynda óendanlega í taugarnar á mér því í raun erum við alltaf ein. Þú ert alveg jafn „lost“ þótt þú lokir þig af í fjallakofa í hálft ár og ef þú hefðir eytt þeim tíma með fólki. Maður er manns gaman eins og stendur á heimasíðu Ásatrúarfélagsins, sem er svo annað áhugamál. Ég spegla sjálfa mig í öðrum og hvað er að því að vilja gefa og þiggja með fólki?“

Blessun að geta látið fólk hlæja

Ilmur hefur síðustu árin verið kosin besta leikkona landsins, fyndnasta leikkona landsins og áfram mætti telja af fjölmiðlum og einhverjir kallað hana kvenkyns útgáfu af Jim Carrey. „Jú, auðvitað gleður slíkt en ég átta mig jafnframt á því að maður lendir í svona sætum vegna þess að maður hefur verið mikið í kastljósinu þau misserin. Svo voru kannski einhverjar leikkonur þarna á lista fyrir þremur árum sem eru svo farnar af honum núna því þær hafa kannski ekki akkúrat verið áberandi það árið. En Jim Carrey – það hef ég aldrei heyrt. En ég er grettin, hef séð það í sjónvarpinu! Og ekkert slæmur samanburður svo sem. Það er guðsgjöf að geta látið fólk hlæja og ég er þakklát fyrir það, ég elska að láta fólki líða vel. En ég vil samt ekki festast innan ákveðins ramma. Eða, hvað á ég að segja, mér finnst svolítið hallærislegt að segja að ég vilji ekki festast í gamanleik. Hvað get ég sagt: Ég er leikkona sem tek að mér gamanleik! Hljómar það nokkuð klisjulega? Svo er stutt milli hláturs og gráts og yfirleitt ef maður getur látið fólk hlæja er stutt í grátinn.“

Ætla að virkja mína kvenlegu hlið

Eftir nokkrar símhringingar blaðamanns í leikhúsin og kvikmyndageirann er niðurstaðan um Ilmi í samstarfi einróma: Hún þykir ein minnsta prímadonnan innan leikhússins, hvorki meira né minna. Það megi klæða hana í hvað sem er án þess að hún kvarti yfir því að búningarnir geri hana asnalega og hægt væri að láta hana ganga með ljótustu flöskubotnagleraugu sem til eru í tvær vikur án þess að hún yggli sig. Ilmur er vinsamlegast beðin um að útskýra prímadonnuleysið – er hún ekkert pjöttuð? „Ég veit það ekki. Ég er auðvitað ekki að setja sjálfa mig á svið og ef ég væri óskaplega mikið að spá í því hvernig ég kæmi fyrir sem Ilmur á sviðinu væri ég þar á vitlausum forsendum. Og nei, ég er heldur ekki pjöttuð. Þótt ég vildi stundum óska þess að ég væri það. Mér finnst ég oft ansi mikill haugur og langar að kunna að meta mínu kvenlegu eiginleika aðeins meira – og þá meina ég ekki í leikhúsinu heldur bara í lífinu.“

Slúðurpressan hefur engin áhrif

Það er ekki hægt að sleppa Ilmi án þess að fara ofan í saumana á árinu sem Ilmur var tekin fyrir í slúðurpressunni. Verður henni ekkert illa við að lesa fréttir af einkalífinu á forsíðum glanstímarita? „Ég veit það ekki. Þetta hefur bara merkilega lítil áhrif á mig. Þegar verið var að taka sambandsslit mín fyrir voru það frekar aðrir sem höfðu áhyggjur af því hvernig mér liði og hver aðstandandinn minn á fætur öðrum sór fyrir það að lesa sko eitthvað af þessu – og trúði engu! Ég hugsaði með mér hvort ég ætti þá kannski að skammast mín, en komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki – ég meina þetta var hvort sem er satt. Ég fór að spá í hvort kæruleysið mitt væri þannig að mér væri hreinlega sama um prívasíið mitt en slúðurpressa er bara slúðurpressa og tæklar auðvitað ekki tilfinningalíf manns lengra en það.“

Komst í gegnum samviskubitið

Ilmur er á fullu þessa dagana að æfa hlutverk sitt í Ívanov sem frumsýnt verður á annan í jólum í Þjóðleikhúsinu en hún fer með hlutverk ríkrar ekkju sem er hálfgerður einfeldningur. Auk þess er hún ásamt fleirum að fara að skrifa handrit að þáttum sem kynntir verða til sögunnar fljótlega en þeir verða á Stöð tvö. Það er því nóg að gera en fyrsta hlutverkið er auðvitað móðurhlutverkið. Er ekkert erfitt að samræma það að vera ein með barn og vera leikkona? „Auður á auðvitað frábæran pabba og við eigum bæði góðar fjölskyldur. Svo hefur hún vanist því að vera mikið á ferðinni, ég tek hana allt með mér – á fundi og kóræfingar og ég elska það, ég elska að láta hana vera þátttakanda í mínu lífi. Ég er líka bara svo montin af henni, það er svo gott í henni. Ég fór að sjálfsögðu í gegnum samviskubitið að barnið fengi ekki bara að vera í friði og ró heima hjá sér. En ég man eftir að hafa sagt við hana nokkurra vikna, og kannski af því ég þekki sjálfa mig: Heima er þar sem hjartað er. Ég er sátt og hún er örugg og þá getur þetta ekki verið annað en gott.“

➜Ég held að á morgun fari ég ....

Ef ég ætti 100.000 krónur myndi ég ... kaupa vatnsbrunna í Afríku.

Stundum held ég að ég sé .... hálfgerður kjáni.

Ég hef ekkert að gera við ... áhyggjur, sorg og sút.

Þegar ég get ekki sofnað fer ég ... og fæ mér flóaða mjólk.

Þegar ég var lítil hélt ég að ... heimurinn væri stór.

Ég er vonlaus í ... að muna.

Ég er best í ... að gleyma.

Stundum furða ég mig á .... einfaldleikanum.

Ég held að á morgun fari ég ... í sparifötin.

KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
SALTFISKUR
SIGINN FISKUR
GRÁSLEPPA
HARÐFISKUR
STÓR HUMAR

Opið
Þorláksmessa 23. des 9-19

FISKBÚÐIN
HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686

Afslappaðri en í fyrra

Mikið álag er á starfsfólki í þjónustu og verslun í desembermánuði. *Kristín Eva Þórhallsdóttir* fór ásamt *Völundi Jónssyni*, ljósmyndara Fréttablaðsins, í Kringluna og Smáralind og heyrði hljóðið í nokkrum þeirra starfsmanna sem staðið hafa verslunarvaktina í desember. Flestir voru þeir sammála um að þrátt fyrir að vinnudagurinn væri langur væri þetta skemmtilegur og líflegur tími.

AFGREIÐSLUMAÐUR Í HAGKAUPUM Gunnar Gunnarsson hefur unnið alla daga síðan hann lauk prófum í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Bara unnið og sofið

„Ég hef unnið tíu til tólf tíma á dag frá því að prófum lauk í desember," segir Gunnar Gunnarsson, afgreiðslumaður í Hagkaupum í Kringlunni. Hann hefur staðið þar vaktina undanfarin jól og segir að í ár sé mun minna að gera. „Mér hefur nú ekki fundist neitt mikið að gera í ár. Eins og þetta hafi dreifst betur og að fólk sé skipulagðara," segir Gunnar. Hann segir það lítið mál að vinna svona mikið í desember. „Maður fer bara að sofa um leið og maður kemur heim eftir vinnu og þá er lítið mál að vinna svona í einn mánuð. Maður gerir þetta til að fá pening fyrir skólann," segir Gunnar.

Hafdís Ósk Haraldsdóttir segir að það hafi verið erilsamt í Ævintýralandi í desember en mjög gaman.

Með allt á hreinu

Hafdís Ósk Haraldsdóttir segir að mikið hafi verið að gera í Ævintýralandi í Kringlunni fyrir jólin. „Við höfum nú ekki þurft að vísa neinum frá en fólk hefur stundum þurft að bíða aðeins," segir Hafdís en bætir við að hún hafi fundið að börnin séu oft þreytt. Hún tók sig til á einum degi og kláraði allt sem þurfti að gera fyrir jólin. „Já, ég keypti allar gjafirnar og pakkaði þeim inn á einum degi," segir hún brosandi. Hún segist vera viss um að hún verði ekki þreytt á aðfangadagskvöld því allt hafi gengið vel. „Þetta er búið að vera krefjandi en mjög gaman."

Arnar Freyr Thoroddsen segir fólk frekar óskipulagt fyrir jólin.

Gaman þrátt fyrir stress

Arnar Freyr Thoroddsen, starfsmaður í Hans Petersen í Kringlunni, vann tólf tíma á dag nánast upp á hvern einasta dag í desember. Hann tók sér hálfan frídag rétt fyrir jól til að klára gjafainnkaupin. „Það er búið að vera stress en samt gaman," segir Arnar. Hann segist hafa fundið fyrir því að fólk sé stressað og ætlist oft til mikils á stuttum tíma. „Fólk er óskipulagt og mikið um að það sé að gera hlutina á síðustu stundu." Sjálfur er hann afslappaður og segist ekki kvíða því að sitja hálfsofandi við matarborðið á aðfangadagskvöld. „Ég á ekkert eftir að verða þreyttur, þetta er ekkert mál."

LANGIR ER GÓÐIR DAGAR Jóhanna Sveina Hálfdánardóttir og Ragnheiður Geirsdóttir segja að fólk hafi verið glatt og í jólaskapi í desember.

Finna fyrir jólaskapi

Ragnheiður Geirsdóttir og Jóhanna Sveina Hálfdánardóttir starfa í verslunum Oasis og Coast í Smáralindinni. Eins og svo margir aðrir byrjaði Ragnheiður að vinna strax eftir prófin en Jóhanna er í fullu starfi hjá Coast.

„Við höfum unnið voða mikið en þetta er búið að vera mjög gaman og við finnum að fólk er í jólaskapi," segir Jóhanna. Aðspurð hvort þær fái eitthvað almennilegt jólafrí svara þær: „Já já, á jóladag og annan í jólum."

En Jóhanna bætir við að hún sé nú nýkomin úr löngu fríi og finnist því í góðu lagi að vinna mikið. „Annars er ég svo heppin að ég þarf ekki að sjá um jólamatinn og slíkt," segir Ragnheiður.

ÚTIBÚSSTJÓRINN Guðrún Sigurlaug Ólafsdóttir, útibússtjóri Landsbankans í Smáralind, segir álagið í bankanum vera meira í janúar og febrúar en í desember.

Álagið eykst í janúar og febrúar

„Það myndast alltaf mjög skemmtileg stemning hér í húsinu í desember. Ég hef oft fundið meiri pirring í desember og mér hefur fundist fólk vera afslappaðra nú en í fyrra," segir Guðrún Sigurlaug Ólafsdóttir, útibússtjóri Landsbankans i Smáralind.
„Við höfum ekki opið lengur í desember en við lokum alltaf klukkan sjö á kvöldin. Við höfum því ekkert verið að vinna lengur í desember en auðvitað finnum við alveg fyrir jólunum. Við höfum hins vegar tekið inn afleysingafólk yfir jólin því starfsfólk okkar sem býr úti á landi fer heim til fjölskyldna sinna, auk þess sem við bætum alltaf við fólki hjá okkur milli jóla og nýárs og í byrjun janúar. Álagið er alltaf jafnt hjá mér, en ég finn kannski meira fyrir því í janúar og febrúar."

Örfáar klukkustundir til gjafakaupa

„Ég átti tvo frídaga í desember og skipulagði þá mjög vel. Fyrri daginn keypti ég þó aðeins tvær gjafir af þeim tíu sem ég ætlaði að kaupa. Seinni daginn var ég bíllaus heima hjá vinkonu minni þannig að ég hef aðeins þrjá klukkutíma aflögu fyrir jól," segir Dagný Ósk Ragnarsdóttir, sem starfar við upplýsingaborð Smáralindar um þessi jól. Hún var þó bjartsýn á að hún myndi ná að klára þetta. Hún hefur verið að vinna til klukkan ellefu á kvöldin og viðurkennir að vera orðin svolítið þreytt eftir að hafa unnið marga langa daga í röð. Hún segir að erillinn hafi verið mikill en stemningin hafi verið góð í desember.

Dagný Ósk Ragnarsdóttir starfar við upplýsingaborð Smáralindar og hún viðurkennir að vera orðin svolítið þreytt eftir að hafa staðið langar vaktir.

Gleðjumst saman!
nettó

Áttu von á gestum?

www.markhonnun.is

Þú finnur allt á veisluborðið í Nettó!

Fjölbreytileiki í kjöt- og vöruúrvali hefur aldrei verið meiri en nú.

nettó

Akureyri, Grindavík, Höfn, Kópavogi og Mjódd Reykjavík

KRÓNAN

fyrst og fremst fyrir jólin

30% afsláttur

1238 kr. kg

Hóla hamborgar-hryggur m/beini

30% afsláttur

1854 kr. kg

Hóla Hangilæri úrbeinað

30% afsláttur

1289 kr. kg

Hóla Hangiframpartur úrbeinaður

15% afsláttur

849 kr. kg

Móa veislufugl með fyllingu

JÓLIN KLÁRUÐ

25% afsláttur

899 kr. kg

Grísahryggur með pöru

10% afsláttur

1598 kr. kg

SS svínahamborgar-hryggur m/beini

15% afsláttur

589 kr. kg

Grísabógur hringskorinn

30% afsláttur

1189 kr. kg

Ali sænks jólaskinka úrbeinuð

KRÓNAN
fyrst og fremst ...

... fyrir jólin

Krónan Höfða
Bíldshöfði 20
110 Reykjavík
Opið 10-23

Krónan Granda
Fiskislóð 15-21
101 Reykjavík
Opið 10-23

Krónan Breiðholti
Jafnasel 2
109 Reykjavík
Opið 10-23

KRÓNAN

fullkomnar jólin

Í EINNI FERÐ....

...á verði fyrir þig!

Krónan Hafnarfirði
Hvaleyrarbraut 3
220 Hafnafjörður
Opið 10-23

Krónan Mosó
Háholt 13-15
270 Mosfellsbær
Opið 10-23

Krónan Akranesi
Dalbraut 1
300 Akranes
Opið 10-23

Krónan Vestmannaeyjum
Strandvegi 48
900 Vestmannaeyjum
Opið 11-22

Krónan Reyðarfirði
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður
Opið 11-23

SKELLT UPP ÚR Þegar jólasveinarnir brugðu á leik létu viðbrögðin ekki standa á sér og krakkarnir hrópuðu og kölluðu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn!

Börn á aldrinum fimm til átta ára skemmtu sér konunglega á jólaballi Ísaksskóla síðastliðinn fimmtudag. Augljóst er að mikill spenningur ríkti fyrir jólasveinunum Giljagaur og Skyrgámi sem dreifðu sælgætispokum og töluðu og sungu fyrir börnin. Eftirvæntingin og gleðin skein úr augum þessarra prúðbúnu nemenda.

JÓLABÖRN Stundum er hægt að gleyma sér í hugsunum um jóladýrðina sem er að ganga í garð.

BOÐIÐ UPP Í DANS Börnin, sem hafa verið í danskennslu í vetur, sýndu hvernig á að gera þetta.

SVONA GERUM VIÐ Er við þvoum okkar þvott...
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ENGLAKÓR Eldri börnin sungu jólasálma af hjartans innlifun og stundin var hátíðleg.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

OPIÐ Í DAG

FRÁ 10-19

OPIÐ Í DAG 10-19 • FJÖLDI SPENNANDI TILBOÐA
ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR GLEÐILEGRA JÓLA

Á TILBOÐI TIL JÓLA

TREND VÍRUSVÖRN
2.990
Trend Internet Security 2008

Á TILBOÐI TIL JÓLA

EINN SPINDILL Á MANN

25DVD DISKAR
990
Verbatim 16x DVD+R spindill

AÐEINS 50 STK

acer 5315

ACER FARTÖLVA
59.900
ÓTRÚLEGT AFMÆLISTILBOÐ

Á TILBOÐI TIL JÓLA

OCZ

1GB MINNI
1.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

Á TILBOÐI TIL JÓLA

AFMÆLIS TILBOÐ
VIÐ ERUM EINS ÁRS • FJÖLDI TILBOÐA

4BLS
Nýr glæsilegur 4bls bæklingur stútfullur af frábærum afmælis tilboðum

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

GLEÐILEG JÓL

Á TILBOÐI TIL JÓLA

Canon

iP4500 PRENTARI
9.990
MEST SELDI PRENTARI Á ÍSLANDI

OPNUNARTÍMAR
OPIÐ Í DAG
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
Lokað

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

BT

JÓLIN ERU Í BT

VERSLAÐU TIL MIÐNÆTTIS Í BT SKEIFUNNI

42 DVD DISKAR!!!

Glæsilegur pakki sem innheldur allar James Bond myndirnar í tveggja diska útgáfum og Póker sett.

BARA Í BT!!!!

42 DVD

29.999

BT LÁN

Verð frá: 1.838

24 mánaða

MESTA ÚRVALIÐ AF LEIKJUM!

MUNIÐ EFTIR AÐ ATHUGA ALDURSMERKINGAR Á TÖLVULEIKJUM 3+ 12+ 18+

MESTA ÚRVALIÐ AF DVD!

VINSÆLASTA TÓNLISTIN!



OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í BT SKEIFUNNI Í KVÖLD!!!!

BESTIR Í GJÖFUNUM!!!

Panasonic
NV-GS60EB-S
Panasonic tökuvél DV NVGS60ESB
30x Optical Zoom
Electric Image Stabilizer
Pure Colour Engine
Taska fylgir 108TBC5
1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
27.999
FYLGIR 4.999

1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
Panasonic
NV-GS230EB-S
3CCD Camera System
10x Optical Zoom
2.5" LCD skjár
Virkar sem vefmyndavél
Electric Image Stabilizer
Taska fylgir 108TBC5
39.999
FYLGIR 4.999

1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
Panasonic
PANASONIC CAMCORDER 30GB
SDR-H20EB-S
30GB Harður diskur 2.7
Mega O.I.S.
Anti Shock Shield
Colour Night View
Taska fylgir 108TBC5
49.999
FYLGIR 4.999

28MM LINSA!
1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
Panasonic
PANASONIC 7.2MP
DMC-FX30EB-S
24.999

12 MEGAPIXLAR!
Panasonic
PANASONIC
DMC-FX100
1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
39.999

1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
Panasonic
DMC-LS75EB-K
7.2 Megapixels
3x Optical Zoom
2.5 inch LCD Screen
Mega OIS (anti shake)
19.999
FYLGIR 3.999

SONY
DSCW80S
7,2 Megapixlar
BIONZ örgjörvi (ALPHA)
2,5" LCD skjár
Sjálfvirkt andlitsleitarkerfi
1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
24.999

SONY
DSCT70S
3x optical zoom
8.1 megapixels
Smile shutter function
1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
29.999
34.999

1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN
SAMSUNG
NV15
10.1 Megapixel
Schneider Lens
2.5" Skjár (230,000 pixel)
Multi-AF
Center AF
Face Recognition AF
29.999
FYLGIR 3.999
FYLGIR 4.999
Kaupauki fyrir NV15
1 gb sd kort
Samsung taska

Canon

Canon 400D
CANON400DBUNDLE
10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu.
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey

FYLGIR
18-55mm linsa
55-200mm linsa
batterígrip

NÝ SENDING!

1. GREIÐSLA 1. april 2008 BT LÁN

FYLGIR 1.999
129.999
BT LÁN
Verð frá: 3.691
59 mánaða

PRÓFAÐU FRAMKÖLLUN Í BT!

VELDU EINN AF ÞREMUR KAUPAUKUM MEÐ MYNDAVÉLINNI!

KAUPAUKI 1

Canon Pixma MP520
Prentari, skanni og ljósritunarvél
4800x1200dpi
14.999

KAUPAUKI 2



LACIE
301285E
LACIE 500GB BLACK
Geymdu afrit af öllum ljósmyndunum þínum fyrr og síðar á 500GB flakkara.
14.999

KAUPAUKI 3

case LOGIC
108SLRC3
MYNDAVÉLATASKA PROFESSIONAL
Myndavélin og linsurnar eru vel varðar í þessari vönduðu myndavélatsöku
14.999

AÐRAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 23:00 Í KVÖLD
ALLAR VERSLANIR BT OPNAR FRÁ 10-13 Á AÐFANGADAG

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið
Gleðileg jól!

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Árás á saklaust lyktarskyn

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR FÆR ALDREI BOÐ Í SKÖTUVEISLUR

Ég hef aldrei smakkað skötu og efast um að ég muni nokkurn tímann finna hjá mér þörf til þess að prófa hana. Þegar ég var lítil tíðkaðist að fara á Pizza Hut á Þorláksmessu í stað þess að fara í skötuveislu. Ég fann ekki einu sinni lyktina af skötu fyrr en ég var komin á unglingsár. Það er því alls ekki vinsælt hjá mér að fara á heimili eða vinnustaði þar sem skata hefur verið á boðstólum. Ég get eiginlega ekki einu sinni komið nálægt fólki sem hefur verið að borða skötu. Svo ógeðsleg finnst mér þessi lykt. Ég er þess vegna alveg sammála formanni Húseigendafélagsins – sem sagði hlutina einfaldlega eins og þeir eru í viðtali í vikunni. Skötustækja er lyktarmengun og árás á lyktarskyn saklausra manna. Það er ósköp skiljanlegt að fólk verði pirrað á nágrönnum sínum sjóði þeir skötu í næstu íbúð, svona rétt eftir að búið er að ljúka við jólahreingerninguna. Lyktin smýgur einhvern veginn um allt og sest í föt, fólk og húsgögn. Það eru þó svo sem margir hlutir sem þyrfti að taka á í fjölbýlishúsum áður en réttlætanlegt yrði að ráðast gegn skötusoðningu.

Þó að ég hafi aldrei fundið mig knúna til þess að viðhalda þessari Þorláksmessuhefð skil ég vel að annað fólk geri það. Svo lengi sem þessu er haldið frá mér er mér alveg sama. Hefðir eins og þessi eiga oft rétt á sér og eru skemmtilegar. Við gerum ekki alltaf nógu mikið af því að viðhalda gömlum hefðum. Jólin eru líka einn mesti tími hefða og venja, sem fólki þykir erfitt að breyta út af. Ég gæti til dæmis ekki hugsað mér að skipta út hamborgarhryggnum fyrir eitthvað annað, hvað þá að meðlætið, forrétturinn eða eftirrétturinn megi breytast.

Það er þó mikill munur á jólasteikinni og Þorláksmessuskötunni í mínum augum. Flestum þykir jólamaturinn, hver sem hann er, mjög góður. Ég á hins vegar mjög bágt með að trúa því að mörgum þyki skatan góð á bragðið.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

vodafone
Iceland Express
1011
vörður
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
EKKERT JÓLAFRÍ YFIR HÁTÍÐARNAR
NÝÁRSDAGUR
ARSENAL – WEST HAM
BOLTINN
Man. Utd. – Everton
Newcastle – Derby
Blackburn – Chelsea
West Ham – Reading
Sunderland – Man. Utd.
Portsmouth – Arsenal
Derby – Liverpool
Chelsea – Aston Villa
Tottenham – Fulham
Everton – Bolton
FIMMTUDAGUR 27. DESEMBER
Man. City – Blackburn
LAUGARDAGUR 29. DESEMBER
West Ham – Man. Utd.
Everton – Arsenal
Chelsea – Newcastle
Tottenham – Reading
Sunderland – Bolton
Portsmouth – Middlesbrough
SUNNUDAGUR 30. DESEMBER
Derby – Blackburn
Man. City – Liverpool
MÁNUDAGUR 1. JANÚAR
Fulham – Chelsea
Arsenal – West Ham
Aston Villa – Tottenham
Man. Utd. – Birmingham
Middlesbrough – Everton
Reading – Portsmouth
MIÐVIKUDAGUR 2. JANÚAR
Liverpool – Wigan
Newcastle – Man. City
Bolton – Derby
Blackburn – Sunderland
4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS
Guðni Bergsson og Heimir Karlsson standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.
TRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í JANÚAR OG FEBRÚAR.
sýn
enski boltinn

Hryllileg Þorláksmessa

Kvikmyndafyrirtækið ZikZak býður Íslendingum í alvöru hryllingsmyndabíó í dag í Regnboganum. Um er að ræða frumsýningu á stuttmyndinni Örstutt jól eftir Árna „súra“ Jónsson og hefjast sýningar klukkan 17 og standa yfir til klukkan tíu um kvöldið en aðgangur er ókeypis.

Örstutt jól segir frá hópi afvegaleidds ungs fólks sem heldur langt upp í sveit til að losa sig frá öllum sínum djöflum. Ungmennin eru undir dyggri leiðsögn meðferðarfulltrúa en þau komast fljótlega að raun um að það eru ekki bara þeirra persónulegu árar sem þau þurfa glíma við heldur eru utanaðkomandi öfl í engu sérstöku jólaskapi.

RAUÐ JÓL Íslendingar geta séð hryllingsstuttmyndina Örstutt jól frítt í Regnboganum í dag.

Einvalalið vann við þessa tíu mínútna blóðugu stuttmynd en með hlutverk meðferðarfulltrúans fer sjálfur framkvæmdastjóri SÁÁ, Ari Matthíasson. Meðal annarra sem koma við sögu eru Laufey Elíasdóttir, Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson. Við tökuvélina var Bergsteinn Björgólfsson, leikmyndina gerði Hálfdán Pedersen en um förðun sáu þau Stefán Jörgen og Ásta Hafþórsdóttir.

Spjallþáttastjórnendur brjóta gegn verkfallinu

Jon Stewart hefur bæst í hópinn með þeim spjallþáttastjórnendum sem ætla að snúa til baka á skjáinn þrátt fyrir verkfall handritshöfunda.

STENDUR MEÐ SÍNUM David Letterman er nokkuð sér á báti en það er hans eigið framleiðslufyrirtæki sem framleiðir þættina hans. Hann gæti því samið við handritshöfunda upp á sitt eindæmi.

Stewart og félagi hans, Stephen Colbert, ætla að mæta aftur til leiks hinn 7. janúar en án handritshöfunda. Í yfirlýsingu sem þeir gáfu í kjölfar þessara tíðinda segir að þeir hafi blendnar tilfinningar gagnvart þessu. „Við vildum gjarnan taka til starfa með handritateymi okkar en án þess getum við ekki tjáð okkur um nein blæbrigði sem eru eitthvað í líkingu við okkar blendnu tilfinningar,“ segir í yfirlýsingunni en bæði Stewart og Colbert eru hluti af samtökum handritshöfunda. Bæði Conan O‘Brian og Jay Leno hafa þegar lýst því yfir að þeir ætli að koma aftur í sjónvarpið strax eftir að nýtt ár er gengið í garð auk þess sem Jimmy Kimmel hyggst einnig blanda sér í baráttuna.

Samtök handritshöfunda hafa lýst yfir miklum vonbrigðum með þessa þróun mála og segja áhorfendur verða svikna. „Þeir fá ekki það sem þeir hafa alltaf fengið ef handritshöfundarnir eru víðs fjarri.“ Án nokkurs vafa verður þó forvitnilegt að sjá konung fimmaurabrandaranna, Jay Leno, standa á sviðinu og segja sína eigin brandara.

Samtök handritshöfunda munu síðar eiga fund með framleiðslufyrirtæki Davids Letterman, Worldwide Pants, en jafnvel er talið að þeir semji framhjá stóru sjónvarpsstöðvunum sem gerir það að verkum að Letterman verður eini spjallþáttastjórnandinn með handritshöfunda.

En það eru ekki bara spjallþáttastjórnendur sem eru í vandræðum því nýlega var tilkynnt að People‘s Choice-verðlaunaafhendingin hafi verið blásin af út af verkfallinu. Allt bendir til þess að Golden Globe fari sömu leið ef ekki tekst að semja og sjálfur Óskarinn gæti verið í hættu ef ekki tekst að höggva á hnútinn. Eina verðlaunahátíðin sem handritshöfundar koma nærri er afhending Spirit-verðlaunanna, sem veitt eru fyrir sjálfstæða kvikmyndagerð, af því að umsókn um undanþágu frá verkfallinu barst áður en verkfallið skall á.


SNÝR AFTUR Jon Stewart hefur ákveðið að snúa aftur á skjáinn strax eftir áramót.

ÁLITSHNEKKIR FYRIR LENO Margir telja að Leno bíði nokkurn álitshnekki eftir að hann lýsti því yfir að hann hygðist snúa aftur á skjáinn þrátt fyrir verkfallið.

Spil í mikilli sókn fyrir jólin

Spil eru vinsælli en oft áður að sögn Svanhildar Evu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Spilavina.

SPILASALA EYKST Svanhildur Eva Stefánsdóttir segir greinilegt að jólin í ár verði mikil spilajól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það virðist vera mikil vakning í gangi, og ég veit að heildsölurnar hafa hreinlega verið að tæmast," segir Svanhildur, sem telur langa jólahelgi mögulega ástæðu fyrir því. „Fólk sem kemur hingað er bæði að kaupa jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir, en líka að versla fyrir sjálft sig. Þetta verða greinilega mikil spilajól, enda er jólahelgin löng og góð og nægur tími til að setjast yfir spil," segir Svanhildur.

Verslunin Spilavinir opnaði á Langholtsvegi í október og býður upp á fjölbreitt úrval borðspila, púsluspila og spilastokka. Verslunin býður einnig upp á kennslu í spilum, og fólki gefst kostur á að prófa þau spil sem það hefur áhuga á. Svanhildur segir viðskiptavini hafa tekið þeirri nýjung afar vel, enda státar verslunin af um 200 spilatitlum, og því ekki við því að búast að fólk kunni þau öll frá upphafi til enda. „Það hefur kannski verið svolítið erfiðara síðustu vikur, enda mikill erill. En þetta hefur verið þannig að fólk sem þekkist ekki neitt sest hérna niður til að spila," útskýrir Svanhildur, sem segir ekki erfitt að nefna vinsælasta spilið í ár. „Það heitir Jungle Speed og er tiltölulega nýtt á Íslandi, þó að það hafi fengist áður," segir Svanhildur, sem segir spilið henta allri fjölskyldunni.

sunna@frettabladid.is

ARNOLD SCHWARZENEGGER Schwarzenegger fór með hlutverk stríðsmannsins ógurlega, Conan, í tveimur myndum.

Butler í stað Arnolds

Orðrómur er uppi um að Gerard Butler, sem lék í 300 og Bjólfskviðu eftir Sturlu Gunnarsson, ætli að endurtaka hlutverk Arnolds Schwarzenegger sem vöðvabúntið Conan.

Ný mynd um Conan ku vera í bígerð og er Butler þar efstur á blaði sem þessi kröftugi bardagahundur. John McTiernarn, sem leikstýrði Die Hard, er einnig sagður vera ofarlega á óskalistanum hjá framleiðendum. Tvær myndir um Conan komu út 1982 og 1984 með Schwarzenegger í aðalhlutverki auk þess sem sjónvarpsþættir um kappann voru sýndir á síðasta áratug.

Ferrell latur við áritanir

Tímaritið Autograph Magazine hefur titlað gamanleikarann Will Ferrell versta eiginhandaráritarann, en hann þykir víst latur við að verða við óskum aðdáenda um eiginhandaráritanir. Fast á hæla honum fylgja leikararnir Tobey Maguire og Joaquin Phoenix. Á tíu manna listann yfir verstu áritarana komast meðal annarra Julie Andrews, Bruce Willis og Teri Hatcher.

Leikarinn Johnny Depp þykir aftur á móti afar greiðvikinn í þessum efnum og trónir efst á lista bestu eiginhandaráritaranna. Honum fylgja svo leikararnir Matt Damon, George Clooney og Jack Nicholson.

> Ragna gaf úrslitaleikinn

Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir varð í öðru sæti á Hellas Vicor International-mótinu sem fram fór í Grikklandi en hún gaf úrslitaleikinn. Ragna ákvað í samráði við þjálfara sinn og sjúkraþjálfara að leika ekki úrslitaleikinn en verkir í vinstri fæti hafa verið að gera henni erfitt fyrir og var því ekki talið skynsamlegt fyrir Rögnu að spila. Engu að síður fær Ragna góð stig fyrir árangurinn á mótinu og hún ætti því að öllu óbreyttu að hækka á næsta heimslista sem er gefinn út 27. desember.

sport

sport@frettabladid.is

JÓNÍNA GUÐBJARTSDÓTTIR ÍSHOKKÍKONA ÁRSINS: HEFUR SPILAÐ ALLA ÍSHOKKÍLEIKI KVENNA Á ÍSLANDI

Þetta er ekki eins harkalegt og fólk heldur

Jónína Margrét Guðbjartsdóttir var valin íshokkíkona ársins af stjórn Íshokkísamband Íslands og er vel að titlinum komin. „Þetta er búið að vera mjög gott ár. Við erum búnar að vinna alla fimm leikina í vetur og stefnum á að vinna aftur titilinn," segir Jónína sem er einnig á fullu með landsliðinu og var aðstoðarfyrirliði þegar liðið tók þátt í heimsmeistaramóti kvenna í Rúmeníu í mars.

„Við gerðum okkur meiri vonir en þetta gekk upp og ofan. Við höfum æft betur en við gerðum í fyrra því núna vitum við hvað við þurfum að gera til þess að standa okkur betur. Við vitum að við þurfum að bæta bæði þol og tækni," segir Jónína en hvernig stóð á því að Jónína byrjaði í íshokkíinu.

„Mig vantaði íþróttagrein til að æfa á veturna. Ég fór í MA þegar ég var sextán ára. Ég er frá Blönduósi og æfði fótbolta þegar ég var yngri enda er þar ekkert íshokkí. Ég ákvað að skella mér og prófa íshokkí og eftir það var það bara aðalíþróttagreinin. Ég byrjaði sem markmaður en fannst ekki vera nógu mikið að gerast hjá mér og ákvað því að verða útispilari," segir Jónína sem blæs á þann orðróm að íshokkí sé of hættuleg íþrótt fyrir stelpur.

„Ég er búin að rifbeinsbrotna og ökklabrotna í fótbolta en í íshokkíinu þá fær maður aðallega bara marbletti. Þetta er ekki eins harkalegt og fólk heldur. Við erum líka mjög vel varðar," segir Jónína sem hefur spilað alla leiki sem spilaðir hafa verið á Íslandsmóti kvenna í íshokkí og unnið til sex Íslandsmeistaratitla með liði sínu SA. „Ég hef aldrei verið nálægt því að missa úr leik og hef yfirleitt spilað mjög mikið í hverjum leik. Ég segi bara að ég sé svona þrjósk því ég hef spilað í gegnum meiðsli og veikindi," segir Jónína sem á nóg eftir. „Ég held ég haldi þetta alveg út þangað til að ég fer að eignast börn. Ég ætla ekki að hætta nærri því strax. Það heillar mann rosalega mikið að hafa landsliðið og fá að fara út að spila eða fá lið hingað til Íslands."

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON Er farinn að spila á fullu með Gummersbach og skoraði sex mörk í gær.

Þýski handboltinn:

Jafntefli hjá Gummersbach

HANDBOLTI Alfreð Gíslason sótti ekki gull í greipar síns gamla liðs, Magdeburg, er Gummersbach heimsótti liðið í Börðelandhalle. Lokatölur urðu 31-31.

Róbert Gunnarsson skoraði sex mörk fyrir Gummersbach sem og Guðjón Valur Sigurðsson en tvö marka Guðjóns komu af vítalínunni.

Gott gengi Flensburg hélt áfram er liðið lagði Minden á útivelli, 24-33. Alexander Petersson skoraði þrjú mörk fyrir Flensburg en Einar Hólmgeirsson komst ekki á blað hjá Flensburg frekar en Einar Örn Jónsson hjá Minden.

Logi Geirsson var síðan ekki í leikmannahópi Lemgo sem gerði jafntefli við Nordhorn, 29-29.

- hbg

Bendtner afgreiddi Spurs

Daninn Nicklas Bendtner skoraði sigurmark Arsenal gegn Tottenham með sinni fyrstu snertingu eftir að hann kom inn á sem varamaður. Tottenham var sjálfu sér verst í leiknum og klúðraði vítaspyrnu í stöðunni 1-1.

FÓTBOLTI Topplið Arsenal í ensku úrvalsdeildinni hóf jólavertíðina með glans í gær er það lagði nágranna sína í Tottenham, 2-1. Það var Daninn Nicklas Bendtner sem skoraði sigurmark Arsenal með sinni fyrstu snertingu í leiknum er hann skallaði boltann í netið eftir hornspyrnu Fabregas. Emmanuel Adebayor kom Arsenal yfir í leiknum, einnig eftir sendingu Fabregas, en Dimitar Berbatov jafnaði með glæsilegu marki áður en Bendtner kláraði leikinn.

„Þetta var mjög erfiður leikur og sérstaklega var fyrri hálfleikurinn erfiður," sagði Adebayor eftir leikinn en fyrri hálfleikur var tíðindalítill og markalaus. Adebayor kom svo Arsenal yfir snemma í síðari hálfleik.

„Tottenham gerði vel í að jafna og koma sér aftur inn í leikinn. Við unnum samt og það er það eina sem skiptir máli. Þetta var baráttuleikur allt til enda og við sýndum áhorfendum hvað við getum lagt á okkur. Við munum fagna þessum sigri vel en verðum fljótir að ná okkur niður á jörðina enda stutt í næsta leik," sagði Adebayor.

Vendipunktur leiksins var þegar Manuel Almunia varð slaka vítaspyrnu Robbie Keane í stöðunni 1-1. Almunia sagðist hafa verið heppinn að verja. „Ég giskaði á hornið. Þetta er bara innsæi og ég var heppinn. Ég æfi ekki mikið að verja vítaspyrnur," sagði Almunia hæverskur.

Þetta var langt í frá auðveldur leikur fyrir Arsenal og stjóri þeirra, Arsene Wenger, játaði það.

„Þetta var erfitt. Mér fannst við vera flatir í fyrri hálfleik og nokkuð frá okkar besta en Tottenham spilaði vel. Mér fannst við síðan hafa algjöra yfirburði um leið og síðari hálfleikur hófst en við reyndum fullmikið að halda forskotinu eftir að Adebayor skoraði. Það fór síðan alveg með Spurs þegar Manuel varði vítið," sagði Wenger.

Gus Poyet, aðstoðarstjóri Spurs, var hissa á því að Keane skyldi klúðra vítinu enda góð vítaskytta. „Það áttu allir von á því að hann myndi skora. Því miður gerði hann það ekki en við áttum samt ekki von á að tapa þrátt fyrir það," sagði Poyet.

henry@frettabladid.is

BANEITRAÐUR DANI Nicklas Bendtner minnti enn og aftur á sig í gær með glæsilegu sigurmarki gegn Tottenham. Það skoraði hann með sinni fyrstu snertingu í leiknum. Bendtner fagnar marki sínu á stóru myndinni en hér fyrir neðan má sjá þegar hann skallar boltann framhjá Paul Robinson í marki Tottengham

NORDICPHOTOS/GETTY/AFP

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal - Tottenham 2-1
1-0 Emmanuel Adebayor (48.), 1-1 Dimitar Berbatov (66.), 2-1 Nicklas Bendtner (76.).

Liverpool - Portsmouth 4-1
1-0 Youssi Benayoun (13.), 2-0 Sylvain Distin, sjm (16.), 2-1 Benjani (57.), 3-1 Fernando Torres (67.), 4-1 Fernando Torres (85.).

Aston Villa - Man. City 1-1
0-1 Rolando Bianchi (11.), 1-1 John Carew (14.).

Middlesbrough - West Ham 1-2
1-0 David Wheater (40.), 1-1 Dean Ashton (44.), 1-2 Scott Parker (90.).

Bolton - Birmingham 3-0
1-0 El-Hadji Diouf (72.), 2-0 Nicolas Anelka (78.), 3-0 Nicolas Anelka (90.).

Reading - Sunderland 2-1
1-0 Ívar Ingimarsson (69.), 1-1 Michael Chopra, víti (82.), 2-1 Stephen Hunt (90.)

Fulham - Wigan 1-1
0-1 Marcus Bent (70.), 1-1 Clint Dempsey (78.).

STAÐAN:

Arsenal	**18**	**13**	**4**	**1**	**36-15**	**43**
Man. United	17	12	3	2	30-8	39
Chelsea	**17**	**10**	**4**	**3**	**24-10**	**34**
Man. City	18	10	4	4	25-20	34
Liverpool	**17**	**9**	**6**	**2**	**31-11**	**33**
Everton	17	9	3	5	31-16	30
Portsmouth	**18**	**8**	**6**	**4**	**29-19**	**30**
Aston Villa	18	8	5	5	29-21	29
Blackburn	**17**	**7**	**5**	**5**	**23-24**	**26**
West Ham	17	7	4	6	22-15	25
Newcastle	**17**	**7**	**4**	**6**	**24-26**	**25**
Reading	18	6	3	9	24-35	21
Tottenham	**18**	**4**	**6**	**8**	**30-31**	**18**
Bolton	18	4	5	9	21-27	17
Middlesbrough	**18**	**4**	**5**	**9**	**17-30**	**17**
Birmingham	18	4	3	11	18-30	15
Fulham	**18**	**2**	**8**	**8**	**19-29**	**13**
Sunderland	18	3	5	10	17-34	14
Wigan Athletic	**18**	**3**	**4**	**11**	**18-34**	**13**
Derby County	17	1	3	13	6-39	6

Helena Sverrisdóttir hjá TCU:

Með flest fráköst í tapi

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir var með flest fráköst á vellinum í 68-73 tapi TCU fyrir Houston.

Helena var með 5 stig, 10 fráköst og 2 stolna bolta á þeim 27 mínútum sem hún spilaði.

Helena er í fjórða sæti í stigum (7,8), öðru sæti í fráköstum (6,1) og í öðru sæti í stoðsendingum (2,8) hjá TCU í fyrstu tólf leikjum tímabilsins.

-óój

Skíðaferðir

Davos, svissnesku Alparnir

Innifalið: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4 stjörnu hótel með hálfu fæði.

23. feb.-1. mars

Verð á mann í tvíbýli

119.900 kr

Ischgl, austurrísku Alparnir

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4 stjörnu hótel með hálfu fæði.

26. jan.-2. feb.

9.000 kr. jólaafsláttur ef bókað er fyrir áramót.

Verð á mann í tvíbýli

119.900 kr

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Liverpool vann auðveldan sigur á Portsmouth og Reading lagði Sunderland:

Ívar skoraði í góðum sigri Reading

FÓTBOLTI Reading vann mikilvægan sigur á Sunderland, 2-1 á Madejski-vellinum í gær. Ívar Ingimarsson kom Reading yfir, Chopra jafnaði úr víti en Stephen Hunt skoraði sigurmarkið undir lokin.

Sex leikja sigurgöngu Portsmouth á útivelli lauk á Anfield í gær þegar leikmenn Liverpool voru búnir að pússa markaskóna sína á nýjan leik og skoruðu fjögur mörk gegn aðeins einu hjá Portsmouth.

Hermann Hreiðarsson var í liði Portsmouth en stjarna leiksins var Fernando Torres sem skoraði tvö mrök fyrir Liverpool.

„Þetta var frábær frammistaða hjá liðinu og þá sérstaklega í síðari hálfleik," sagði himinlifandi stjóri Liverpool, Rafael Benitez. „Liðið spilaði vel og skapaði mikið. Torres er alltaf ógnandi og býr til pláss fyrir aðra leikmenn. Hann fær einnig stuðning frá félögum sínum og með slíka samherja geta menn eins og Torres gert frábæra hluti," sagði Benitez sem vildi ekkert tala um möguleika Liverpool á að verða Englandsmeistari.

„Það er allt of snemmt að tala um titilinn eða hvort við verðum á meðal fjögurra efstu liða í lok leiktíðar. Það eru mörg lið um hituna í augnablikinu og mörg þeirra að spila vel þannig að ómögulegt er að segja hvaða lið verða á toppnum," sagði Benitez.

Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, var eðlilega æfur út í varnarleik sinna manna.

- hbg

MARKI FAGNAÐ Ívar Ingimarsson fagnaði marki sínu gegn Sunderland hreint ógurlega í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

JOE BOXER®
Kringlan • Smáralind

Flott retró útvarpstæki
Tækið er í svartlamíneruðum kassa.
Málin eru 22x12x12 sm. Hljóðið er rúnnað eins og hátalarinn og stöðvavalshnappurinn. Þú stingur tækinu í samband og þá geturðu hlustað á fréttir, tónlist og spjall.
2000 krónur.

Næmur lampi
Þú getur næstum því stýrt honum með hugarorku – nei, ekki alveg, en ein snerting dugir til að þú sjáir ljósið. Lampaljósið sko. 800 krónur.

Fjarstýrt tryllitæki
Hver segir að fjarstýrðu bílarnir þurfi endilega að vera einhverjir kappaksturbílar? Þessi Mini Cooper kemst jafnhratt og Formúlubílar – eða næstum því.
1600 krónur.

Fjarstýrður fákur
Sportbíll í stærðarhlutföllunum 1:20. Fæst í mismunandi litum svo að þú ættir að geta fundið eitthvað sem þér líkar. Bíllinn er 24 cm langur og kostar 800 krónur.

TIGER

Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

Eiður Smári vonast eftir jólagjöf frá Rijkaard

Eiður Smári Guðjohnsen hefur spilað í um 69 prósent af leiktímanum og aðeins Xavi hefur byrjað oftar í síðustu sjö leikjum Barcelona en menn bíða spenntir eftir því hvort hann fær að byrja inn á í el clásico í kvöld.

FÓTBOLTI Íslenskir knattspyrnuáhugamenn bíða spenntir í kvöld eftir því hvort Eiður Smári Guðjohnsen verður í byrjunarliðinu hjá Barcelona þegar liðið mætir Real Madrid í el clásico, öðrum stærsta leik tímabilsins á Spáni. Leikurinn fer fram á Nou Camp, hefst klukkan 18.00 að íslenskum tíma og verður í beinni útsendingu á Sýn.

Eiður Smári hefur byrjað tvo síðustu leiki og sex leiki af síðustu sjö og er í líklegu byrjunarliði hjá fjölmiðaspekúlöntum á Spáni.

„Það er öllum ljóst að allir leikmenn Barcelona gætu byrjað þennan leik. Það sem skiptir mestu máli er að við vinnum en ef ég fæ að spila, yrði það einn af hápunktum ferilsins og besta mögulega jólagjöf sem ég gæti fengið," sagði Eiður Smári í viðtali við spænska blaðið Mundo Deportivo.

Fréttablaðið skoðaði leiktíma leikmanna Barcelona-liðsins í undanförnum sjö leikjum Barcelona í deild, bikar og Meistaradeild og þar kemur í ljós að aðeins einn miðju- eða sóknarleikmaður liðsins hefur byrjað oftar en okkar maður og aðeins tveir af mönnum af miðju eða í sókn hafa verið lengur inn á vellinum en Íslendingurinn snjalli sem hefur enn einu sinni unnið sig í gegnum mótlæti og hrakspár eins og honum er einum lagið.

„Ég held að ég hafi náð að sýna mikinn karakter með því að snúa við blaðinu og ég er mjög sáttur við þá ákvörðun sem ég tók um að vera áfram hjá Barcelona og halda í mína trú á mínum hæfileikum," sagði Eiður Smári í viðtali við Fréttablaðið á útnefningu á knattspyrnufólki ársins.

Eiður Smári hefur sex sinnum byrjað inn á og leikið alls í 434 af 630 möguleg um mínútum í síðustu sjö leikjum Barcelona. Það er aðeins Xavi sem hefur byrjað alla leikina og spænsku landsliðsmennirnir Xavi (610 mínútur) og Andrés Iniesta (568 mínútur) eru þeir einu af miðju- og sóknarmönnum Barcelona-liðsins sem hafa verið meira inni á vellinum í undanförnum sjö leikjum.

Eiður Smári spilaði að sínu eign mati einn sinn besta leik í búningi Barcelona þegar hann skoraði eitt mark í 3-0 sigri á Valencia um síðustu helgi en hann kláraði þá allar 90 mínúturnar í fyrsta sinn í sex leikjum. Frammistaða hans í þeim leik jók stórlega á líkurnar að hann fái að byrja í kvöld.

Þetta verður þriðji el clásico sem Eiður Smári tekur þátt í fái hann að spila. Eiður var í byrjunarliðinu í fyrri leiknum á Bernabeu sem tapaðist 0-2 og kom inn á sem varamaður á 80. mínútu í 3-3 jafntefli liðanna á Nou Camp 19. mars síðastliðinn en Lionel Messi skoraði þrennu í þeim leik.

Það má finna ítarlega umfjöllun um leik Barcelona og Real Madrid á síðu 18 í Sportblaðinu í dag.

ooj@frettabladid.is

EINN AF HÁPUNKTUM FERILSINS
Eiður Smári Guðjohnsen byrjar líklega leikinn gegn Real Madrid í kvöld. Frammistaða hans í síðustu leikjum Barcelona hefur vakið mikla athygli á Spáni.
NORDICPHOTOR/GETTY

TÖLFRÆÐI ÚR SÍÐUSTU SJÖ LEIKJUM BARCELONA

Oftast í byrjunarliðinu af miðju- og sóknarmönnum

Xavi	7
Eiður Smári Guðjohnsen	6
Touré Yaya	5
Lionel Messi	5
Andrés Iniesta	5
Samuel Eto´o	3
Bojan Krkic	2
Ronaldinho	2
Giovani Dos Santos	2
Thierry Henry	2

Flestar mínútur spilaðar af miðju- og sóknarmönnum

Xavi	610
Andrés Iniesta	568
Eiður Smári Guðjohnsen	434
Touré Yaya	425
Lionel Messi	404
Bojan Krkic	315
Ronaldinho	236
Giovani Dos Santos	195
Samuel Eto´o	193
Thierry Henry	135
Deco	70

Flest mörk miðju- og sóknarmanna

Samuel Eto´o	3
Eiður Smári Guðjohnsen	2
Bojan Krkic	2
Lionel Messi	2
Andrés Iniesta	2
Ronaldinho	2
Xavi	1
Giovani Dos Santos	1
Thierry Henry	1

Leikmenn Landsbankadeildarliðanna vilja stofna hagsmunasamtök:

Leikmannasamtök í burðarliðnum

FÓTBOLTI Knattspyrnuumhverfið á Íslandi fer sífellt stækkandi, áhorfendum fjölgar, liðum fjölgar og peningarnir í boltanum verða einnig meiri með hverju árinu.

Það skýtur óneitanlega skökku við að enn hafi ekki verið stofnuð leikmannasamtök hér á landi líkt og tíðkast í öðrum löndum. Á því er þó að verða breyting því í burðarliðnum er að stofna leikmannasamtök hér á landi.

„Þetta er eitthvað sem menn hafa rætt sín á milli í talsvert langan tíma en það hefur vantað að gera eitthvað í málinum," sagði Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Íslandsmeistara Vals, við Fréttablaðið í gær en hann ásamt fyrirliðum annarra liða í Landsbankadeildinni stendur að stofnun samtakanna.

„Hugmyndin er að boða til fundar í upphafi næsta árs með leikmönnum. Við ætlum okkur að afla upplýsinga hjá kollegum okkar á Norðurlöndunum um hvernig þau starfa og vonandi verður hægt að koma þessu í gagnið í kjölfarið. Það er ekki spurning í mínum huga að þetta er eitthvað sem nauðsynlegt er að gera enda gætu samtökin tekið á ýmsum hagsmunamálum leikmanna og við viljum líka að rödd okkar heyrist oftar í hinum ýmsu málum er snerta boltann."

- hbg

SIGURBJÖRN HREIÐARSSON
Stendur að stofnun leikmannasamtaka í Landsbankadeildinni ásamt fyrirliðum annarra liða.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DISCOVERY 3 S Windsor
KR. 6.240.000

Windsor staðalbúnaður: 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response fjórhjólakerfi, hæðarstillanleg loftpúðarfjöðrun, sjö fullorðinssæti, Hljóðlát TDV6- 189 hestafla díselvél, hiti í fram- og aftursætum, hiti í framrúðu og rúðusprautu, skriðstillir o.fl.

Bíll á mynd: DISCOVERY 3 Windsor með G4 aukahlutapakka að verðmæti kr. 390.000.

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200

LAND ROVER

GO BEYOND

> Jennifer Lopez

„Mér finnst viturlegt að hlusta á ráðleggingar annara en þegar á hólminn er komið ert þú sá eini sem getur sagt hvað er réttast fyrir þig.“ Þessi heillaráð lét Jennifer Lopez eitt sinn hafa eftir sér en Lopez leikur í myndinni Maid in Manhattan sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

dagsk

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR RIFJAR UPP

Stórmyndir sem lifa í minningunni

Jólin koma, það sést á skjánum. Nú keppast allar stöðvar við að dæla út heitustu smellunum á hverju kvöldi. Hver stórmyndin á fætur annarri birtist áhorfendum enda þarf að laða fólk að skjánum til að réttlæta margar og dýrmætar auglýsingamínútur.

Í kvöld teflir Stöð 2 fram stórmyndinni Titanic eftir James Cameron frá 1997. Henni er lýst sem „Sögu um ást, hugrekki, trú og fórnir, en eins og flestir vita eru það þau Leonardo DiCaprio og Kate Winslet sem fara með aðalhlutverkin“. Myndin þykir ekkert slor enda hlaut hún ellefu Óskarsverðlaun á sínum tíma. Reyndar finnst mér ótrúlegt að tíu ár séu liðin frá því ég sá Titanic fyrst. Ég man hvað ég heillaðist, þetta var ein besta mynd allra tíma, þvílíkt drama, þvílíkur leikur, þvílík sviðsmynd og þrílíkar tæknibrellur. Ég skyldi ekkert hvað pabbi var að fara þegar hann tilkynnti um að honum hefði leiðst myndin, skásti hluti hennar hefði verið þegar fólkið var að drukkna í lokin og skipið brotnaði.

TITANIC Betri í minningunni.

Ég sá Titanic aftur fyrir nokkru. Sumar myndir eiga greinilega bara að lifa í minningunni. Titanic er ein af þeim. Allt í einu var DiCaprio heldur óspennandi mannkostur, heldur ræfilslegur og barnalegur og óskiljanlegt hvað Kate Winslet sá við hann. Eltingarleikur vonda kærastans um allt skipið á ögurstundu var einnig frekar vafasamur. Væri manni ekki eitthvað annað efst í huga en að ná sér niðri á kærustunni þegar maður lendir í lífsháska?

Í stuttu máli ætla ég ekki að horfa á Titanic í kvöld þó ég efist ekki um að margir aðrir muni gera það. Sjónvarpið um jólin heillar mig ekki enda búin að sjá flesta þá smelli sem í boði eru, og hef komist að niðurstöðu um að leyfa þessum stórmyndum að lifa bara í minningunni.

EKKI MISSA AF

▶ **11.50** **Man. Utd. - Everton** SÝN 2

▶ **18.30** **Ren & Stimpy** SIRKUS

▶ **19.05** **Jólaveisla Jamie Olivers** STÖÐ 2

▶ **20.00** **James Blunt í Kosovo** SKJÁREINN

▶ **21.15** **The Englishman Who Went Up a Hill but Came Down a Mountain** RÚV

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Róbert Bangsi, Kóala bræður, Landið mitt, Herkúles, Sígildar teiknimyndir, Fínni kostur, Fræknir ferðalangar, Sigga ligga lá og Konráð og Baldur

10.50 Váboði (8:13)

11.15 Tíska og tónar (Fashion Rocks)

12.30 Til bjargar heiminum

13.30 Ballaða Edvards Griegs

14.25 Roman Polanski

15.20 Heimilistónar í Ameríku

16.00 Sálin og Gospel

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Allt á hvolfi

18.00 Stundin okkar

18.25 Týndir tónar

18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Engin jól í bænum (A Town without Christmas) Bandarísk fjölskyldumynd.

▶**21.15 Sunnudagsbíó - Englendingur fór upp hæð og kom niður af fjalli** (The Englishman Who Went Up a Hill But Came Down a Mountain) Bresk bíómynd frá 1995. Þegar enskur kortagerðarmaður segir íbúum í velsku þorpi að fjallið þeirra sé bara hæð móðgast þeir og taka til sinna ráða. Meðal leikenda eru Hugh Grant.

22.50 Kvennahjal (Walking and Talking)

00.15 Þerna á Manhattan (Maid In Manhattan)

01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Man

08.00 Bride & Prejudice

10.00 Duplex

12.00 In Her Shoes

14.10 Bride & Prejudice

16.00 Duplex

18.00 In Her Shoes

20.10 The Man Spennandi gamanmynd með stórstjörnunni Samuel L. Jackson.

22.00 The Singing Detective Gamansöm söngvamynd með Mel Gibson og Robert Downey Jr.

00.00 21 Grams

02.00 Kill Bill

04.00 The Singing Detective

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney, Hlaupin, Addi Padd, Funky Walley, Fífí

08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

10.15 Jesús og Jósefína (23:24) (e)

10.35 Tracey McBean

10.45 Tutenstein

11.10 A.T.O.M.

11.35 Háheimar

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

12.45 Nágrannar

13.05 Nágrannar

13.25 Nágrannar

13.50 Nágrannar

14.15 Eldsnöggt með Jóa Fel (8:9)

14.50 Hot Properties (10:13)

15.15 Freddie (21:22)

15.40 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

▶**19.05 Jólaveisla Jamies Oliver** Sérstakur jólaþáttur með Jamie Oliver þar sem þessi geysivinsæli sjónvarpskokkur ætlar að sýna okkur hvaða kræsingar hann ætlar að bjóða fjölskyldu sinni upp á yfir jólahátíðina.

20.00 Home for the Holidays

21.45 Titanic Stórmynd James Camerons í öllu sínu veldi. Saga um ást, hugrekki, trú og fórnir sem hlaut alls 11 Óskarsverðlaun. Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Kate Winslet, Billy Zane. Leikstjóri: James Cameron. 1997. Leyfð öllum aldurshópum.

00.55 Crossing Jordan (6:17)

01.40 Ocean´s Twelve

03.45 Home for the Holidays

05.25 Hot Properties (10:13)

05.50 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

08.25 Spænski boltinn (Sevilla - Racing)

10.05 King of Clubs

10.35 King of Clubs

11.05 Heights of Passion (Erkifjendur)

12.00 Target World Challenge

14.20 Gillette World Sport 2007

14.50 Race of Champions 2007- Hápunktar

15.50 Atletico Madrid - Espanyol Spænski boltinn Bein útsending frá leik Atletico Madrid og Espanyol.

17.50 Barcelona - Real Madrid Spænski boltinn Bein útsending frá stórleik Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum.

19.55 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu

20.30 NFL - Upphitun

21.00 New England Patriots - Miami Dolphins NFL deildin Bein útsending frá leik New England Patriots og Miami Dolphins. New England eru ósigraðir enn sem komið er á meðan Miami vann sinn fyrsta leikur um síðustu helgi.

00.00 Barcelona - Real Madrid Spænski boltinn Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid.

SÝN 2

08.50 Aston Villa - Man. City

10.30 4 4 2

▶**11.50 Man. Utd. - Everton** Bein útsending frá leik Man. Utd og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

13.55 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Newcastle og Derby í ensku úrvalsdeildinni.

16.00 Blackburn - Chelsea Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Blackburn og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

18.05 Arsenal - Tottenham

19.50 Fulham - Wigan

21.35 4 4 2

23.00 Liverpool - Portsmouth

00.40 Middlesbrough - West Ham

SKJÁREINN

11.40 Vörutorg

12.40 World Cup of Pool 2007 (7:31) Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mætti 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið.

13.30 Dr. Phil (e)

15.00 Charmed (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 The Office (e)

18.35 7th Heaven

19.25 30 Rock (e)

▶**20.00 James Blunt. Return to Kosovo** Mögnuð heimildarmynd þar sem breska tónlistarmanninum James Blunt er fylgt eftir á ferðalagi til Kosovo þar sem hann var árið 1999 sem liðsforingi í skriðdrekasveit í frelsisher NATO. Blunt hefur heillað heimsbyggðina með ballöðum sínum og frægast er líklega lagið You're Beautiful sem skaut Blunt upp á stjörnuhimininn á ofurhraða. Þetta var tilfinningaþrungin heimsókn sem hvorki Blunt né aðdáendur hans munu gleyma í bráð. Hann hittir m.a. nokkra unga Albana sem túlkuðu fyrir hersveit hans í Kosovo. Blunt tekur einnig lagið fyrir friðargæsluliða og sýndar eru myndir sem hann tók sjálfur á meðan átökin stóðu sem hæst í Kosovo.

21.00 Wild Iris Sjónvarpsmynd frá árinu 2001 um stormasamt samband mægðna. Dóttirin verður að flytja inn til móður sinnar á ný eftir að eiginmaður hennar fremur sjálfsvíg. Laura Linney hlaut Emmy-verðlaunin fyrir frammistöðu sína í aðalhlutverki en móttleikkona hennar, Gena Rowlands, var einnig tilnefnd í sama flokki.

22.30 Alice Gamanmynd frá árinu 1990 úr smiðju Woodys Allen. Aðalhlutverkin leika Mia Farrow, Alec Baldwin, Blythe Danner, William Hurt, Joe Mantegna og Judy Davis.

00.10 C.S.I. New York (e)

01.10 C.S.I. Miami (e)

02.10 Backpackers (e)

02.35 Vörutorg

03.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

SÝN KL. 17.50

Barcelona - Real Madrid

Bein útsending frá stærsta leik ársins í spænska boltanum þegar stórliðin Real Madrid og Barcelona mætast. Þetta eru tvö sigursælustu lið spænskrar knattspyrnu og er óhætt að lofa hörkuleik. Real Madrid er núverandi meistari á Spáni og hafa liðsmenn Barcelona því fullan hug á að endurheimta titilinn frá þeim. Stóra spurningin verður sem endra nær hvort Eiður Smári Guðjohnsen verði í liði Börsunga en að undanförnu hefur hann fengið allmörg tækifæri til að láta ljós sitt skína.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Alice

Skjáreinn kl. 22.30

Frábær mynd frá Woody Allen sem fjallar um Alice Tate. Hún hefur verið gift í 16 ár en er heilluð af myndarlegum tónlistarmanni. Alice þjáist af bakverkjum og leitar til kínversks heilara sem kemst að því að verkirnir tengjast ekki bakinu heldur huganum og hjartanu, og upp frá því taka hlutirnir óvænta stefnu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Rás 1 um jólin
10.05 Veðurfregnir
10.15 Hátíð fer að höndum ein
11.00 Guðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Jólakveðjur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Jólakveðjur
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar og dánarfregnir
18.35 Jólakveðjur
20.00 Jólakveðjur
22.10 Veðurfregnir
22.15 Jólakveðjur
00.10 Jólakveðjur
01.00 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SKJÁR 1 SIRKUS

14.30 Hollyoaks
14.55 Hollyoaks
15.20 Hollyoaks
15.45 Hollyoaks
16.10 Hollyoaks
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Footballer´s Wives - Extra Time
17.40 Footballer´s Wives - Extra Time
18.05 The George Lopez Show (21:22)
▶**18.30 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
19.00 Sjáðu
19.25 American Dad 3 (e)
19.50 Jól hjá Janice Dickinson
20.30 The War at Home (5.22) (e)
20.55 The War at Home (6.22) (e)
21.15 Johnny Zero (7.13)
22.00 X-Files (e)
22.45 Footballer´s Wives - Extra Time
23.10 Footballer´s Wives - Extra Time
23.35 Hollywood Uncensored
00.05 Ren & Stimpy
00.30 Þristurinn
01.05 Þristurinn
01.40 Þristurinn
02.15 Þristurinn
02.50 Þristurinn
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.30 EastEnders **11.00** Dune **12.00** Monsters We Met **13.00** Coupling **13.30** Coupling **14.00** Coupling **14.30** Coupling **15.00** Doctor Who **16.00** What Not To Wear When You're A Plus One **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Steve Leonard's Search For The Loch Ness **19.00** Himalaya with Michael Palin **20.00** Blizzard - Race to the Pole **21.00** Trouble at the Top **22.00** Days that Shook the World **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Steve Leonard's Search For The Loch Ness **1.00** Himalaya with Michael Palin **2.00** Days that Shook the World **3.00** Blizzard - Race to the Pole

DR 1

11.10 Boxen **11.25** Mere om Emil fra Lønneberg **12.55** Gudstjeneste i DR Kirken **13.40** Asterix & Obelix i kamp mod Cæsar **15.25** Mickey Fejrer jul i Andeby **16.30** Jul i Svinget **17.00** Glædelig jul Mr. Bean **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.05** Øreræve i Namibias ørken **19.00** aHA Forbrydelsen **20.00** TV Avisen **20.15** Styrmand Karlsen **22.20** Opbrud og hjemkomst **23.50** Loreena McKennitt - En aften i Alhambra

NRK 1

9.55 V-cup hopp **11.45** Kven er Earnest? **13.15** Den store virkeligheten **13.25** Norge rundt **13.55** Julekonsert med Sissel og The Mormon Tabernacle Choir **14.55** Heldiggrisen Babe i byen **16.30** Åpen himmel: Engler i advent **17.00** Barnas superjul **17.30** Newton 1**8.00** Dagsrevyen **18.30** Nordkalotten 365: Et år på tur med Lars Monsen **19.00** Kvelden før kvelden **20.35** Extra-trekning **20.45** Lewis **22.20** Kveldsnytt **22.35** Keno **22.40** Johnny English **0.05** Usett:: Team Eckbo **0.35** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.45 Rea 1**2.25** Mitt i naturen **12.55** Toppform **13.25** Vrakletarna **13.55** Babben & co **14.55** Svensson, Svensson **15.25** Konsten att vara Mlabri **16.25** Muslim i Europa **16.55** Anslagstavlan **17.00** BoliBompa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Videokväll hos Luuk **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportnytt **19.40** Hard Talk **20.10** Måndag hela veckan **21.50** Rapport **22.00** Kobra **22.45** Ståupp **23.10** Centralskolan **23.15** Brottskod: Försvunnen

Brot af jóladagskrá Rásar 1 og 2

RÁS 1

Aðfangadagur kl. 17.00
Húmar að jólum - nýtt hljóðrit
Margrét Árnadóttir sellóleikari og Ástríður Alda Sigurðardóttir flytja þrjár sónötur eftir Johann Sebastian Bach í nýju hljóðriti Ríkisútvarpsins.



Aðfangadagur kl. 22:15
Jólaóratorían eftir Johann Sebastian Bach.
Nýleg hljóðritun á Jólaóratóríunni, BWV 248 eftir Johann Sebastian Bach verður flutt á aðfangadagskvöld.

Jóladagur kl. 13.00
Krakkar mínir, komið þið sæl! Jólasveinar í útvarpssal
Jólasveinninn í útvarpssal á fyrstu áratugum útvarpsins.

Jóladagur kl. 18.15
Snjókorn
Jólastund með hljómsveitinni Múm, Guðrúnu Evu Mínervudóttur og fleirum.

Annar í jólum kl. 15.00
Þjóðsöngvarinn
Þáttur í minningu Guðmundar Jónssonar söngvara.

RÁS 2

Þorláksmessa kl. 22:10
Mannakorn í beinni frá Græna hattinum
Árlegir Þorláksmessutónleikar Rásar 2 verða að þessu sinni sendir út í beinni útsendingu frá Græna Hattinum á Akureyri.

Aðfangadagur kl. 13:00
Jólagestir með Gesti Einari
Gestur Einar Jónasson leikur ljúfa jólatónlist og ræðir við Íslendinga sem eru búsettir, eða staddir, víðsvegar um heiminn yfir jólahátíðina.

Jóladagur kl. 19:30
Blíðar heilsanir:Eivör Pálsdóttir
Í þættinum segir Eivør frá lífi sínu og tónlist í Færeyjum, Íslandi og Danmörku.

Annar í jólum kl. 14.00
14. jólasveinninn – Mugison kemur til mannabyggða
Þáttur um ævi og störf tónlistarmannsins Mugison.

Annar í jólum kl. 16.05
Ný dönsk á tónleikum
Upptaka frá 20 ára afmælistónleikum sem hljómsveitin Ný Dönsk hélt í Borgarleikhúsinu 29. október s.l.

Nánari upplýsingar: www.ruv.is

BORÐAR ÞÚ SKÖTU?

„Nei, mér finnst þetta bara í einu orði sagt ógeðslegt. Ég skil ekkert í því að fólk skuli vera að borða svona skemmdan mat. Siðurinn sem slíkur er æðislegur en ég myndi bara vilja borða eitthvað annað.“

Helga Möller, söngkona

HIN HLIÐIN SVAVAR KNÚTUR KRISTINSSON SÖNGVARI HLJÓMSVEITARINNAR HRAUN

Óþolandi fólk sem heldur að list sé hobbý

Hvað er að frétta? Hraun hélt brjálaða jólatónleika þar sem við seldum plötuna okkar til styrktar Unicef.
Augnlitur: Brúnn.
Starf: Tónlistarmaður og forvarnaráðgjafi.
Fjölskylduhagir: Ég er pabbi hálfan mánuðinn.
Hvaðan ertu? Ég er Skagfirðingur, Vestfirðingur og frá Borgarfirði eystri.
Ertu hjátrúarfullur? Nei, en ég er með mikla þráhyggju. Allt þarf að vera symmetrískt. Ég reyndi að brjóta þetta upp með að vera alltaf í sitt hvorum sokknum en núna á ég bara jafn erfitt með að vera í samstæðum sokkum.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Scrubs og Næturvaktin.
Uppáhaldsmatur: Þessa daga er taílenskur matur í uppáhaldi.
Fallegasti staðurinn: Fljótin í Skagafirði.
iPod eða geislaspilari: iPod.
Hvað er skemmtilegast? Allt sem ég geri er skemmtilegt!
Hvað er leiðinlegast? Mér leiðist eiginlega aldrei. Ef ég er að gera eitthvað leiðinlegt hætti ég því bara.
Helsti veikleiki: Hvað ég á erfitt með að segja nei.
Helsti kostur: Ég er svo bjartsýnn.
Helsta afrek: Að ala upp dóttur mína í níu ár án þess að skemma hana varanlega, hún er frábær.
Mestu vonbrigðin: Hömluleysi Vesturlandabúa veldur mér vonbrigðum. Og að menn beri ekki meiri virðingu fyrir tilfinningunni reiði. Fólk öskrar á pitsusendilinn ef hann er seinn en er svo kannski alveg sama þegar mannréttindabrot eru framin.
Hver er draumurinn? Að geta lifað á listinni og ferðast um heiminn. Búa í sveit, semja tónlist og eiga fallega fjölskyldu.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Fyndni heillar mig ekki heldur húmor.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Fólk sem ber ekki virðingu fyrir listamönnum og heldur að list sé hobbý. Að skapa er ekki síður vinna en hvað annað. Þetta er oft sama fólkið og telur umhyggjustörf mega vera illa borguð því konum sé svo eðlislægt að annast aðra.
Hvað er mikilvægast? Að taka ábyrgð á því að vera manneskja.

Ertu í húsgagnaleit?
Opið í dag
frá kl.11-20
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Nýjar sendingar - Mikið úrval!



JÓN ÓSKAR: FRÆKIN RÚSSLANDSFÖR ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA

Rússnesk orða bjargar Jóni

Sex manna hópur íslenskra myndlistarmanna er nýlega kominn til landsins eftir ævintýralega og viðburðaríka för til Rússlands þar sem leiðangursmenn stofnuðu Íslendingafélag og voru sæmdir orðum – sem kom sér vel á heimleiðinni.

„Hvað var ég að gera úti í Rússlandi? Nú, bara að drekka vodka, taka við orðum og svona. Já og svo héldum við þarna sýningu og stofnuðum Íslendingafélag í Moskvu. Og svo lenti ég náttúrlega í grimmum tollvörðum,“ segir Jón Óskar myndlistarmaður sem er nýlega kominn til landsins eftir ævintýralega för til Rússlands.

Hópur íslenskra myndlistarmanna lagði nýverið land undir fót og fór til Rússlands í tíu daga ferð. Í hópnum voru sex manns, þau Jón Óskar og kona hans Hulda Hákon, Áslaug Thorlacíus, Finnur Arnar og mæðginin Ari Alexander Ergis Magnússon og Alexandra Argunova Kjuregei.

Jón Óskar er afskaplega ánægður með ferðina. Enda bar ýmislegt til tíðinda. Stofnun Íslendingafélags í Moskvu sætir óneitanlega tíðindum en tíu manna stofnfundur var haldinn með myndlistarmönnunum auk fjögurra sem búsettir eru þar í borg. Er Ingólfur Skúlason forsprakki félagsins. Til stóð að hópurinn myndi gista í sumarhúsi Stalíns en þegar til kastanna kom var hætt við það enda um of langan veg að fara. Þá hélt forseti Jakútíu hópnum heiðurssamsæti og þar var Jón Óskar sæmdur heiðursorðu sem átti eftir að koma sér vel.

„Af hverju? Nú, bara af því að ég er svo flottur gæi,” segir Jón Óskar sposkur en útskýrir að samsætið hafi ekki síst verið þannig til komið að forsetinn er vinur Kjuregei. Og allir í hópnum voru sæmdir orðu nema Kjuregei enda hún löngu orðin orðuhafi og ekki á það bætandi.

„Svo gerist það að þegar við erum á leiðinni úr landi þá er ég stoppaður við landamærin. Ég var með borvélar og eitthvað drasl sem gat allt eins litið út fyrir að vera usi-byssur. En þá ráku þeir augun í orðuna sem lá þarna efst í hrúgunni. Þá milduðust þeir mjög tollverðirnir, þeir eru greinilega mikið fyrir svona, struku orðunni og sögðu: Þetta er fallegt. Og slepptu mér í gegn,“ segir Jón Óskar.

jakob@frettabladid.is

JÓN OG HULDA MEÐ ORÐURNAR Í sérstöku samsæti sem forseti Jakútíu hélt hópnum voru leiðangursmenn sæmdir orðum.

HÓPURINN SAMAN KOMINN Íslensku myndlistarmennirnir gerðu góða ferð til Rússlands og stofnuðu meðal annars Íslendingafélag. Á myndina vantar Kjuregei.

MÆÐGIN Í GÓÐUM GÍR Ari Alexander og Kjuregei eru öllum hnútum kunnug í austurvegi.

ORÐAN OG VEGABRÉFIÐ Það reyndist Jóni Óskari til bjargar að orðan lá snyrtilega efst í töskunni.

300 erótískir jólabúningar seldir

Erótískir jólabúningar eru vinsælir í ár. Konur milli tvítugs og þrítugs sjá sjálfar um að kaupa sér slíkan búning en þær sem eldri eru neyðast til að treysta á hugmyndaauðgi eiginmannsins. Yfir þrjú hundruð jólabúningar hafa verið seldir í hjálpartækjabúðum á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum helst tekið eftir því að konur koma í byrjun desember og kaupa jólabúning, það er að segja undirföt, sokka, skó og hálsmenn til að gleðja eiginmanninn á aðventunni,“ segir Þorvaldur í hjálpartækjaversluninni Adam og Evu á Hverfisgötunni. „Verslunin pantaði hundrað svona búninga og eru yfir áttatíu þeirra seldir, bæði hér í Reykjavík og á Akureyri. Þetta verður uppselt fyrir þessi jól,“ segir Þorvaldur en búningurinn hans kostar tæpar átta þúsund krónur.

Jóhannes Harrysson í versluninni Rómantík á Hverfisgötunni tekur undir þessi orð en hann segist hafa selt vel yfir tvö hundruð erótíska jólabúninga og gæti tala þeirra því farið vel yfir þrjú hundruð fyrir jólin. Búningurinn hans kostar tæpar tvö þúsund krónur. „Í fyrra gáfum við þennan jólabúning þeim sem keyptu fyrir meira en sjö þúsund krónur en í ár hefur hann verið til sölu og við finnum fyrir miklum áhuga á þessu,“ segir Jóhannes.

- fgg

VINSÆLT Jólabúningar eru vinsælir um þessi jól og eru það konurnar sem kaupa svona til að koma eiginmanninum óvart.

MAX RAFTÆKI

Velkomin í Holtagarða og Kauptún

Jóla opnun MAX

Þorláksmessa kl. 10-23.
Aðfangadagur kl. 10-12.
Lokað er 25. og 26. des.
Opið 27. des. kl. 11-22.

Gleðileg Jól

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-22	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-22	Föstudaga	kl. 11-22
Miðvikudaga	kl. 11-22	Laugardaga	kl. 11-22
		Sunnudaga	kl. 12-22

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Vor Guð er borg á bjargi traust

Undanfarið hefur verið kvartað undan því að afhelgun samfélagsins sé skemmra á veg komin hérlendis en æskilegt væri. Umræðuefnið er brýnt og það ber að taka alvarlega. Auðvitað ætti hið opinbera ekki að gera upp á milli trúfélaga og óeðlilegt er að kvarta undan slíkum málflutningi. En hann tekur stundum á sig aðra mynd. Fólk fullyrðir jafnvel að trúarsannfæring sé lygi og hræsni, það lýgur hatrammri baráttu gegn menntun og vísindum upp á Þjóðkirkjuna og emjar síðan eins og stunginn grís þegar það er kallað hatrammt sjálft.

VOR Guð er borg á bjargi traust. Kjánar fá ekki kollvarpað henni. Þess vegna er rangt að stilla þeim upp sem erkifjendum Guðs kristni í heimi. Með því er þeim gert hærra undir höfði en þeir verðskulda, eins og beljaki gerir mýflugu þegar hann vælir undan biti hennar. Guðlastið er ekki annað en persónulegt tilbeiðsluform kjánanna á sínu eigin ágæti. Hinn raunverulegi óvinur kastar ekki skít í gremju, hann nagar undirstöðurnar.

ÓVINURINN er trúin sem er játuð í raun, ekki með munninum á tyllidögum, heldur í hjörtunum hvunndags og iðkuð með fótum og greiðslukortum. Óvinurinn er blygðunarlaus skurðgoðadýrkun. Andleg verðmæti eru heimfærð upp á dauða hluti. Eins og guð býr í tóteminu býr sjálfsvirðingin í jeppanum, frelsið í golfsettinu og sálarróin í mósaíklistaverkinu í jógasalnum í kjallaranum á glæsihúsinu sem ryðja þurfti ágætishúsi úr vegi til að rýma fyrir. Kaupmenn veigra sér ekki við því að auglýsa munaðarvarning að andvirði margra mánaðarlauna verkamanns sem gjafir í tilefni af fæðingu hans sem fæddist í fjárhúsi til að vera ofsóttur fyrir kærleikann. Hinir göfugu gefa ekki lengur ölmusu þannig að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir, heldur sem fermetrastórar ávísanir á síðum blaða, til að almenningur sjái gæsku þeirra og fyrirgefi þeim okrið og svindlið.

ÓVINURINN er ekki frjáls félagasamtök um kristilega breytni á forsendum annarra lífsskoðana en kristni, jafnvel þótt þær séu aðeins illa dulbúin trú á eigin mátt og megin. Óvinurinn er hve kristilegt siðgæði í verki er langt frá því að vera almennt.

GUÐ gefi ykkur öllum gleðileg jól.



GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 23. desember, 357. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.27	15.31
Akureyri	11.38	13.11	14.44

Heimild: Almanak Háskólans